# Bændablaðið

10. tölublað 2026 • Fimmtudagur 28. maí • Blað nr. 703 • 32 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: www.bbl.is

## Strok eldisfisks

Ómögulegt er að koma algjörlega í veg fyrir strok fisks úr landeldisstöðvum.

6



## Skaftfell

Bók um tilurðarsögu menningarmiðstöðvarinnar Skaftfells á Seyðisfirði er komin út.

34-35




## Rjúfum mynstrið!

Kvennaathvarfið í herferð með prjónahönnuði um að rjúfa mynstrið.

52





**SÓMI ER AÐ ÍSLENSKA HESTINUM Í Miðkoti í Landeyjum Rangárþings eystra stunda Ólafur Þórisson og kona hans, Sarah. M. Nielsen, hrossarækt. Ólafur er nýr formaður hrossaræktenda og í samtali við blaðamann sagði hann frá ósk sinni um samtal við stjórnvöld um markaðsverkefnið Horses of Iceland og nauðsyn þess að klára rannsóknir á sumarexemi sem staðið hafa yfir í 20 ár. Hann segir endapunktinn í sjónmáli en sölu og útflutning hafa liðið fyrir sumarexemið. Á beit eru hryssurnar Sóldís og Sólstjarna, dóttir hennar, ásamt folöldum sínum.** Mynd / Sarah M. Nielsen

## Starfsleyfi Ísteka umdeilt

**Þann 13. maí veitti Matvælastofnun Ísteka skilyrt starfsleyfi til blóðtöku úr fylfullum hryssum.**

Þetta er í fyrsta skipti sem starfsleyfið er byggt á reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni. Framkvæmdastjóri Ísteka segist algjörlega ósammála því að starfsgreinin eigi að starfa samkvæmt þessu regluverki, enda sé blóðtaka afurðaframleiðsla. Úr blóðinu er unnið hormón sem notað er í lyf sem stjórna frjósemi dýra.

Formaður Dýraverndarsambands Íslands segir blóðtöku hins vegar ekki landbúnaðarstarfsemi, heldur sé þetta lyfjaframleiðsla þar sem dýr eru notuð. Þetta sé því vísindastarfsemi og hin umdeilda reglugerð eigi við. Þessi afstaða er studd í starfsleyfinu sem Ísteka var afhent, en þar er bent á að reglugerð um vernd dýra nái yfir notkun dýra í þeim tilgangi að framleiða lyf, meðal annars til að stjórna lífeðlisfræðilegu ástandi dýra.

Matvælastofnun áskilur sér rétt til að endurskoða leyfið berist nýjar upplýsingar eða niðurstöður úr rannsóknum sem hafi áhrif á forsendur. Matvælaöryggisstofnun Evrópu vinnur núna að vísindalegum ráðleggingum um blóðtöku úr fylfullum hryssum sem yfirdýralæknir segir að stofnunin muni taka mark á. Niðurstöður úr þeirri vinnu eru væntanlegar á árinu. */ál*

*- Sjá nánar á síðum 10 og 12.*

# Alvarleg staða í túngrasatilraunum

**Undanfarin ár hafa talsverð umsvif verið í kornræktartilraunum í gegnum verkefni sem heitir Vala. Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, fagnar því að lögð sé áhersla á eflingu kornræktar, en bendir á að í nokkur ár hafi rannsóknir sem snúa að túngrösum og öðrum jarðræktarmálum alveg legið niðri.**

„Búskapur er heyskapur og það eru engar rannsóknir á túngrösum í gangi hérna á Íslandi," segir Hrannar í samtali. „Undirstaða íslensks landbúnaðar er gróffóðurrækt og á árum áður var aðaláherslan á rannsóknir á túngrösum.

Bændur hafa margoft lýst áhyggjum yfir stöðu mála við mig persónulega. Þá hafa sáðvörusalar og fagráð nautgriparæktar sent erindi á stjórnendur Landbúnaðarháskólans þar sem kallað er eftir rannsóknum á þessu sviði. Eins veit ég um eitt fyrirtæki sem selur fræ sem hefur sett sig í samband við ráðuneytið vegna þessa."

### Sáðvöruúrvali skipt út

„Staðan er orðin þannig að sáðvörusalar eru farnir að neyðast til að selja vörur sem hafa ekki verið prófaðar á Íslandi, sem er ekki góð staða. Aðrar norrænar þjóðir eru í yrkjaþróunum og skipta reglulega út sínu sáðvöruúrvali.

Þannig verður með tíð og tíma endurnýjun á öllu sáðvöruúrvali í Norður-Evrópu og við höfum ekki prófað neitt af því og höfum ekki hugmynd um hvernig yrkin standa sig á Íslandi. Þá þarf að selja bændum óprófuð yrki og ef þau spretta ekki neitt er það mjög dýr framkvæmd," segir Hrannar.

### Síðasta tilraun lögð út 2017

„Ein af ástæðunum fyrir því að við drekkum íslenska mjólk er vallarfoxgrasið. Þegar Íslendingar fluttust úr sveitum yfir á mölina var virkilega tvísýnt hvort við yrðum sjálfbær með mjólk. Við hefðum getað þróast í þá átt að þurfa að flytja inn mjólk eða farið sömu leið og Færeyingar sem fluttu inn nýtt kúakyn og flytja inn fóður. Þetta varð ekki raunin vegna þess að heyskapur og gróffóðurframleiðsla batnaði og nyt kúa jókst af því að bændur fengu aðgang að vallarfoxgrasi sem spratt vel.

Vallarfoxgras er undirstaða íslenskrar gróffóðuröflunar, en síðasta tilraun með þessa grastegund var lögð út árið 2017 og slegin síðast 2020. Undir öllum eðlilegum kringumstæðum ætti alltaf að vera að minnsta kosti ein eða einhverjar örfáar tilraunir í gangi hverju sinni, því það tekur tíma að setja tilraunir upp og nokkur ár að slá tilraunareitina til að fá niðurstöður," segir Hrannar. */ál*

*- Sjá nánar á síðu 8*

VÉLFANG CLAAS FENDT KUHN JCB Kverneland Schäffer STRAUTMANN



Íslensk kartöfluframleiðsla stendur á krossgötum og samkeppnisstöðuna þarf að bæta gagnvart innflutningi, segja kartöflubændur. Mynd / smh

# Kartöfluframleiðsla á krossgötum

## – Laga þarf samkeppnisstöðuna

**Samkeppnisstaða kartöflubænda hefur versnað mjög á undanförnum árum. Frá 2017 hefur heildarinnflutningur á ári aukist um 1.000 tonn, en innlend framleiðsla dregist saman um sama magn. Kartöflubændur skýra stöðuna þannig að lítill sem enginn hvati sé til að rækta kartöflur á Íslandi þar sem fáir stórir birgjar stýri þessum markaði.**

Jón Helgi Helgason, kartöflubóndi á Þórustöðum í Eyjafirði, segir nú stefna í að bændur þurfi að henda fleiri hundruð tonnum af íslenskum kartöflum frá síðasta hausti, þar sem ekki tekst að selja þær í vonlausri samkeppni við innflutninginn – sem hafi aldrei verið meiri. Haldi sama þróun áfram leggist íslensk kartöflurækt af.

### Nægar innlendar birgðir

Afar góð kartöfluuppskera var á síðasta ári upp úr íslenskum görðum og mikið magn er í geymslum bænda nú í byrjun sumars þegar nýtt ræktunartímabil er að hefjast. Vægi verndartolla fyrir innlendu framleiðsluna hefur rýrnað mjög frá ári til árs, þar sem þeir eru krónutölubundnir og halda ekki í við almenna verðlagsþróun. Auk þess er kartöfluinnflutningur tollfrjáls núna í júnímánuði og harðnar samkeppnin þá enn frekar.

Undanþágan fyrir innflutning á tollfrjálsum kartöflum í júnímánuði var lögfest á grunni samkomulags á milli Bændasamtaka Íslands og Félags atvinnurekenda og tók gildi árið 2021. Var þetta hugsað sem tímabundinn „tollgluggi“ sem næði yfir ýmislegt annað grænmeti þegar skortur væri á innlendri framleiðslu. Ljóst var af uppskerunni 2020 að mjög takmarkaðar birgðir yrðu í landinu af innlendum kartöflum árið 2021.

Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, segir að lagasetningin hafi byggt á samkomulagi við Félag atvinnurekenda um að aflétta tollum af innflutningi í einn mánuð vegna slæmrar birgðastöðu. „En eftir það höfum við sett okkur upp á móti þessu. Þetta er bráðabirgðaákvæði sem er endurskoðað á hverju ári og stjórnvöld hafa ekki sýnt því neinn áhuga að fella þetta út aftur, sama hvernig staðan er á markaði,“ segir hann.

### Samkeppnishæfari vara

Kartöflubændur þurfa ekki eingöngu að keppa um hillupláss̆ið í verslunum við innfluttar kartöflur, heldur einnig oft og tíðum við ferskari vöru en þeir geta sjálfir boðið upp á. Jón Helgi segir að því sé mikilvægt að meðhöndlun þeirra og geymsla sé eins og best verður á kosið, en þar sé víða talsvert svigrúm til úrbóta.

Stofnræktun á nokkrum íslenskum kartöfluyrkjum hefur lengi tíðkast á Íslandi, í því skyni aðallega að halda útsæðinu sjúkdómafríu. Á undanförnum árum hefur af ýmsum ástæðum ekki tekist að halda úti samfelldri stofnræktun, sem hefur leitt til þess að gæðin á íslensku kartöflunum hafa gefið eftir. Með aukinni stofnrækt segja bændur að hægt verði að framleiða fallegri vöru.

Að sögn Axels stendur stofnræktin nú á krossgötum og unnið sé að því að koma henni í framtíðarbúning. Í þeirri vinnu sé meðal annars horft til þess að taka ný norsk yrki inn í íslenska stofnrækt, gera yrkjaprófanir og koma á samstarfi við norskt fyrirtæki um að hýsa plönturæktunarhluta stofnræktunarinnar.

Gert er ráð fyrir því að nýr stofnræktandi komi inn í greinina í því skyni að gera ferla skilvirkari svo hægt verði að bjóða upp á samkeppnishæfa vöru. /smh

*- Sjá nánar á síðum 20-22.*




## Bændur í ylrækt:

# Sóknarfæri til aukinnar framleiðslu

**Ylræktarbændum hefur nú í tvígang verið úthlutað styrkjum úr Loftslags- og orkusjóði til orkusparandi verkefna í gróðurhúsum sínum sem að mestu hafa falist í uppsetningu á LED-ljósabúnaði sem getur dregið verulega úr raforkunotkun. Garðyrkjubændur telja að raunverulegur hvati hafi með þessu myndast til framleiðsluaukningar í greininni.**

Talið er að nýi ljósabúnaðurinn geti dregið úr raforkunotkun í gróðurhúsum um 40–60%, miðað notkunina á eldri ljósum. Í forsendum verkefnis var gert ráð fyrir að samanlagt væri hægt að ná fram raforkusparnaði sem nemur 17,8 gígavattstundum á ári. Það samsvarar árlegri raforkunotkun 3.900 heimila eða árlegri notkun 5.900 rafbíla.

### Garðyrkjubændur stækka stöðvarnar

„Styrkurinn sem garðyrkjubændur hafa fengið úr Orkusjóði hefur svo sannanlega nýst vel. Þeir sem hafa tekið niður gömul ljós og sett upp ný LED-ljós sjá mikinn mun á raforkunotkun en einnig eru bændur að sjá betri vöxt plantna og meiri uppskeru,“ segir Axel Sæland formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands.

„Við sjáum einnig að ráðuneytið er að greiða út hærri niðurgreiðslur í ár að dreifikostnað raforku en í fyrra á hvern mánuð sem bendir til að orkusparnaðurinn sé farinn að sjást vel. Þá eru garðyrkjubændur farnir af stað í að stækka sínar garðyrkjustöðvar. Fjárfestingin verður þó meiri þar sem LED-ljósin eru mun dýrari en á móti lækkar rekstrarkostnaðurinn og skilar sér frekar hratt til baka,“ bætir hann við.

Að sögn Axels er boðað frumvarp um lækkun dreifikostnaðar raforku í dreifbýli ekki komið fram og því erfitt að segja hvað það muni hafa í för með sér. „Við hjá Bændasamtökum Íslands fögnum því að það standi til að jafna þennan kostnað á milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Frumvarpið mun hafa mikil áhrif fyrir garðyrkjustöðvar sem eru í dreifbýli. Langmest af íslensku framleiðslunni er þó í þéttbýli, enda eru garðyrkjustöðvarnar í Laugarási, á Flúðum og í Reykholti skilgreindar í þéttbýli.“

### Getur lýst meira yfir vetrarmánuðina

Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir er í stjórn garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands og rekur Sólskins grænmeti, en undir því vörumerki ræktar hún margar tegundir grænmetis í gróðurhúsum og hefur verið að innleiða LED-ljósin í sínum húsum. Hún telur að almennt muni þessi kostnaðarlækkun á raforkunotkuninni leiða til þess að aukning verði í grænmetisframleiðslunni í gróðurhúsum.

Halla segir að hjá sér hátti þannig til að hún geti lýst meira yfir vetrarmánuðina sem hún gerir með því að blanda saman lýsingu gömlu lampanna og nýju ljósunum. „Ég reikna þannig með að fá aukin afköst á fermetra hjá mér. Við náum að stýra lýsingunni betur með þessum nýju ljósum en höfum ekki alveg



Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir er í stjórn garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands og rekur Sólskins grænmeti. Mynd / Aðsend

gert okkur grein fyrir því nákvæmlega hversu mikil aukningin geti orðið með þessum hætti. Þar sem sum gróðurhúsin er orðin gömul með lága lofthæð er ekki alveg ljóst hvernig birtan muni dreifast og LED-ljósin nýtast þar.

Lamparnir okkar eru á leið til landsins og verður komið fyrir á um sjö þúsund fermetrum í blandaðri lýsingu á móti þessum gömlu. Við verðum því í þessu í sumar að koma þessu fyrir og stilla af, svo þetta verði tilbúið fyrir veturinn.“

### Sótt fram til meiri framleiðslu

„Svo ætlum við að auka við húsakostinn líka, líklega í byrjun næsta árs, þar sem við munum verða með LED-lýsingu líka þannig að það er óhætt að segja að styrkirnir fyrir þessa LED-væðingu hafi verið góð innspýting inn í okkar rekstur og gefið möguleika á framleiðsluaukningu,“ heldur Halla áfram. „Hjá okkur gæti það orðið á bilinu 10-20 prósent á fermetra yfir dimmustu mánuðina í núverandi húsakosti, sem er talsverð aukning en veltur á okkur líka að ná að nýta tæknina sem best. Við gerum ráð fyrir að mesta aukningin verði í tómötum,“ segir Halla, en Sólskins grænmeti er meðal stærstu framleiðenda á smáum tómötum á Íslandi.

„Ég held að flestir sem eru að innleiða þessa lýsingu hjá sér sjái bæði fram á sparnað í raforkukostnaði auk þess sem hægt er að stýra plöntunum betur. Þær muni verða öflugri en áður þegar að við náum góðum tökum á því að stýra ljósunum. Mér sýnist því almennt að þetta muni leiða til þeirrar rekstrarlegu hagræðingar fyrir bændur til að geta sótt fram til meiri framleiðslu.“ /smh

# Sameining Lífeyrissjóðs bænda og Frjálsa lífeyrissjóðsins

## – Skerða þarf réttindi sjóðfélaga LSB

**Skrifað hefur verið undir samning um sameiningu Lífeyrissjóðs bænda (LSB) og Frjálsa lífeyrissjóðsins. Gert er ráð fyrir að með sameiningunni þurfi að skerða réttindi sjóðfélaga LSB.**

Að sögn Völu Valtýsdóttur, stjórnarformanns LSB, munu sjóðfélagar greiða atkvæði um sameininguna á ársfundi sjóðsins sem haldinn verður 19. júní. Verði sameiningin samþykkt verður sjóðnum slitið daginn eftir ársfundinn.

### Frjálsi yfirtekur réttindi og skyldur

Fyrirhuguð sameining grundvallast á mati tryggingastærðfræðings sjóðanna þar sem hún er talin jákvæð fyrir sjóðfélaga beggja sjóða.

Heildareignir sameinaðs sjóðs eru um 672 milljarðar króna miðað við stöðu eigna 30. apríl, þar af eignir Frjálsa um 626 milljarðar króna og eignir LSB um 46 milljarðar króna.

Með sameiningunni mun Frjálsi taka yfir öll réttindi og skyldur gagnvart sjóðfélögum Lífeyrissjóðs bænda en fyrst um sinn verður haldið utan um áunnin réttindi sjóðfélaga



Vala Valtýsdóttir, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs bænda. Mynd / Aðsend

Lífeyrissjóðs bænda í lokaðri tryggingadeild.

### Tveir kynningarfundir

Vala segir að fyrirhugað sé að halda tvo kynningarfundi fyrir sjóðfélaga dagana 4. og 5. júní. Fyrri fundurinn verði á Hvolsvelli og honum verður jafnframt streymt, en seinni fundurinn verður á Akureyri. Fundirnir verði jafnframt auglýstir í Bændablaðinu.

„Að okkar mati er nauðsynlegt að sameina sjóðinn öðrum stærri sjóði meðal annars til að lækka kostnað sem eðli málsins er hlutfallslega mun hærri í LSB en í sjóði eins og Frjálsa lífeyrissjóðnum. Þó er það þannig að vegna þessa þarf að skerða réttindi bænda um einhver prósent, en prósentutalan er ekki alveg klár eins og stendur. Það verður hins vegar ljóst fyrir framangreinda kynningarfundi,“ segir Vala.

### Skerða þarf réttindi

Vala bætir við að hvernig sem fari með atkvæðagreiðsluna þá sé ljóst að skerða þurfi réttindi. Ekki sé ljóst hver endanleg prósentutala verði, en gert sé ráð fyrir að það verði nálægt 3,5%. „Í raun verður staða sjóðsins verri með tímanum vegna smæðar sinnar og þess að aldur sjóðfélaga er hærri en í stærri sjóðum.

Það eru ekki margir ungir bændur sem kjósa að greiða í LSB enda er alltaf sami kostnaður sem alla jafna er í lífeyrissjóðum og þá hlutfallslega minni í stærri lífeyrissjóðum. Þannig teljum við að hagur sjóðfélaga verði bættari í stærri sjóði.“ /smh

**teno spin**®

Rúlluplastið sem bændur treysta

# Hágæða Tenospin rúlluplast

**Frí heimkeyrsla ef pantað er fyrir 10. júní.**

**Tenospin rúlluplast 750 mm x 25 µm x 1.500 m**

hvítt/grænt - 13.675 kr +vsk    svart - 13.575 kr +vsk

**Tenospin rúlluplast 750 mm x 25 µm x 1.700 m (án kassa)**

hvítt/grænt/svart - 15.175 kr +vsk

**Tenoplus rúlluplast 750 mm x 21µm x 1.900 m**

hvítt - 15.675 kr +vsk

**Sil-All 4x4+ FVA íblöndunarefni**

- 12.950 kr +vsk




**TenoBale compressor undirplast**

1400 x 0,020 x 1800 m

1400 x 0,017 x 2200 m

**Westfalia rúllunet**

123 x 3200 m og 130 x3000 m

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um alla vörulínuna á buvorur.is eða með að nota QR-kóðann

**Búvörur**

Fyrir Bú & Borg

Sláturfélag Suðurlands - Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070 - buvorur@ss.is - www.buvorur.is

# Áburðarsalar rólegir

**Samkvæmt svörum við fyrirspurnum sem sendar voru fyrirtækjum sem selja tilbúinn túnáburð og rúlluplast hafa allar pantanir borist til landsins og dreifing til bænda gengið vel.**

Mikið hefur verið rætt um yfirvofandi verðhækkun eða skort á túnáburði vegna lokunar Hormússunds, en áhrifanna er ekki farið að gæta hérlendis. Í svörum kom fram að fyrirtækin sem selja þessar vörur á Íslandi hafi fengið rétt magn af áburði á þeim tíma sem um var samið. Fyrirspurnir voru sendar á Búvís, Sláturfélag Suðurlands, Lífland, Fóðurblönduna og Skeljung.

Erlendu birgjarnir þurftu að hækka verð á einstaka áburðategundum, en áburðarsalarnir hérlendis höfðu færi á að taka kostnaðaraukann á sig þannig að kjör bænda héldust óbreytt. Eins hafi kostnaður við flutning á landi og sjó hækkað, en fyrirtækin ákveðið að láta það ekki hafa áhrif á verð sem bændur höfðu samið um.

Áburðarverðskrár fyrirtækjanna komu flestar út í kringum áramót eða snemma í vor. Samkvæmt svörum þeirra hafa engar breytingar orðið á áburðarverði frá þeim tíma,



**Á myndinni er Ingjaldur Ásmundsson úr Ferjunesi við útkeyrslu á áburði 2025.** Mynd / ál

en flest tala um að rúlluplast hafi ýmist hækkað eða fyrirséð sé að verð muni breytast þegar líður á sumarið. Birgðastaðan á óseldum áburði og rúlluplasti er samkvæmt fyrirtækjunum sambærileg og á sama tíma og síðastliðin vor.

Aðspurð um hvernig fyrirtækin meta horfurnar á heimsmarkaði miðað við samskipti þeirra við birgja erlendis eru þau öll sammála um að vegna stríðsátakanna við Hormússund sé verð á áburði og rúlluplasti í sögulegu hámarki. Dragist ástandið á langinn megi gera ráð fyrir að þessar vörur verði talsvert dýrari á næsta ári. */ál*

Ístex:

# Rekstrarerfiðleikar halda áfram

**Ístex getur ekki greitt bændum fyrir ullarinnlegg þeirra núna í júní, en býður þeim að umbreyta útistandandi kröfum í hlutafé í fyrirtækinu eða að þiggja vörur upp í skuldirnar.**

Ístex hefur glímt við mikinn rekstrarvanda á undanförnum misserum sem rekja má að stærstum hluta til verulegs samdráttar í sölu á vörum frá september 2024 til september 2025, sem nam 356 milljónum króna. Hluta vandans má einnig rekja til þess að ráðist var í miklar fjárfestingar á árunum 2023 og 2024 til að mæta þeirri sívaxandi eftirspurn sem var eftir vörum Ístex á þeim tíma.

### Reksturinn batnað

Á árinu 2025 náði fyrirtækið ekki að greiða bændum neitt vegna innleggs á því ári, en í byrjun þessa árs náðist að greiða tæplega helminginn af heildarskuldinni við bændur. Í nýlegu bréfi Sigurðar Sævars Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Ístex, til bænda segir að sölutregðan hefði haft veruleg áhrif á lausafjárstöðu fyrirtækisins. Vegna þess hafi félagið þurft að ýta skuldum til bænda, birgja og annarra aðila á undan sér.

„Rekstur félagsins hefur batnað frá því í haust, m.a. vegna sparnaðaraðgerða sem ráðist var í og að útflutningur hefur aukist í vetur.

Á móti kemur að sala til Norður-Ameríku er enn þá erfið og einnig er samdráttur í sölu á Lopa og ullarteppum til innlendra aðila sem selja til ferðafólks.

Því miður neyðumst við að tilkynna að Ístex hf. er ekki fært að inna af hendi hefðbundnar peningagreiðslur fyrir ullina að svo stöddu. Okkur þykir þetta miður, enda vitum við hversu mikilvægt þetta uppgjör er fyrir rekstur ykkar búa," segir í bréfinu.

### Hlutafé í Ístex

Ístex býður því bændum upp á tvo kosti. Annars vegar að umbreyta útistandandi kröfum að hluta eða öllu leyti í hlutafé í Ístex. Þetta sé hægt að gera með að hafa samband beint í gegnum netfangið istex.hf@istex.is eða í gegnum vefsíðuna Ullarmat.is. Hins vegar að taka við ákveðnum vörum félagsins, líkt og ullarteppum og ullarsængum.

„Við teljum að þessar leiðir gætu nýst bændum og hjálpað til á þessum erfiðu tímum. Við munum kynna framkvæmd þessara úrræða frekar í lok mánaðar.

Áfram verður unnið að eðlilegri fjármögnun og við gerum allt í okkar valdi til að styrkja stöðu Ístex og íslenskrar ullar á nýjan leik," segir enn fremur í bréfinu til bænda. */smh*





**Hermann Ingi Gunnarsson í Klauf.** Mynd / HKr.

# Útlit fyrir aukna kornrækt

## – Aðgerðaáætlun stjórnvalda virðist vera að virka

**Á síðasta ári studdu stjórnvöld í fyrsta skipti kornframleiðslu með beinum hætti á Íslandi, þegar greiddur var stuðningur á hvert framleitt kíló af þurrkuðu korni. Svo virðist sem stuðningsátak stjórnvalda hafi virkað sem skyldi og hafi verið næg hvatning fyrir kornbændur til að auka kornrækt sína nú í sumar.**

Greiddar voru 15 krónur á hvert framleitt kíló sem uppfyllir tilteknar gæðakröfur.

Stuðningurinn var hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda til eflingar á íslenskri kornrækt þar sem gert er ráð fyrir að verja um tveimur milljörðum króna til átaks í kornrækt á árunum 2024–2028. Framleiðslustuðningurinn fylgdi í kjölfar fjárfestingastuðnings í kornrækt sem er einnig liður í aðgerðaáætluninni og var fyrst úthlutað úr fyrir árið 2024.

### Í fyrsta sinn yfir 50% af þurrkuðu korni

Strax síðasta haust varð talsverð aukning í heildaruppskeru á þurrkuðu korni, en þá var tíðin líka hagstæð til kornræktar. Í byggræktun var ræktað á 3.333 hekturum á síðasta ári, sem er 216 hektara stækkun á ræktarlandi frá árinu á undan, en byggið er langumfangsmesta kornræktartegundin.

Í fyrsta sinn fór þá hlutfall þurrkaðs korn í heildaruppskeru kornbænda yfir 50%.

### Á von á frekari aukningu

Í Eyjafirði reis kornþurrkstöð sumarið 2024, með tvö þúsund tonna afkastagetu. Hermann Ingi Gunnarsson, kúa- og kornbóndi í Klauf, er í hópi nokkurra kornbænda sem standa saman að kornsamlaginu Kornskemmunni í tengslum við rekstur stöðvarinnar. „Það er svo sem lítið að gerast núna, enda verið kalt og mikill klaki í jörðu. Við náðum þó upp úr 10. maí að sá og við erum að bera áburð á núna, en ég held það sé óhætt að segja að við séum um hálfum mánuði eftir á með ræktunina þetta sumarið," segir Hermann þegar rætt var við hann 21. maí.


**Björgvin Þór Harðarson, korn- og svínabóndi í Laxárdal 2 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sáir korni í Gunnarsholti.** Mynd / smh

Hann segir að mikill hugur sé í eyfirskum kornbændum eftir gott ár í fyrra og það muni mikið um þennan stuðning stjórnvalda. „Þetta gekk allt saman mjög vel í fyrra, ánægja með stöðina og ræktunina. Maður heyrir á flestum að þeir séu að auka kornið. Það spilar inn í að það er til gríðarlega mikið af heyi og þess vegna er nærtækt að taka meira land undir kornið nú þegar þessi stuðningur er kominn. Svo skiptir miklu máli að þessi stöð sé komin upp með mikla afkastagetu og geymsluaðstöðu líka. Því styrkurinn takmarkast auðvitað við þurrkað korn. Ég á von á því að þetta muni aukast núna bara ár frá ári."

Hermann bætir við að fyrirhugað sé að reisa 500 tonna geymslusíló í sumar, en fyrir er eitt slíkt við stöðina og við þurrkun á korninu sé eingöngu notað heitt vatn úr nálægri borholu. Síðasta haust fóru um þúsund tonn í gegnum stöðina.

### Stuðningurinn forsenda framþróunar

Björgvin Þór Harðarson, korn- og svínabóndi í Laxárdal 2 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, var stórtækasti íslenski kornbóndinn á síðasta ári. Hann ætlar heldur að auka sína kornrækt og telur að það sé almennt upplegg annarra sunnlenskra kornbænda. „Stuðningurinn núna er forsenda þess að þetta þróist eitthvað áfram og bændur taki skref í átt að aukningu í þurrkun og sölu. Þetta tekur auðvitað tíma samt og það þarf strax að fara að huga að því að framlengja þetta átak því það þarf að vera fyrirsjáanleiki til staðar og meðan það er verið að byggja þetta upp."

Hann er í félagsskapnum Kornræktarfélag Suðurlands, en segir að sá félagsskapur verði ekki helgaður rekstri á þurrkstöð. „Vegalengdir á milli bænda eru hér svo miklar og ræktarlönd stór svo það er kannski ekki mjög hagkvæmt að reka saman miðlæga þurrkstöð á svo stóru svæði sem Suðurland er. Enda hafa bændur bara farið sjálfir út í það að reisa þurrkstöðvar og uppfæra þær sem fyrir eru og nokkrar slíkar eru slíkum fasa núna.

Kornfélag Suðurlands er þannig meira samfélagslegur vettvangur fyrir þá sem stunda kornrækt á Suðurlandi. Þar er upplýsingum og þekkingu miðlað á milli bænda með almennum félagsstörfum. Við höfum hins vegar rætt um að félagið gæti að einhverju leyti séð um gæðamat á korni og verðmyndun til að liðka fyrir sölunni," segir Björgvin. */smh*

# Erfitt að sætta ólík sjónarmið

**Verðmæti efnisins sem Ísteka vinnur úr blóði fylfullra hryssna veltir um tveimur milljörðum krónum árlega í útflutningstekjur.**

Mikið er í húfi fyrir fyrirtækið og búgreinin er drjúg fyrir bændur en greinin hefur sætt harðri gagnrýni vegna dýravelferðar. Starfsleyfi Ísteka var endurnýjað á dögunum og gildir til tveggja ára. Sótt var um leyfi fyrir blóðtöku úr 10.000 hryssum en var veitt fyrir 4.900 hryssum. Um 90 stóðbændur halda blóðmerar samkvæmt upplýsingum frá Ísteka.

Skiptar skoðanir eru á starfseminni meðal bænda og í samfélaginu. „Tekjur af blóðsölu úr meðalhryssu á árinu voru 128 þúsund krónur en sé eingöngu litið til úrvalsgóðu hryssnanna voru tekjurnar um 170 þúsund krónur á hvern grip. Uppgefnar tölur


**Hross í sveit. Myndin tengist fréttinni ekki beint.** Mynd / eks

eru án vsk.," segir í pistli Kristins Hugasonar, samskiptastjóra Ísteka, í Bændablaðinu á síðasta degi ársins 2025. Hærra verð er greitt fyrir blóð sem inniheldur meira af PMSG hormóninu sem nýtt er til vinnslu lokaafurðarinnar sem Ísteka flytur úr landi.

Eftirlit með blóðmerum og blóðtakan sjálf lúta ströngum reglum og þarf eftirlitsaðili að vera viðstaddur sérhverja blóðtöku en aukin skilyrði voru sett í nýútgefið starfsleyfi.

Ólafur Þórisson er formaður búgreinadeildar hrossaræktenda hjá Bændasamtökum Íslands. Aðspurður hvort hann sjái fyrir sér að hægt sé að sætta þessi ólíku sjónarmið segir Ólafur það verða rosalega erfitt en um leið nauðsynlegt. „Við erum með anga innan hestamennskunnar sem er afar illa við þetta. Það mikilvægasta er að hafa þetta undir miklu eftirliti, rannsaka áhrifin enn betur og hafa allt enn opnara." Ólafur ræðir þennan umdeilda anga hrossaræktar og fleira til í miðopnuviðtali blaðsins. */eks*

# TRAUSTUR FERÐAFÉLAGI

SUZUKI



## FJÓRHJÓL

**Suzuki KingQuad**
**verð frá: 2.290.000 kr,-**

Valmöguleikar:
- Traktorskráning
- Torfæruskráning



## BÁTAR

Stórt úrval báta,-
**Zodiac, AKA Marine**
**og Bombard.**

Við eigum lím, bætur,
hreinsi og bónvörur fyrir Zodiac.

## UTANBORÐS-MÓTORAR

Eigum til
utanborðsmótara frá
**2,5 til 300 hestöfl** á lager.

Kynntu þér verðlistann á heimasíðunni okkar: www.suzuki.is



## MÓTORHJÓL

Fyrir þá sem vilja
**þjóta og njóta.**

ZODIAC



SUZUKI HF.
SUZUKISPORT@SUZUKI.IS
SKEIFAN 17
S: 568 5100

**Bændablaðið**

**Ritstjóri:** Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Blaðamenn:** Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Edda Kristín Sigurjónsdóttir edda@bondi.is
Katrín Lilja Jónsdóttir katrinlilja@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is
Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
**Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
**Upplag:** 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

# Ráðherra mætti hlusta betur

Það skýtur skökku við að aldrei hafi verið meiri innflutningur á kartöflum en frá ágúst á síðasta ári til febrúar á þessu. Þetta gerist nefnilega í kjölfarið á mesta góðviðrissumri sem sögur fara af hér á landi 2025 og einstaklega góðri uppskeru á kartöflum. Í fréttaskýringu í blaðinu í dag kemur fram að 335 tonn af kartöflum hafi verið flutt inn þessa mánuði en á sama tímabili í fyrra hafi innflutningurinn numið 313 tonnum og árið 2023-2024 217 tonnum.

Vegna góðrar uppskeru í fyrra er enn til mikið af kartöflum í landinu og raunar liggur mikið magn óseldra íslenskra kartaflna undir skemmdum í geymslum kartöflubænda nú í byrjun sumars, eins og fram kom í grein Jóns Helga Helgasonar í síðasta blaði sem hélt því raunar fram að héldi sama þróun áfram myndi íslensk kartöflurækt leggjast af. Bændur segja enn fremur að þeir fáu og stóru birgjar sem stýri þessum markaði hafi ekki sýnt áhuga á að kaupa meira af þeim.

Innflutningur á kartöflum ber nú 60 króna magntoll á hvert kíló. Sú upphæð hefur staðið óbreytt frá árinu 2002 og er fyrir löngu hætt að bíta eins og innflutningstölurnar sýna. Stjórnvöld hafa ekki sýnt neinn áhuga á því að láta þessa upphæð fylgja verðlagsþróun.

Að auki var veitt undanþága fyrir innflutning á tollfrjálsum kartöflum í júnímánuði. Sú undanþága var lögfest á grunni samkomulags á milli Bændasamtaka Íslands og Félags atvinnurekenda árið 2021. Undanþágan var hugsuð sem tímabundinn „tollgluggi“ sem næði yfir ýmislegt annað grænmeti þegar skortur væri á innlendri framleiðslu eins og raunin var um kartöflur eftir sumarið 2020.

Í fréttaskýringunni er leitað svara hjá atvinnuvegaráðuneytinu við því hvort ráðherra hafi hug á því að grípa inn í þessi mál en í svarinu segir meðal annars „að þar sem allar ákvarðanir um breytingu á tollum þurfi að fara í gegnum Alþingi hafi atvinnuvegaráðherra ekki heimildir til að grípa inn í mál af þessum toga“. Og enn fremur segir þar: „Núgildandi fyrirkomulag um tímabil tollfrjáls innflutnings á grænmeti var lögfest með lögum 133/2021 og hefur síðan verið framlengt óbreytt árlega en það byggði á samkomulagi Bændasamtaka Íslands og Félags atvinnurekenda. Það gildir til ársloka 2026 og kemur án efa til skoðunar þingsins fyrir lok þessa árs.“

Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, bendir hins vegar á það í fréttaskýringunni að hið rétta sé að lagasetningin byggði á samkomulagi við Félag atvinnurekenda um að aflétta tollum af innflutningi í einn mánuð vegna slæmrar birgðastöðu. „En eftir það höfum við sett okkur upp á móti þessu. Þetta er bráðabirgðaákvæði sem er endurskoðað á hverju ári og stjórnvöld hafa ekki sýnt því neinn áhuga á að fella þetta út aftur, sama hvernig staðan er á markaði,“ segir Axel.

Þess má geta að framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands benti einmitt á þessa góðu birgðastöðu hjá kartöflubændum hér í blaðinu í desember á síðasta ári þegar umrætt bráðabirgðaákvæði í búvörulögunum var til meðferðar í þinginu. Ekki var tekið mark á ábendingunni og undanþágan var framlengd með þeim afleiðingum fyrir íslenska kartöflubændur sem hér hafa verið gerðar að umræðuefni.

Íslensk stjórnvöld þurfa að vanda sig meira. Þau þurfa að hlusta betur. Ef þau vilja ekki hlusta á bændur þá þurfa þau að útskýra fyrir þeim og neytendum hvers vegna þeirra hagsmunum sé betur borgið með því að flytja inn í landið æ meira af landbúnaðarafurðum. Það er eiginlega lágmarkskrafa að frá ráðherra berist ekki útúrsnúningar og undanbrögð þegar farið er fram á skýr svör, stefnu og aðgerðir.

*Þröstur Helgason*




Landeldi:

# Ómögulegt að koma algjörlega í veg fyrir strok

**Fréttaljós** | Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

**Karl Steinar Óskarsson, deildarstjóri hjá fiskeldisdeild Matvælastofnunar (MAST), segist skilja af hverju almenningur verður hissa þegar fréttir berast af stroki eldisfisks úr landeldisstöðvum sem oft er talað um sem lokuð kerfi.**

„Fólk þarf hins vegar að átta sig á því að þessar fiskeldisstöðvar taka inn mikið vatn sem þær þurfa að skila út aftur,“ segir Karl. „Það er engin landeldisstöð þannig að það fari engin fráveita frá þeim út í sjó eða vatn. Því er alltaf möguleiki á því að fiskur geti strokið, en til þess að það geti orðið þurfa að koma til mannleg mistök eða bilun.

Í lögum eru kröfur um að landeldisstöðvarnar komi sér upp tvöföldum vörnum gegn stroki. Þá er gert ráð fyrir vörnum við kerin og öðrum vörnum í fráveitunni. Í flestum tilfellum eru þetta sigti eða net sem eiga að grípa minnstu fiskana í kerinu hverju sinni. Margar landeldisstöðvar eru með svokallaður tromlusíur til að taka fóðurleifar og skít úr fráveitunni. Ef þær bila eða það þarf að slökkva á þeim vegna viðhalds þarf að vera aukavörn í fráflæðinu.

Eldri stöðvar eru margar með svokallaðar settjarnir til að grípa set og fóðurleifar og er krafa um að þar séu jafnframt varnir gegn stroki. Nýlega var tilkynnt um að fiskur hefði sloppið út í settjörn í fiskeldisstöð fyrir norðan, en vegna þess að þar eru svo góðar strokvarnir tel ég nánast útilokað að fiskurinn hafi komist eitthvað lengra,“ segir Karl. Hann bendir á að áður fyrr hafi verið talað um slysasleppingar, en eftir að orðafarinu var breytt í lögum tali MAST alltaf um strok í þessu samhengi.



**Í flestum tilfellum þar sem fiskur hefur sloppið úr landeldi er talin afar lítil hætta á að hann valdi umhverfinu skaða. Matvælastofnun rannsakar hvert tilvik til þess að hægt sé að læra af mistökunum og koma í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig. Meðfylgjandi mynd er tekin í seiðaeldi Laxeyjar í Vestmannaeyjum.** Mynd / ál

### Mismikil áhætta fyrir umhverfið

Samkvæmt Karli geta margar ástæður legið að bakið því að fiskur sleppur úr landeldi. Aðspurður segir hann að mannleg mistök geti birst í því að starfsmaður opnar fyrir ranga lögn þegar fiski er dælt milli húsa. Hvað bilun varðar geta ristar bognað eða brotnað vegna álags eða slits. Eitt umfangsmesta strokið varð þegar seiðum var dælt úr landeldisstöð í skip sem átti að flytja þau í sjókvíar. Þar var barki sem gaf sig og mörg þúsund sjógönguhæf seiði fóru í hafið.

Karl segir að stofnunin líti alvarlegum augum á hvert atvik þar sem fiskur strjúka úr eldi. Áhættan fyrir umhverfið er samt ekki alltaf mjög mikil og nefnir hann í því samhengi að bleikja sem sleppur úr ferskvatni er mjög líkleg til að drepast þegar hún fer í fullsaltan sjó. Eins eigi yngstu laxaseiðin erfitt með að lifa af strok.

„Aftur á móti ef laxaseiðin eru orðin sjógöngufær geta þau komið sér í burtu, en þau þurfa að ná kynþroska til að valda skaða. Að okkar mati er mesta áhættan ef fiskur sem er nálægt því að verða kynþroska sleppur. Ég man ekki til þess að fullorðinn fiskur hafi sloppið úr landeldi, en það hefur oft gerst í sjókvíaeldi. Okkar reynsla er sú að fiskurinn er ekki markvisst að reyna að strjúka, enda fær hann mat í fiskeldinu. Ef hann er hins vegar orðinn kynþroska og er í sjóvatni þá er alveg klárt mál að hann leitar leiða til að komast að hann komist í ferskvatn. Eins eru kynþroska hængar ekki félagslyndir,“ segir Karl.

> „Að okkar mati er mesta áhættan ef fiskur sem er nálægt því að verða kynþroska sleppur ...

### Skylda að tilkynna strok

„Öllum fyrirtækjum ber að tilkynna strok verði þess vart og er okkar hlutverk að rannsaka hvað fór úrskeiðis. Hluti af þeirri rannsókn er að fara í gegnum viðbragðið og kanna hvort starfsfólk hafi verið þjálfað eins og lög gera ráð fyrir. Þetta er ekki endilega til þess að finna sökudólga, heldur til þess að hægt sé að læra af reynslunni og miðla til annarra fyrirtækja. Við gerum þá kröfu að fyrirtæki tryggi með úrbótum að svona atvik geti ekki endurtekið sig. Með réttum vinnubrögðum er hægt að lágmarka áhættuna mjög mikið, en það er hins vegar ómögulegt að fullyrða að fiskur geti aldrei strokið.

Hjá fyrirtækjunum er ákveðin viðbragðsáætlun sem á að fara í gang þegar fiskur sleppur, og partur af því er að reyna að endurheimta eins og hægt er með netum eða háfum. Eins þarf að tryggja búnað og loka öllum mögulegum leiðum út úr stöðinni til að koma í veg fyrir frekara strok. Þá eiga fyrirtækin að tilkynna okkur hjá MAST um strok, ásamt Fiskistofu, nærliggjandi sveitarfélögum og veiðifélögum.

Samkvæmt lögunum sem eru í gildi í dag er ekki hægt að sekta fyrirtækin fyrir að missa fisk, en það er hægt að beita sektum ef þau tilkynna ekki um strok.

Ef eitthvað er að í verklagi eða búnaði og við förum fram á úrbætur sem eru ekki framkvæmdar þá getum við eftir ákveðið ferli lagt á dagsektir, eða látið framkvæma úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa,“ segir Karl.



Í garði Claude Monets í bænum Giverny í Normandí, um það bil klukkutíma akstursfjarlægð frá París. Í þessum garði málaði Monet verk sín af vatnaliljum. Verkin voru máluð á þrjátíu ára tímabili (1897-1926) og að endingu urðu þau um það bil 250 að tölu. Mynd / ÞH

# Matvælaframleiðsla í skugga síaukins kostnaðar

**Vinkill** | Margrét Gísladóttir
margret@safl.is

Á undanförnum árum hefur ítrekað verið gripið til umfangsmikilla „björgunarpakka" innan ESB til að verja atvinnulíf, orkuöryggi og matvælaframleiðslu gegn margvíslegum áföllum á alþjóðavettvangi. Fyrst kom tímabundið ríkisaðstoðarkerfi vegna Covid-19 og síðan sérstakur stuðningur vegna innrásar Rússlands í Úkraínu. Aðildarríki ESB nýttu þessi úrræði í ríkum mæli til að verja eigin framleiðslugetu, styðja innlend fyrirtæki og tryggja fæðuöryggi.

Nú hefur framkvæmdastjórn ESB kynnt nýjan björgunarpakka, svokallað METSAF (Middle East crisis Temporary State Aid Framework), vegna þeirrar orkukrísu sem skapast hefur í kjölfar átakanna í Mið-Austurlöndum og lokunar Hormússunds. Gert er ráð fyrir að átökin muni leiða til verulegra hækkana á orkuverði, flutningskostnaði og ekki síst áburði, sem er eitt mikilvægasta aðfang landbúnaðar í Evrópu.

METSAF hefur þegar tekið gildi og mun vara út þetta ár. Um er að ræða heimild aðildarríkja til að styrkja atvinnugreinar sem verða fyrir miklum kostnaðarhækkunum, þar á meðal landbúnað. Gert er ráð fyrir að ríki geti bætt allt að 70% af hækkunum á eldsneytis- og áburðarkostnaði sem rekja má til átakanna. Í METSAF felst því skýr pólitísk yfirlýsing um að matvælaframleiðsla sé mikilvægur hluti af öryggi og viðnámsþrótti Evrópu.

### Íþyngjandi regluverk eykur kostnað enn frekar

Kostnaðarþrýstingurinn á landbúnað er þó ekki aðeins tilkominn vegna tímabundinna stríðsátaka. Regluverk þyngist og eykur kostnað – að því er virðist með hverjum deginum. Má þar nefna hið svokallaða CBAM-kerfi (Carbon Border Adjustment Mechanism) ESB, kolefnisjöfnunarkerfi á innflutning, sem nær meðal annars til áburðarframleiðslu. Markmið CBAM er að koma í veg fyrir að kolefnisfrek framleiðsla flytjist frá Evrópu, en áhrifin verða einnig þau að verð á áburði og öðrum orkufrekum aðföngum mun hækka og að öllum líkindum haldast hátt til lengri tíma.

### Langtímabreytingar kalla á aukna seiglu

Ísland er ekki aðildarríki ESB og hefur því verulegt svigrúm til að móta eigin ríkisstyrkjakerfi og stuðningsaðgerðir á sviði landbúnaðar. Íslenskur landbúnaður er mjög háður innfluttum aðföngum á borð við áburð, eldsneyti og fóður og hækkanir á heimsmarkaðsverði skila sér því beint inn í rekstur bænda og matvælafyrirtækja hérlendis. Á meðan Evrópuríki markvisst styrkja viðnámsþrótt sinna matvælakerfa hefur enn ekki komið fram skýr afstaða íslenskra stjórnvalda til þess hvernig við ætlum að tryggja samkeppnishæfni okkar og fæðuöryggi til lengri tíma. Íslensk stjórnvöld hafa vissulega gripið til þeirrar aðgerðar að lækka tímabundið virðisaukaskatt á eldsneyti til að milda áhrif hækkandi orkukostnaðar, en hins vegar hefur ekkert enn komið fram um hvernig – eða jafnvel hvort – verja eigi innlenda matvælaframleiðslu gagnvart þeim langtímabreytingum sem nú eru að verða á orku- og aðfangamörkuðum.

Á sama tíma hafa Norðmenn tekið mið af hækkandi aðfangakostnaði og lagt aukna áherslu á fæðuöryggi í sínum búvörusamningum og landbúnaðarstefnu. Þar ríkir skýr skilningur á því að ef rekstrargrundvöllur bænda veikist, þá sé það ógn við fæðuöryggi þjóðarinnar. Má sjá skýr merki um það í nýjum búvörusamningum í Noregi fyrir árið 2026 sem kynntir voru 16. maí síðastliðinn.

Spurningin sem íslensk stjórnvöld þurfa nú að svara er því hvort matvælaframleiðsla sé einfaldlega venjuleg atvinnugrein eða hluti af þjóðaröryggi landsins. ESB og Noregur hafa þegar svarað þeirri spurningu skýrt. Þar er verið að byggja upp langtímaviðbrögð við nýjum veruleika þar sem aðföng verða dýrari, orkukostnaður sveiflukenndari og fæðuöryggi sífellt mikilvægara. Ísland má ekki dragast aftur úr í þeirri umræðu.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.*

# Jarmað, hneggjað, baulað ...

Á Ítalíu hafa þau mafíuna. Við höfum kynnst henni í gegnum Al Pacino og Robert De Niro. Í Noregi höfum við NorgesGruppen, Rema og Coop. Enginn hefur gert bíómyndir um þau.

Svona hefst grein eftir norska pistlahöfundinn Monu Stenseth í Telemarksavisa (ta.no). Pistillinn fjallar um þrjú stærstu fyrirtækin á norska dagvörumarkaðnum sem nefnd eru hér að ofan. Stenseth segir að starfsemi þeirra sé að sjálfsögðu ekki alveg sambærileg. „Mafían stundar skipulagða glæpastarfssemi handan laga og reglna. En norski dagvörumarkaðurinn fær beinlínis leyfi til að starfa eins og hann gerir."

Stenseth er þetta gjörsamlega óskiljanlegt. „Við erum eitt ríkasta land í heimi en höfum matarmarkað sem virðist með þeim fátæklegustu."

Stenseth heldur því nefnilega fram að keðjurnar, sem nefndar voru hér að ofan, séu í raun þrjár hliðar á sama kerfinu. Munurinn liggi einkum í grunnlit vörumerkis búðanna.

Hún nefnir í greininni þrjár ástæður fyrir því að hún versli heldur í nánast hvaða öðru landi sem er. Í fyrsta lagi innfluttir ávextir og grænmeti sem boðið er upp á í þessum búðum sem flogið hefur verið plastpökkuðum langt að. Í öðru lagi villandi orðalag á vörumerkingum sem ganga umfram allt út á að nýta glufur í reglugerðum um það hvað megi kalla ýmsa hluti í matvælaiðnaði. Og í þriðja lagi eigin vörumerki búðakeðjanna eins og First Price, Eldorado, Prima, Coop og Änglamark. Matvörur undir þessum merkjum framleiða búðirnar sjálfar og eru þar með í samkeppni við sjálfstæða matvælaframleiðendur. Á sama tíma ráða búðirnar auðvitað hilluplássinu.

Um öll þessi þrjú atriði hefur Stenseth ýmislegt misjafnt að segja. Gæði matarins séu æði misjöfn í þessum búðakeðjum og verðið alls ekki eins lágt og fólki sé talin trú um.

Hún lýsir búðamafíunni sem fákeppnisfyrirkomulagi. Fyrirtækin þrjú séu með 96-97% dagvörumarkaðarins í Noregi. NorgesGruppen er með um 43,5%, Coop um 29% og Rema 1000 um 24%.

Þetta þýði í raun að nær allur matur sem Norðmenn kaupi fari í gegnum þrjú fyrirtæki. Þessi fyrirtæki ráða raunar ekki aðeins verslununum heldur einnig dreifingunni, heildsölunni, vörulagerunum, flutningunum, sem sagt leiðunum sem maturinn fer áður en hann endar í hillum verslananna. Fram hjá þessu kerfi þurfi litlir framleiðendur að komast ef þeir vilji komast inn í búðirnar með vörur sínar.

Afleiðingin er æ verri matvæli. Ofurunninn matur sem nú hafi verið sögð ein helsta ógn við heilsu í vestrænum samfélögum. Og á meðan þessi matur fær æ meira pláss í hillunum verði hagnaður búðakeðjanna æ meiri.

Fólk er hvatt til að velja með veskinu, að versla annars staðar, en Stenseth segir að aðrar búðir séu af afar skornum skammti. Þær séu þrjú til fjögur prósent af markaðnum.

Sá fátæklegi dagvörumarkaður sem Stenseth lýsir í Noregi minnir óþyrmilega á þann íslenska. Við sitjum í sömu súpunni. Því verður að breyta.

**Pistill formanns** | Trausti Hjálmarsson
trausti@bondi.is

# Tölum íslensku um matvælaverð

Umræða um möguleg áhrif aðildar Íslands að ESB hefur tekið sig upp aftur nú að loknum sveitarstjórnarkosningum og er orðið algengt stef í orðræðu aðildarsinna að tala um þá verulegu lækkun matvælaverðs sem þeir gera ráð fyrir að muni verða við aðild að sambandinu, en algengasta fullyrðingin er sú að matvælaverð geti lækkað hér um ein 25%.

Eðlilega vekja fullyrðingar sem þessar athygli fólks, enda er um einfalda og aðlaðandi sögu að ræða. Flest okkar myndu taka fagnandi fjórðungslækkun á matarkörfu heimilisins, en því miður er fátt sem styður þessa draumkenndu sýn á framtíð Íslands innan ESB.

Án þess að ég hafi neinn sérstakan áhuga á að rífast um prósentur þá virðist 25% talan vera fengin úr 17 ára gamalli skýrslu sem var svo endurnýtt í skýrslu Hagfræðistofnunar. Við þekkjum hins vegar engin raunveruleg fordæmi fyrir svo mikilli lækkun matvælaverðs, þótt vissulega væri áhugavert að sjá hvernig þetta allt er reiknað út.

Vitað er hins vegar að matvælaverð lækkaði um 10% í Finnlandi við aðild að ESB. Það munar alveg um slíka lækkun en lækkunin verður einhvern veginn ómerkilegri þegar haft er í huga að afurðaverð til finnskra bænda lækkaði um ein 40% á sama tíma. Ekki græddu finnskir bændur á inngöngunni og lækkunin til bænda skilaði sér ekki nema að litlu leyti til finnskra neytenda.

Þá verður að hafa í huga að langstærstur hluti innfluttra matvæla hér á landi er nú þegar tollfrjáls. Hátt í 90% tollskráðra landbúnaðarvara eru tollfrjálsar og innflutningsverð þeirra mun ekki lækka um eina krónu við inngöngu okkar í ESB. Það þarf mjög barnslega trú á góðvild íslenskra heildsala til að ætla þeim að lækka verð á þessum tollfrjálsu vörum frá því sem nú er við það eitt að Ísland gangi í ESB.

Að því gefnu að Ísland taki upp gildandi reglur ESB í landbúnaðarmálum þá myndi inngangа hins vegar leiða af sér brottfall markaðsverndar íslenskra landbúnaðarvara. Án áður óþekktra mótvægisaðgerða myndi samkeppnisstaða íslenskra bænda skekkjast mjög og geta þeirra til að keppa við innfluttar mjólkurafurðir, ófrosið kjöt og aðra matvöru, yrði skert til mikilla muna.

Þegar haft er í huga hversu viðkvæmur rekstur margra býla er nú þegar ætti engan að undra að margir bændur eru mjög uggandi yfir tilhugsuninni. Aðildarsinnar þurfa að gera miklu betur en þeir eru að gera nú til að slá á áhyggjur okkar bænda af því að við þessar nýju aðstæður yrði íslenskri matvöru ýtt út af markaðnum, með fyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir íslenskan landbúnað, íslenska bændur og íslenskan matvælaiðnað.

Eins og ég hef sagt áður hér á þessum síðum og annars staðar þá er ég efahyggjumaður þegar kemur að aðild Íslands að Evrópusambandinu, en Bændasamtökin ákváðu á Búnaðarþingi í vor að leggjast í ítarlega greiningarvinnu og meta þar kosti og galla við inngöngu í sambandið. Sú vinna stendur yfir og verður kynnt almenningi þegar henni er lokið.

Ákvarðanirnar um aðildarviðræður og aðild eru stórar, flóknar og erfiðar. Þær kalla á yfirvegaða umræðu þar sem allt er skoðað og allt er rætt. Ódýrar yfirlýsingar um fjórðungslækkun matarkörfunnar eru ekki innlegg í þá umræðu, heldur kosningaloforð.

Ég hef ekki trú á því að matvælaverð muni lækka við inngöngu í ESB í neinu samræmi við óskhyggju aðildarsinna. Hins vegar er það alveg ljóst að sú lækkun matvælaverðs sem þó fengist yrði aðeins fengin með því að lækka afurðaverð til bænda, lækka tekjur bænda og fjölskyldna þeirra og hygla innfluttum landbúnaðarvörum á kostnað innlendra.

Ef það er hin rósrauða framtíð sem aðildarsinnar sjá fyrir sér þá þætti mér drengilegra ef þeir töluðu bara íslensku og segðu það hreint út.

*Höfundur er formaður BÍ.*



Lífrænir bændur nota aðallega húsdýraáburð, fiskimjöl og þörungamjöl til að bæta næringu í jarðveginn. Mynd / esk

# Nota langmest innlend áburðarefni

**Verðhækkanir á áburðarverði koma lítið sem ekkert við bændur í lífrænni ræktun.**

Lífrænir bændur nota nær eingöngu innlend áburðarefni. Innfluttur lífrænn áburður er framleiddur víða um heim. Framleiðslan er ekki háð notkun á jarðolíu og gasi.

**Stríðsátökin hafa hverfandi áhrif**

Verðhækkanir á áburðarverði koma síður við bændur í lífrænni ræktun en hefðbundinni, þar sem þeir nota að mestu leyti staðbundin innlend áburðarefni. Einungis lítið hlutfall áburðar sem þeir nota er innfluttur. Sá áburður sem þó er innfluttur er framleiddur víða um heim, en ekki framleiddur með jarðolíu eins og áburður til hefðbundins landbúnaðar.

„Hækkanir ættu síður að koma fram og hægar því áburðurinn er ekki framleiddur með jarðolíu," segir Hjörtur Grétarsson, einn eigenda Vege, sem selur innfluttan lífrænan áburð. Hjörtur segir lífræna áburðinn sem Vege selur vera unninn víða um heim, til að mynda úr vínberjahrati í Evrópu og sykurreyr í Asíu. Hann segir að verðhækkanir kæmu helst úr hækkuðum flutningskostnaði sem þó sé tiltölulega hagstæður í stóra samhenginu. Það hefur þó ekki raungerst enn sem komið er.

„Lífrænir bændur hérlendis nota, að því er ég best veit, nánast eingöngu innlend áburðarefni," segir Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, lífrænn bóndi á Breiðargerði og formaður Lífræns Íslands. „Það hefur þó eitthvað færst í aukana að fólk og þar með talinn ég nýti áburðinn frá Vege ehf. samhliða, þó aðeins sem lítið brot af heildar áburðarnotkun, en hann er þægilegur að grípa í, t.d Plöntunæri sem er hár í nitri."

**Breytingar eru hægfara**

Inntur eftir því hvort Vege hafi orðið vart við frekari eftirspurn eftir lífrænum áburði, segir Hjörtur það helst vera lífrænu bændurna sem eru að versla hjá þeim, til að nýta sem viðbót við annan áburð sem þeir nota úr nærumhverfinu. Þó séu alltaf einhverjir sem vilja vera vistvænir sem kaupa áburð hjá þeim. Hann segir kúnnahópinn vera nokkurn veginn þann sama ár frá ári en ekkert sé því til fyrirstöðu að stækka hann. „Það er rosalega erfitt að breyta hugarfari hjá fólki, það gerist mjög hægt. Við mættum kannski vera duglegri í sölu, þetta er hálfgert hobbí-fyrirtæki hjá okkur tvennum vinahjónum," segir Hjörtur.

Hjörtur segir þá sem hafa verslað við fyrirtækið hafa verið ánægða með árangurinn. „Þessi áburður heldur sér betur í jarðveginum og þú notar því minna af honum, rannsóknir sýna að hann lekur ekki jafnmikið út og kemíski áburðurinn. Mér finnst mjög sniðugt að þeir sem eru nálægt viðkvæmum vötnum eins og Mývatni, Þingvallavatni og víðar noti þennan áburð, þá myndi minna af áburði leka út í vötnin."

Aðspurð um framvindu aðgerðaráætlunar stjórnvalda um greiningu möguleika á notkun lífræns efnis sem fellur til innanlands til áburðar og fóðurs segir Elínborg: „Ég get ekki sagt að það hafi orðið nein bylting í þeim efnum, en auðvitað hafa verið gerðar einhverjar skýrslur og greiningar." /esk




Kornrækt:

# Góður gangur í tilraunum

**Kynbótaverkefnið Vala heldur áfram í sumar. Núna er mesti þunginn settur á bygg og hveiti, en jarðræktarmiðstöðin er einnig að skoða hafra.**

„Í fyrra fengum við uppskeru af nýjustu kynbótalínunum og sendum við sýni af því til Síle," segir Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri Landbúnaðarháskóla Íslands, í samtali. „Þar var því sáð og uppskorið í vetur þannig að í vor fengum við stór sýni af hverri arfgerð. Þetta er mjög spennandi kynbótaefniviður, en það sýndi sig að hann var talsvert betri en besta byggið á markaði og ég tel að aldrei áður hafi jafnmargar nýjar íslenskar kynbótalínur verið í prófunum," segir hann.



Kynbótalínum sáð í jörð á Hvanneyri í vor. Mynd / Jarðræktarmiðstöð LBHÍ

Í samantekt frá Hrannari kemur fram að sáningar á korntilraunum hófust þann 24. apríl í Gunnarsholti á Rangárvöllum, þar sem sáð var í 564 byggreiti og 380 hafrareiti. Þaðan var haldið á Hvanneyri í Borgarfirði, þar sem sáð var í 1.480 byggreiti og 200 hafrareiti dagana 4.-13. maí. Eins var sáð í 400 byggreiti í Klauf í Eyjafirði þann 11. maí. Heildarfjöldi reita í tilraunum ársins nemur því 3.024. Fjöldi arfgerða í tilraunum 2026 er 357 hafrar, 805 bygg og 549 nýjar byggkynbótalínur úr kynbótaverkefninu Völu. /ál

Matvælastofnun:

# Kærir meint brot gegn starfsmönnum til lögreglu

## – Meðal annars hótanir og ærumeiðingar

**Matvælastofnun hefur sent kæru til lögreglu og farið fram á rannsókn á meintum brotum einstaklings gegn almennum hegningarlögum, þar á meðal ofbeldishótunum, þjófnaði og mútum. Kæran snýr meðal annars að hótunum mannsins um ofbeldi gegn starfsmönnum stofnunarinnar vegna starfa þeirra í tengslum við vörslusviptingu dýra, eins og segir í tilkynningu frá Mast.**

Kærur Mast snúa bæði að hótunum og ærumeiðingum mannsins gagnvart starfsmönnum stofnunarinnar, tilraunum til að hindra þá í störfum sínum.

Einnig tekur kæran til meintrar háttsemi sem felst í töku búnaðar ófrjálsri hendi, hvatningu til refsiverðra verka og tilboðum um greiðslur til starfsmanna fyrir athafnir í þágu viðkomandi en þetta er í fyrsta skipti sem stofnunin kærir einstakling vegna slíks.

Þá hefur Matvælastofnun, fyrir hönd starfsmanna sinna, lagt fram kæru vegna meintra aðdróttana og ærumeiðinga.

Matvælastofnun leggur ríka áherslu á að allt ofbeldi eða hótanir um ofbeldi í garð starfsmanna stofnunarinnar eru með öllu óásættanleg og verða ávallt kærð til lögreglu, eins og segir í fréttatilkynningu. /þh

# Túngrasatilraunir liggja niðri

**Hjá Landbúnaðarháskóla Íslands er unnið öflugt rannsóknarstarf til eflingar kornræktar á Íslandi. Á sama tíma hafa rannsóknir sem snúa að túngrösum legið niðri.**

Hrannar Smári Hilmarsson, tilraunastjóri hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, bendir á að gróffóðurframleiðsla sé undirstaða innlends landbúnaðar. Því skjóti skökku við að Íslendingar sinni engu rannsóknarstarfi á þessu sviði, heldur lendi allur kostnaður við að prufa ný yrki á bændum.

„Ef við ætluðum af stað í slíkar tilraunir núna þyrftum við fyrst að afla efniviðar sem yrði í fyrsta lagi sáð næsta vor. Reitirnir yrðu slegnir í þrjú ár eftir það og svo tekur einhvern tíma að gera upp niðurstöðurnar. Þetta er ferli sem tekur tíma og þess vegna þarf þetta alltaf að vera í gangi og það er mjög dýrt fyrir landbúnaðinn að fá ekki þessar þjónusturannsóknir reglulega. Að mínu mati ætti hið opinbera að standa straum af kostnaðinum við þessar tilraunir sem stuðning við landbúnað, enda enginn vafi á að hagkvæmni fóðurframleiðslu hér á landi myndi aukast," segir Hrannar.

**Ekki dýrt í stóra samhenginu**

„Ég er alveg viss um að svona hagnýtar þjónusturannsóknir með yrki og áburðartilraunir myndu skila sér réttum megin við núllið. Þetta er mjög góð leið til þess að styðja við landbúnaðinn, en með þessu væri hægt að veita bændum vörur og leiðbeiningar til þess að þeir geti hagrætt í sínum rekstri. Í stóra samhenginu er þetta ekki mikið af peningum, en ef ég man rétt flytjum við inn köfnunarefnisáburð fyrir fimm milljarða á ári. Ef við getum náð fram tíu prósent betri nýtingu á áburðinum, þá eru það 500 milljónir. Það er til mikils að vinna, því að það kostar ekki 500 milljónir að gera nokkrar tilraunir með áburð og grasfræ.

**Íslenska vallarfoxgrasið gamalt**

Í gegnum norrænt samstarf var þróað íslenskt yrki sem heitir Snorri, sem er mest ræktaða vallarfoxgrasið á Íslandi. Síðan eru liðin um 35 ár og mér finnst alveg rétt að taka þá umræðu hvort við ættum ekki að kynbæta fleiri vallarfoxgrös fyrir íslenskar aðstæður. Snorri, sem er gott vallarfoxgrasyrki, var þróað með það að markmiði að auka endingu vallarfoxgrass í túnum – og það tókst. Hins vegar er uppskeran af því ekki sú besta.

Eins og landbúnaðurinn hefur þróast á undanförnum áratugum er þetta ekki endilega hagkvæmasta túngrasið fyrir stór kúabú. Þau þurfa oft vallarfoxgras sem endist skemur, en gefur mjög góða uppskeru á þeim tíma, frekar en að það endist í heil þrjátíu ár en það er bara hægt að slá það einu sinni á sumri.

Kynbótaverkefnið Vala er byggt á þjónustusamningi milli ráðuneytisins og Landbúnaðarháskólans og afurðin eru ný kornyrki sem sett verða á markað fyrir bændur. Vala er enn þá mjög ungt verkefni, en ef það sýnir sig að það virkar og við komum með ný byggyrki sem bændur vilja rækta, þá tel ég að við getum þróað svipað módel í kringum tilraunir í túngrösum," segir Hrannar. /ál


Við fjármögnum
atvinnutæki
Lykill
Fjármögnun

# Starfsleyfi til blóðtöku úr fylfullum hryssum umdeilt

## – Í fyrsta skipti starfað undir reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



**Matvælastofnun (MAST) hefur veitt lyfja- og líftæknifyrirtækinu Ísteka ehf. skilyrt starfsleyfi fyrir blóðtöku úr fylfullum hryssum í samræmi við lög um velferð dýra og reglugerð um vernd dýra notuð í vísindaskyni.**

Í starfsleyfinu er komist svo að orði að með blóðtöku úr fylfullum hryssum sé Ísteka að framkvæma tilraun. Er það stutt með vísun í reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni þar sem hægt er að nota dýr í tilraun í þeim tilgangi að framleiða lyf, meðal annars til að stýra lífeðlisfræðilegu ástandi dýra. Úr blóði fylfullra hryssa er unnið PMSG hormón (líka nefnt eCG) sem er virka efnið í lyfjum sem yfirleitt eru notuð til að stjórna og auka frjósemi svína.

MAST hefur veitt leyfi til blóðtöku úr að hámarki 4.900 hryssum að uppfylltum skilyrðum stofnunarinnar um staðgöngu, fækkun og mildun. Til að ná fram skaðaminnkun hjá hryssum, sem geta orðið fyrir miðlungs eða alvarlegu blóðleysi vegna blóðtöku, segir í starfsleyfinu að blóðhagur hverrar hryssu skuli rannsakaður frá og með þriðju blóðtöku og skulu niðurstöður liggja fyrir næstu blóðtöku. Á blóðtökutímabilinu, sem stendur frá 15. júlí og á að verða lokið í seinasta lagi 5. október eru fimm lítrar af blóði teknir úr hverri hryssu í hverri viku, í að hámarki átta skipti.

### Blóðið landbúnaðarafurð

Arnþór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Ísteka, segist algjörlega ósammála því að blóðtaka úr fylfullum hryssum eigi að heyra undir reglugerð um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni, enda sé þetta afurðaframleiðsla. „Blóðið sjálft er landbúnaðarafurð þegar það er tekið úr hryssunni í sínum heimahögum, en þegar það er komið til okkar er það einfaldlega hráefni til iðnaðar. Lyfjaframleiðsla byggir auðvitað á vísindum, en það gerir nánast allt annað í okkar samfélagi,“ segir Arnþór.

Núna er Ísteka í málaferlum við hið opinbera um lögmæti þess að fella starfsgreinina undir reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni. „Málaferlin snúast um það hvert undirliggjandi regluverk blóðsöfnunar á að vera,“ segir Arnþór. „Á þetta að vera undir Evróputilskipuninni sem var innleidd hér á Íslandi sem reglugerð um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni, á þetta að falla undir almenn lög um velferð dýra eða eiga að vera sérreglur um blóðtöku úr fylfullum hryssum eins og voru áður?“

Aðspurður þvertekur Arnþór fyrir að til séu staðgönguefni sem hafi jafn góða virkni og PMSG úr hryssublóði. Hann segir þau lyf sem oft sé vísað til hafa ólíka lífeðlisfræðilega eiginleika og virki jafnvel á önnur líffæri. Þá segist hann efast um að í fyrirsjáanlegri framtíð verði hægt að framleiða PMSG af sömu gæðum á vísindastofu úr kemískum efnum. Helmingunartími hormónsins sem unnið er úr blóði mera geti verið tugir klukkustunda á meðan staðgöngulyf séu með verkunartíma sem er brot af því.

### Fylgst með blóðhagsgildum

„Aðalatriðið er kannski það að leyfið er útgefið sem þýðir að MAST, sú stofnun sem hefur með dýravelferð að gera á Íslandi, telur að þetta sem við gerum falli innan góðra framleiðsluhátta og dýrahalds. Þetta er ítrekun á því að það sem við gerum er ekki bara ásættanlegt, heldur nauðsynlegt og gott.“

Arnþór er gagnrýninn á að starfsleyfið er takmarkað við tvö ár í senn, enda fyrirsjáanleiki mikilvægur í atvinnurekstri. Hingað til hefur starfsleyfi til blóðtöku yfirleitt verið veitt til fjögurra ára. Eins segist hann gagnrýninn á þær skorður á fjölda hryssa sem settar voru í starfsleyfið, en Ísteka sótti um leyfi til notkunar á 10.000 dýrum. Á undanförnum árum hafa verið í kringum 5.000 blóðmerar á landinu, og því hafi þetta lítil áhrif að svo stöddu, en Arnþóri finnst þetta neikvætt vilji fyrirtækið stefna á að vaxa til framtíðar.

„Í leyfinu er eitt atriði sem MAST setti aukalega við það sem við höfðum í umsókninni, en það er skimun eftir hryssum sem fara hvað lægst í blóðhagsgildum. Þetta er atriði sem ég er hrifinn af og ég held að við höfum, í samtali við Matvælastofnun, komist að ágætri lausn í þessu,“ segir Arnþór. Að hans mati sé þetta góð viðleitni til að gefa þeim fáu hryssum sem þoli illa blóðtöku lengri tíma til að jafna sig.

### Vilja ekki sjá frávik

Aðspurður segir Arnþór í kringum 90 aðila hefja blóðtöku í sumar. „Þeir voru rúmlega hundrað þegar mest var, en eftir lætin árið 2021 hrökkluðust sumir í burtu og hafa því miður ekki allir komið aftur.“ Þar vísar hann til þess sem hann kallar áróðursmyndar sem dýraverndarsamtökin Animal Welfare Foundation og Tierschutzbund Zürich gáfu út á Youtube þar sem sýnt var frá illri meðferð á blóðmerum.

„Þetta var erfiður tími. Bændur voru útmálaðir sem níðingar og verknaðurinn níð. Við sögðum upp samningi við þá tvo bændur sem voru í þessu fyrsta myndbandi, en fjölskylda annars þeirra tók við stöðinu þannig að áfram var tekið blóð úr þeim hryssum. Sá bóndi er kominn á samning við okkur aftur, enda dæmum við menn ekki um ævi og aldur.

Eftir á að hyggja held ég að það hafi ekki verið heppilegt hjá okkur að segja upp þessum samningum en undanfarið höfum við fókusað á að rannsaka málin alveg ofan í kjölinn til þess að hjálpa bændum að gera betur. Áður vorum við með dýravelferðarkerfi og eftirlit, en við bættum verulega í það eftir þetta.“

Arnþór segir að Ísteka sé alltaf með einn fulltrúa á staðnum við hverja blóðtöku að auki við einn dýralækni. Eins hafi fyrirtækið sett upp myndavélaeftirlit á völdum blóðtökustöðum, meðal annars til þess að hægt sé að staðfesta að unnið sé samkvæmt reglum.

Áðurnefnd dýraverndarsamtök gáfu út annað myndband árið 2024 sem er um hálftíma langt og þar segist Arnþór aðeins sjá eitt atvik sem hann telji alvarlegt. „Auðvitað viljum við að það séu engin frávik, en miðað við að þau segjast hafa safnað myndefni í 50 klukkutíma þá held ég þetta sé ekki alslæmur árangur.“

Þegar blóðið er tekið úr hryssunum eru þær staðdeyfðar áður en nál er stungið í æð á hálsi þeirra. Þvermál nálarinnar er fimm millímetrar, en aðspurður segir Arnþór ekki líklegt að hryssurnar finni fyrir sársauka. „Ég held að ég geti fullyrt að svona stunga á deyfðan stað sé ekki mesti sársaukinn sem hryssurnar finna í stóðlífi sínu. Ég hafna því að stungan og blóðtakan valdi teljandi óþægindum.“



Frá blóðtöku á Álftarhóli á Suðurlandi. Myndin er tekin árið 2022. Mynd / ghp



Arnþór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Ísteka.

### MAST setur varasamt fordæmi

„Að mati Dýraverndarsambands Íslands er leyfisveitingin óásættanleg,“ segir Linda Karen Gunnarsdóttir, formaður sambandsins, aðspurð út í viðbrögð hennar við starfsleyfi Ísteka til blóðtöku úr fylfullum hryssum. „Ljóst er að starfsemin stenst ekki ákvæði reglugerðar um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni, sem kveður á um að þegar það er mögulegt skuli alltaf nota aðrar aðferðir en þær sem krefjast lifandi dýra.

Þá má nefna að fagráð um velferð dýra veitti neikvæða umsögn, en þrátt fyrir það veitti Matvælastofnun leyfi fyrir starfseminni. Athygli vekur að það er enginn rökstuðningur sem fylgir þessari ákvörðun í tilkynningu sem stofnunin sendi frá sér um það hvernig starfsemin uppfylli ákvæði reglugerðarinnar um staðgöngu, fækkun og mildun.

Reglugerðin gerir jafnframt kröfu um að notkun dýranna skuli leiða til skýrs ávinnings sem er samfélagslegur eða vísindalegur. Ávinningurinn er fjárhagslegur og til þess að hámarka nyt svína í þauleldi. Matvælastofnun er búin að setja varasamt fordæmi með því að gefa þetta starfsleyfi, þó svo að það sé skilyrt.“

Linda segir skýrt að blóðtaka úr fylfullum hryssum sé vísindastarfsemi frekar en landbúnaður. Því sé skýrt að reglugerð um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni verji blóðmerar. „Blóð er ekki afurð eins og mjólk eða egg, heldur er þetta lyfjaframleiðsla þar sem dýr eru notuð og slíkt er ekki landbúnaðarstarfsemi.“

### Óttaslegin lítið tamin hross

Aðspurð af hverju Dýraverndarsamband Íslands setur sig upp á móti blóðtöku úr fylfullum hryssum svarar

-Framhald á síðu 12



Nálarnar sem notaðar eru við blóðtöku. Mynd / ghp



can-am®

# OUTLANDER 6X6 850

## TIL Á LAGER Í REYKJAVÍK OG EGILSSTÖÐUM

LEIÐANDI Í BURÐAR- OG DRÁTTARGETU

STERKARI GRIND - GÍRKASSI OG KÚPLING



ROTAX 1000 MÓTOR
82 HESTÖFL

25 CM FJÖÐRUNARSVIÐ
HANNAÐ FYRIR 30" DEKK

**Verð: 2.990.000 + vsk**

**Verð: 3.190.000 + vsk - með stuðara - spili og hita í handföngum**

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

RVA.is
470-5073

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.

Linda: „Þetta er mikið inngrip inn í líkama dýranna, en tekið er alltof mikið magn af blóði í hvert sinn og með stuttu millibili, sem gengur nærri velferð þeirra og heilsu.

Hryssur í blóðmerahaldi eru að meginuppistöðu lítið tamdar og jafnvel er talað um hálfvillt stóð. Það þýðir að þegar hryssurnar koma í blóðtöku, eru bundnar niður á básana, höfuðið er strekkt upp í óeðlilega stöðu og folöldunum þeirra vikið frá þá verða þær eðlilega mjög hræddar. Þær reyna að flýja aðstæðurnar eða berjast á móti, en þegar það tekst ekki fara þær í ástand lærðs hjálparleysis, sem er mikilvægt fyrir alla sem halda dýr að þekkja.

Þetta er ill meðferð á dýrum og það myndi enginn sætta sig við svona umgengni við reiðhross. Eins er nálin mjög þykk, eða 0,5 sentímetrar, og staðdeyfingin tekst ekki alltaf. Stundum þarf að stinga hryssurnar margoft í hálsinn til þess að finna æðina og það er sársaukafullt.“



Blóðmerar eru bundnar niður á bása og blóðið tekið úr hálsi þeirra. Frá blóðtöku á Álftarhóli 2022. Mynd / ghp

**PMSG notað í verksmiðjubúskap**

„Til er fjöldi kemískra frjósemislyfja sem þjóna sama tilgangi og PMSG hormónið og er blóð úr fylfullum hryssum ekki ómissandi eins og reglugerðin gerir kröfu um,“ segir Linda. Eins bendir hún á að ofuregglosið sem hormónið framkallar valdi því að gylturnar eignist fleiri afkvæmi en þær geti haft á spena og að grísirnir séu líklegri til að fæðast veikburða, sem valdi auknum afföllum.

Linda leggur áherslu á að PMSG sé aðallega notað í verksmiðjubúskap þar sem velferð dýra sé virt af vettugi, en hægt sé að auka frjósemi og stilla af gangmál svína með góðum aðbúnaði. Það sé gert með rúmum básum, bættri lýsingu, að gefa gyltunum færi á auknu samneyti við hver aðra og með því að hafa gölt skammt frá. Samkvæmt upplýsingum sem Bændablaðið fékk frá íslenskum svínabændum eru lyf með PMSG ekki notuð hérlendis.

**MAST lýtur ákvörðun ráðuneytis**

Þóra Jóhanna Jónasdóttir yfirdýralæknir, segir ekki óeðlilegt að settar séu spurningar við hvers vegna blóðtaka úr fylfullum hryssum sé skilgreind sem notkun á dýrum í vísindaskyni. „ESA, sem er eftirlitsstofnun EFTA landanna, telur að starfsemin falli undir þessa reglugerð, og það er vel hægt að sjá að notkun dýra til framleiðslu lyfja fellur bæði undir 20. grein laga um velferð dýra sem fjallar um tilraunir, kennslu og læknisfræðilega starfsemi, og undir 9. grein reglugerðar um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni sem fjallar um heimilaðan tilgang tilrauna,“ segir Þóra. Þar kemur fram að heimilt sé að gera tilraunir á dýrum, meðal annars til framleiðslu á lyfjum með því markmiði að stjórna eða breyta lífeðlisfræðilegu ástandi í dýrum, mönnum og plöntum.

„Ráðuneytið ákveður auðvitað að fara eftir þessum tilmælum ESA og það er þeirra túlkun sem Matvælastofnun lýtur einnig. En eins og margir vita þá er þetta álitaefni í meðferð dómstóla, sem munu þá skera úr um hvort þessi starfsemi falli undir þessa tilskipun,“ segir Þóra.

**Skilyrði um staðgöngu, fækkun og mildun**

„Til þess að mega veita leyfi þarf að taka tillit til skilyrða sem koma fram í reglugerðinni meðal annars um staðgöngu, fækkun og mildun. Hvað varðar staðgöngu, þá má aðeins veita leyfi til notkunar dýra í vísindaskyni ef það eru ekki til aðrar aðferðir sem eru vísindalega fullnægjandi. Við lítum svo á að það séu til aðrar aðferðir og önnur lyf sem koma í staðinn fyrir notkun PMSG sem er unnið úr blóði hryssa, en ekki í öllum tilvikum. Samkvæmt okkar rannsóknum eru ekki til lyf sem uppfylla nokkurn markmið sem þetta lyf er notað í, eins og að framkalla ofuregglos og örvun á sæðisframleiðslu karldýrs.“

Af þeim ástæðum sé ekki hægt með tilvísun í staðgöngu að banna þessa starfsemi alfarið, en fjöldi dýra til framleiðslu takmarkast við þá notkun þar sem ekki er hægt að nota aðrar aðferðir til að ná fullnægjandi árangri. „Til viðbótar við fækkunarhugtakið er aðeins notast við þær hryssur sem eru sannarlega að framleiða hormón.

Þá er Ísteka með í sinni rannsóknaráætlun ýmis atriði til mildunar,“ bætir Þóra við. „Þau snúa að umhirðu, meðferð og aðbúnaði hryssanna, og að gætt sé að nærgætni við rekstur og blóðtöku. Eins að blóðtöku sé hætt ef hryssan sýnir merki um æsing, ótta eða streitu.



Linda Karen Gunnarsdóttir, formaður Dýraverndarsambands Íslands.



Þóra Jóhanna Jónasdóttir yfirdýralæknir.

Jafnframt skal tryggja aðgang að vatni og saltsteinum og að leyfa þeim að hvíla sig eftir blóðtökuna.

Til viðbótar hefur Matvælastofnun sett það skilyrði til mildunar að blóðhagur hverrar hryssu skuli rannsakaður frá og með þriðju blóðtöku með það að markmiði að ná fram skaðaminnkun hjá þeim hryssum sem geta orðið fyrir miðlungs eða alvarlegu blóðleysi. Niðurstaðan þarf að liggja fyrir áður en næsta blóðtaka er framkvæmd og það er ekki heimilt að taka blóð úr þeim hryssum sem eru undir viðmiði.“ Þóra bendir á að allar hryssur sem tekin eru sýni úr í upphafi blóðtökutímabilsins telji til þess fjölda sem starfsleyfið takmarkar. Því sé ekki hægt að skipta hryssum út fyrir aðrar ef þær uppfylla ekki skilyrði til blóðtöku.

**Kröfur til leyfishafa**

„Í síðasta leyfi var ekki tekinn fram hámarksfjöldi dýra og ekki krafa um að rannsaka blóðhag fyrir næstu blóðtöku,“ segir Þóra. „Eins þurfa þeir sem eiga og rækta hryssurnar sem nota á í starfseminni líka að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar og það þarf að veita þeim starfsleyfi.

Regluverkið felur enn fremur í sér að ábyrgðarmaður þessar rannsóknar þarf að hafa staðist viðurkennt námskeið og hafa undir höndum hæfisskírteini sem sýnir að hann hafi fullnægjandi þekkingu á löggjöfinni. Hann þarf líka að hafa staðist próf í siðfræði og sýna fram á þekkingu á dýrategundinni og geta borið kennsl á tegundabundin merki um hræðslu eða sársauka,“ segir Þóra. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar samkvæmt leyfinu er framkvæmdastjóri Ísteka.

„Til viðbótar þurfa handhafar leyfisins að skila inn samantekt sem er ætluð almenningi og skrifuð á auðskiljanlegu máli,“ segir Þóra. „Þar á að fjalla um markmið rannsóknarinnar og þann skaða sem dýrin gætu mögulega orðið fyrir, ávinninginn sem á að ná með notkun dýranna, fjölda dýra, og hvernig á að uppfylla kröfur um staðgöngu, fækkun og mildun.“

> „Í leyfinu er eitt atriði sem MAST setti aukalega við það sem við höfðum í umsókninni, en það er skimun eftir hryssum sem fara hvað lægst í blóðhagsgildum.

**MAST áskilur sér rétt til að endurskoða leyfið**

„Leyfið sem slíkt felur í sér að starfsemin er talin uppfylla skilyrði regluverksins,“ segir Þóra. „Í leyfinu felst að ábyrgðarmaður starfseminnar verður að tryggja að farið sé eftir lögum um velferð dýra, reglugerð um velferð hrossa og eftir ákvæðum reglugerðar um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni. Það að gefa út leyfi þýðir ekki að allir fari eftir öllu alls staðar. En ef aðilar gera það ekki mun það geta falið í sér leyfissviptingu.

Rétt er að ítreka að sá fyrirvari er settur í leyfið að berist nýjar upplýsingar eða niðurstöður úr rannsóknum sem geta haft áhrif á forsendur leyfisins þá áskilur Matvælastofnun sér fullan rétt til að endurskoða leyfið, að hluta til eða öllu leyti. Bæði hvað varðar fjölda hryssa og framkvæmd blóðtöku.“

Aðspurð um hvaða upplýsingar gætu haft áhrif á starfsleyfi Ísteka segir Þóra að meðal annars sé Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) núna að vinna að vísindalegum ráðleggingum um blóðtöku úr fylfullum hryssum sem mun byggjast á þeim rannsóknum og gögnum sem verið sé að afla. „Við eigum von á að það komi út vísindalegt álit um slíka starfsemi á árinu, sem við munum augljóslega taka mark á. Það gætu til dæmis komið ráðleggingar um magn blóðs sem er tekið og tíðni blóðtöku. Aðrar upplýsingar sem skipta einnig máli við mat á forsendum leyfis eru til að mynda nánari gögn um í hvaða tilgangi lyf sem innihalda PMSG eru notuð. Þess vegna er þessi fyrirvari settur í leyfið,“ segir Þóra.




# Snjókoma í lok maí

**Varað er við snjókomu og hvatt til að bændur séu viðbúnir að koma fé í skjól.**

„Við vörum við því og viljum vekja athygli á því að það sé að fara að snjóa á þessum árstíma og bændur hugi að því að geta komið fé í skjól“, segir Teitur Arason veðurfræðingur Veðurstofu Íslands. „Þetta er snjókoma á óvenjulegum tíma, það var send út gul viðvörun vegna snjókomu á Austfjörðum og Austurlandi að Glettingi og yfir á Norðurland eystra og miðhálendið. Hún mun gilda mislengi eftir svæðum“, segir Teitur.

„Snælínan, frostmarkslínan fer aðeins upp og niður, þannig að það verður að gera ráð fyrir að hún sé frá því að vera nærri sjávarmáli og upp í kannski 200 metra.“



Hitakort Veðurstofunnar, miðnætti aðfaranótt föstudags.

Hitamet hafa fallið á Bretlandi að undanförnu og heitt loft streymir norður eftir Atlantshafinu og mætir köldum loftmassa úr norðri. „Áreksturinn á sér stað yfir landinu og myndar þessa úrkomu“, segir Teitur sem segir kuldann vara í nokkra daga og gefa eftir þegar kemur fram á helgina. „Þetta verður orðið skárra á sunnudaginn, þá er minna hvítt í úrkomunni.“

„Ef þetta væri venjulegt norðanhret þá myndi seint að kvöldi vera kalt á öllu landinu. Vorhret er svo sem algengt en það var býsna hart 2024 og olli fugladauða. Það má segja að þetta sé ekki nærri eins hart núna.“

*/eks*




Jurt gróðrarstöð ræktar trjáplöntur fyrir skógrækt.
Við eigum aspir tilbúnar til afhendingar strax á þessu ári og getum útvegað flestar gerðir skógarplantna.
Hafið samband fyrir pantanir og nánari upplýsingar.

Jurt gróðrarstöð | Valgerðarstöðum 4| 701 Egilsstaðir|+354 768 8158 | info@jurt.is







## Ársskýrsla Brothættra byggða:

# Góður árangur

**Í nýútgefinni ársskýrslu Byggðastofnunar yfir verkefnið Brothættar byggðir kemur fram að stofnunin leggi áframhaldandi áherslu á markvissar aðgerðir til að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga.**

Þátttökubyggðarlögin í verkefninu Brothættar byggðir eiga það sameiginlegt að þar hefur verið mikil fólksfækkun undanfarna áratugi og skekkt aldursdreifing sem hefur áhrif á þjónustustig, sjálfbærni og lífsgæði íbúa til lengri tíma litið.

### Aðildasveitarfélög 2026

Samkvæmt skýrslu stofnunarinnar hefur ósk sveitarstjórnanna í Stöðvarfirði og í Dalabyggð um framlengingu verkefnistíma út árið 2026 verið samþykkt, en sú ákvörðun skapar mikilvægt svigrúm til að fylgja eftir þeim verkefnum sem þegar eru farin af stað og styrkir áframhaldandi uppbyggingu. Áætlað er að skerpt verði á eftirfylgni verkefna í Brothættum byggðum eftir að Byggðastofnun dregur sig í hlé.

- Verkefni Stöðvarfjarðar hófst formlega í mars 2022 með virkri þátttöku íbúanna, sem hafa í sameiningu tekið markviss skref í að treysta innviði byggðarlagsins. Nú í ár lokaðist umsóknarfrestur fyrir styrki þann 10. febrúar sl., en ákveðið var að veita styrki til allra verkefnanna að þessu sinni. Styrkur til verslunar var veittur sem mun opna á vormánuðum en verslunarleysi síðustu ára hefur hvílt þungt á íbúum.
- Í Dalabyggð hófst verkefnið að sama skapi í mars 2022 og íbúar sýnt mikinn kraft og þátttökuvilja til uppbyggingar samfélagsins. Líkt og hjá Stöðvarfirði var verkefnastyrkur veittur til allra verkefna en alls bárust þrjátíu umsóknir. Þykir mikil og góð uppbygging á svæðinu sem hefur hlotið jákvæða athygli nærsveitarmanna.

Á sama tíma og eldri svæði fá framlengingu hafa sveitarfélögin Kaldrananeshreppur og Reykhólahreppur nýverið hafið þátttöku sína í Brothættum byggðum, allt til ársins 2030.

- Innleiðing hófst í Reykhólahreppi í lok árs 2024 en ólíkt eldri verkefnum er samningurinn gerður til fimm ára í stað fjögurra. Þar hefur áherslan verið á jákvætt og umburðarlynt samfélag, samstöðu um auðlindanýtingu og frjótt atvinnu- og mannlíf.
- Samstarfið við Kaldrananeshrepp, sextánda byggðarlagið sem tekur þátt í verkefninu, hófst formlega á miðju ári 2025. Efling samfélagsins, tengsl og inngilding voru þátttakendum ofarlega í huga, kallað var eftir hitaveituvæðingu víðar í sveitarfélaginu en nú er og nefndar hugmyndir um sólarorkuver og sjálfbærni svo eitthvað sé nefnt.

### Brothættar byggðir II

Samhliða þessu hefur þriggja ára tilraunaverkefni, Brothættar byggðir II, verið hleypt af stokkunum. Því er ætlað að styðja sérstaklega við eldri þátttökusvæði eins og Raufarhöfn og Öxarfjarðarhérað sem þurfa áframhaldandi stuðning eftir lok eiginlegs verkefnatíma.

Verkefnið er áætlað til þriggja ára og hefur farið vel af stað, gert er ráð fyrir árlegri úthlutun styrkja úr frumkvæðissjóðum en verkefnistíminn nær til áranna 2025-2027. Markvissar íbúakannanir verða nýttar í upphafi og lok verkefna til að mæla raunverulegan árangur og breytingar á svokölluðum samfélagslegum viðnámsþrótti. Þetta tryggir að fjármagn úr sjóðunum renni beint í þau verkefni sem íbúar sjálfir forgangsraða á íbúaþingum.

### Heildarúthlutun frumkvæðisstyrkja

Frumkvæðisverkefni þátttökubyggðarlaga Brothættra byggða eru fjölbreytt og ná til atvinnu-, menningar- og samfélagsuppbyggingar. Kemur fram á vefsíðu Byggðastofnunar að á árinu 2025 var rúmum 40 milljónum ráðstafað í frumkvæðissjóði þátttökubyggðarlaga í grunnverkefninu, auk fjármuna sem ekki höfðu nýst að fullu í eldri frumkvæðisverkefnum. Til viðbótar voru tæpar 25 milljónir til ráðstöfunar í tilraunaverkefnunum tveimur og var þeim fjármunum úthlutað til 17 verkefna.

### Áframhaldandi sterk staða

Samkvæmt ársreikningi nam hagnaður Byggðastofnunar 590,5 milljónum króna, og eiginfjárstaðan sterk. Sú staða gefur stofnuninni færi á að vera öflugur bakhjarl atvinnulífs í landsbyggðunum sem hefur lengi treyst á fá undirstöðuatriði á borð við sjávarútveg og landbúnað. Áfram verður því lögð áhersla á að breikka þennan grunn með lánveitingum og styrkjum sem hvetja til nýsköpunar og nýrra atvinnutækifæra – auk verkefna á borð við Brothættar byggðir sem njóta þess markmiðs að styrkt verði bakland hverrar byggðar eins og best verður á kosið. */sp*

**Auglýsing um niðurstöðu sveitarstjórnar**
**Óveruleg breyting**
**á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014–2026**
**– Skrúðvangur á Laugarbakka**

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á 403. fundi sínum þann 13. maí 2026 tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014–2026 vegna Skrúðvangs á Laugarbakka, *sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Breytingin felur í sér afmörkun svæðis fyrir verslun og þjónustu, VÞ-3 Skrúðvangur, um 0,6 ha að stærð, auk stækkunar svæðis fyrir gróðurstöð, SL-1, úr 3,32 ha í 3,99 ha.

Markmið breytingarinnar er að staðfesta og afmarka betur þá ferðaþjónustu og þjónustustarfsemi sem þróast hefur á svæðinu á undanförnum árum.

Sveitarstjórn telur breytinguna óverulega þar sem hún víkur ekki verulega frá meginstefnu gildandi aðalskipulags, hefur ekki áhrif á stórt svæði og er ekki talin hafa veruleg áhrif á einstaka aðila eða aðliggjandi landnotkun.

Tillagan verður send Skipulagsstofnun til staðfestingar í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

**Skipulagsfulltrúi Húnaþings vestra.**



**Á nýlegum viðburði GRÓ Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu var fjallað um Landgræðsluskólann sem stofnaður var árið 2007 og hefur útskrifað 240 nemendur.** Myndir / Kristinn Ingvarsson

## GRÓ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu:

# Landgræðsluskólinn hefur útskrifað 240 nemendur

**Á undanförnum mánuðum hefur GRÓ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu staðið fyrir viðburðaröð þar sem vakin er athygli á árangri þeirra fjögurra skóla sem reknir eru á vegum miðstöðvarinnar og á dögunum var sjónum sérstaklega beint að Landgræðsluskóla GRÓ þar sem 22 nemendur frá Afríku og Asíu stunda nú nám.**

GRÓ Þekkingarmiðstöð er rekin undir utanríkisráðuneytinu og starfar undir merkjum UNESCO. Hlutverk miðstöðvarinnar er að efla getu einstaklinga, samtaka og stofnana í þróunarlöndum til að stuðla að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Fjórir skólar eru starfræktir á vegum GRÓ sem miða að því að byggja upp getu, með áherslu á fjögur þemasvið. Landgræðsluskóli GRÓ leggur áherslu á baráttu gegn landeyðingu, endurheimt vistkerfa og að stuðla að sjálfbærri landnýtingu. Aðrir skólar á vegum GRÓ eru Jafnréttisskóli, Jarðhitaskóli, sem er sá elsti, stofnaður árið 1979, og Sjávarútvegsskóli. Áður en GRÓ var stofnað árið 2020 voru þeir starfræktir sem hluti af Háskóla Sameinuðu þjóðanna.




**Dr. Principal Mdolo, fyrrverandi nemandi Landgræðsluskóla GRÓ frá 2016 og lektor við Landbúnaðar- og náttúruauðlindaháskólann í Lilongwe í Malaví, lýsti reynslu sinni af náminu.**

### Ísland býr yfir sérþekkingu

Nám í Landgræðsluskóla GRÓ fer fram í Landbúnaðarháskóla Íslands og alls hafa 240 útskrifast úr skólanum frá því að hann var stofnaður árið 2007. Nemendurnir hafa komið frá 17 löndum í Afríku og Mið-Asíu. Að sögn Nínu Bjarkar Jónsdóttur, forstöðumanns GRÓ, koma nemendur til Íslands til sex mánaða námsdvalar, með áskoranir og verkefni sem skipta miklu máli fyrir þeirra heimalönd, og ljúka lokaverkefnum sem nýtast með beinum hætti í þeirra störfum heima fyrir. „GRÓ veitir einnig styrki til framhaldsnáms – meistara- og doktorsnáms – til útskrifaðra nemenda og þá koma þau aftur og stunda nám við íslenska háskóla. Við höldum líka námskeið í heimalöndum þeirra í samstarfi við útskrifaða nemendur og þeirra stofnanir. Í raun má segja að starf GRÓ sé uppbygging stofnana, við menntum og þjálfum fólk sem nú þegar eru sérfræðingar og starfa hjá stofnunum sem leika mikilvægt hlutverk í þeirra heimalöndum á þessum fjórum sviðum; jarðhita, sjávarútvegi, landgræðslu og jafnrétti. Þetta eru allt svið þar sem Ísland býr yfir sérþekkingu og sem lögðu grundvöllinn að okkar eigin þróun úr sárafátækt til þeirrar velsældar sem við búum við í dag. Það má því segja að við þekkjum á eigin skinni möguleikana sem felast í því að efla þekkingu á umræddum sviðum.

Í viðburðaröðinni höfum við verið að skoða hvernig útskrifaðir nemendur skólanna hafa getað nýtt sér þekkinguna heima fyrir og árangurinn af starfinu, sem telur næstum því fimm áratugi. Nemendurnir sjálfir hafa sagt frá því hvernig þekkingin sem þau öðluðust hér hefur nýst heima fyrir.

Á viðburðinum í síðustu viku var fjallað um áhrifin af starfi Landgræðsluskóla GRÓ. Við höfum mikilvæga sögu að segja um hvernig Íslandi tókst að snúa vörn í sókn, stöðva landeyðingu og endurheimta land sem var farið undir sand. Landeyðing var gífurlegt vandamál hér við upphaf 20. aldar, en árið 1907 hófst skipulögð landgræðsla á Íslandi sem stunduð hefur verið sleitulaust síðan þá,“ segir Nína.

### Vitundarvakning í Malaví

Principal Mdolo, fyrrverandi nemandi Landgræðsluskóla GRÓ frá 2016 og lektor við Landbúnaðar- og náttúruauðlindaháskólann í Lilongwe í Malaví, var aðalræðumaður viðburðarins.

Hann sagði að sú þjálfun sem hann hefði fengið á Íslandi hafi dýpkað tæknilegan skilning hans á ferlum landeyðingar og landgræðsluaðferðum, en gefið honum jafnframt færni til að deila þeirri þekkingu og hjálpa til við að byggja upp færni hjá öðrum. Frá því hann sneri aftur heim hafi hann þjálfað meira en 400 manns og stuðlað að vitundarvakningu um landgræðslu í Malaví og þeim áskorunum sem landið stendur frammi fyrir á því sviði. Margir þættir hafi stuðlað þar að minnkandi frjósemi jarðvegs, minni landbúnaðarframleiðni og aukinni viðkvæmni dreifbýlissamfélaga.

Hann lagði sérstaka áherslu á mikilvægi tengslaneta sem skapast í gegnum GRÓ skólana og benti á að uppbygging á færni grundvallaðist á samvinnu milli stofnana, fræðigreina og landa. Útskrifaðir nemendur skólans starfi saman eftir útskrift og eigi einnig samstarf við sérfræðinga og kennara sína á Íslandi.

Þá fjallaði hann einnig um alþjóðlega áskorun landeyðingar og sameiginlega skuldbindingu um að stöðva hana. Í því samhengi lagði hann áherslu á að þekking, ýmis tól og samstarf væru nauðsynlegir þættir til að styðja við árangursríkar aðgerðir við endurheimt landgæða.

Mdolo ræddi mikilvægi Landgræðsluskóla GRÓ þar sem áskoranir aukast vegna loftslagsbreytinga, fólksfjölgunar og hnignunar vistkerfa. „Leiðin fram á við krefst þess að við styrkjum tengslin milli þekkingar og færni. Þjálfun eins og Landgræðsluskóli GRÓ stendur fyrir gegnir lykilhlutverki í þessu ferli,“ sagði hann. */smh*

EYLÍF

# **Hrein** íslensk fæðubót **frá Eylíf**

*Ókeypis sending á Dropp stað ef keypt er fyrir 7500 kr eða meira*

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó*




## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og **Stronger LIVER,** allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra. Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.“

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ algalíf
- GeoSilica kísill frá Hellisheiði
- Kollagen frá Grindavík og Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði




## Skapið er miklu betra

**Guðjón Gunnþórsson kynntist Active JOINTS frá Eylíf á síðasta ári og segist hafa uppgötvað algjörlega breytta líðan á heilsu sinni eftir að hann hóf inntöku á þessu einstaka íslenska fæðubótarefni.**

Guðjón segist hafa verið mjög slæmur í mjaðmarliðum og taldi að ekkert annað væri í stöðunni en að fara í aðgerð. Eftir að hann kynntist **Active JOINTS** hafa verkirnir svo til horfið og hann segist ekki lengur þurfa aðgerð. „Það kom mér stórkostlega á óvart hversu fljótt ég fann mun á líðan minni til hins betra,“ segir hann. Ég er með slitgigt og kölkun í mjaðmarliðum og var oft mjög verkjaður, átti erfitt með gang. Ég fór að finna fyrir þessum verkjum árið 2022 en ef ég sat lengi í stól átti ég erfitt með að standa upp,“ segir Guðjón og bætir við „Einnig var ég með verki í axlarliðum sem ég fann fyrir þegar ég lagðist til svefns á kvöldin. Ég fór í sjúkraþjálfun og tók mikið af verkjalyfjum. Það var ekki fyrr en ég kynntist **Active JOINTS** á síðasta ári sem mér fór að líða betur og gat sleppt þessum verkjalyfjum,“ segir hann.

**Það var virkilega ánægjulegt að finna að Active JOINTS virkar svona vel og ég get mælt 100% með því fyrir alla sem finna fyrir liðaverkjum,“ segir Guðjón og bætir við að nú sé hann orðinn áskrifandi og fái því Active JOINTS sent heim sem sé mjög þægilegt. „Það er eins og Active JOINTS smyrji liðina,“ bætir hann við. „Ég hef séð reynslusögur á heimasíðu Eylíf þar sem fólk lýsir betri líðan með Active JOINTS og get tekið undir þær umsagnir.**

Fyrst tók ég tvær töflur en var svo bent á að besti árangurinn næðist með þremur á dag sem ég tek núna. **Active JOINTS** virðist líka vera bólguhamlandi. Svo treystir maður betur vöru sem er unnin úr hreinum íslenskum hráefnum,“ segir hann.

Guðjón er kominn á eftirlaun en hann er menntaður vélfræðingur og starfaði á Landspítalanum í fjörtuíu ár. Þar þjónustaði hann meðal annars loftræstikerfi spítalans. „Þetta var vaktavinna sem ég kunni vel við og var ánægður í starfi. Eftir að ég hætti að vinna fer ég í sund og göngu. Hef sömuleiðis gaman að skák og tefli svolítið. Síðan erum við hjónin dugleg að ferðast utanlands en kuldinn hér heima er ekki góður fyrir liðina.“

**Guðjón segir að miklir verkir skapi pirring í skapi og því sé ánægjulegt að losna við þá. „Skapið er miklu betra,“ segir hann og hlær.**




## Gerir lífið mitt auðveldara

**Brenda Pretlove sjúkraliði hefur tekið inn Active JOINTS frá Eylíf til að minnka óþægindi í liðum sem hafa fylgt slitgigt hjá henni. Hún segist finna mun til hins betra eftir að hún kynntist vörunni.**

„Ég hef glímt við slitgigt í mörg ár en þeim fylgdu miklir liðverkir. Ég er öflug hestakona og fer daglega í hesthúsið þar sem ég er með þrjá hesta. Þar kynntist ég Ólöfu Tryggvadóttur sem framleiðir **Active JOINTS** og hún hvatti mig til að prófa vöruna. Ég gerði það og **Active JOINTS** hefur hentað mér einstaklega vel. Þótt það lækni ekki gigtina getur það haldið óþægindunum niðri og mér líður betur eftir að ég fór að taka **Active JOINTS** reglulega,“ segir Brenda. „Það er alveg klárt að þetta hjálpar mér,“ bætir hún við. „Ég tel að það sé engin spurning að fæðubótarefni geta hjálpað fólki með slitgigt.“

Brenda segir að hún hafi verið með verki í fingrum og slæm í annarri mjöðminni en **Active JOINTS** hafi algjörlega bjargað henni. „Mér finnst líka alveg frábært að þetta er íslensk vara unnin úr íslenskum hráefnum,“ segi hún. „Önnur dóttir mín er líka að taka inn **Active JOINTS** með góðum árangri og er áskrifandi að vörunni og fær hana heimsenda.“

Brenda segist bæði hafa prófað **Stronger BONES** og **Happier GUTS** frá Eylíf og hafi mikla trú á þessum vörum. „Ég get mælt 100% með vörunum frá Eylíf,“ segir hún.






Heimild: OECD Agricultural Policy Monitoring and Evaluation 2025

# Óvissa fram undan í rekstrarumhverfi bænda

**Í aðdraganda viðræðna við stjórnvöld um nýja búvörusamninga ríkir óvissa meðal bænda um hvað taki við sem torveldar mjög ákvarðanir í rekstri búa. Við það bætist einnig sú óvissa hvað taki við ef þjóðin greiðir atkvæði með að hefja viðræður að nýju um aðild Íslands að ESB. Það er því ekki úr vegi að skoða þann mun sem liggur í stuðningskerfi bænda á Íslandi og í ESB.**

Harpa Ólafsdóttir
harpa@bondi.is



OECD tekur árlega saman skýrslu um fyrirkomulag greiðslna til bænda í einstökum löndum. Þannig greinir OECD hlutfall tekna bænda sem kemur til stuðnings með einum eða öðrum hætti, svokallað PSE hlutfall. Ef horft er til þróunar á PSE hlutfalli á Íslandi frá árinu 1986 til ársins 2024 má sjá að hlutfallið hefur lækkað talsvert á þessu tímabili en það var 76% árið 1986 og var metið 52% fyrir árið 2024.

Samkvæmt gögnum OECD má sjá að á þessu tímabili hefur fyrirkomulag stuðnings breyst töluvert frá því að hafa nánast eingöngu verið í formi markaðsverndar eða tollverndar í það að framleiðslutengdur stuðningur fékk aukið vægi sem og aðrar stuðningsgreiðslur. Þá er rétt að hafa í huga að PSE hlutfall getur sveiflast milli ára í takt við gengisbreytingar. Sem dæmi þá sjáum við lækkunarferli á PSE hlutfalli frá árinu 2016 þegar það var 60% og var komið niður í 45% árið 2022 en á sama tíma lækkaði jafnframt gengið á íslensku krónunni. Síðan þá hefur krónan styrkst aftur og PSE hlutfallið hækkað að sama skapi og var komið í 52% árið 2024.




Heimild: OECD Agricultural Policy Monitoring and Evaluation 2025

Það er fróðlegt að bera saman PSE hlutfall á Íslandi við ESB. Þannig var PSE hlutfall á Íslandi fyrir tímabilið 2022 til 2024 47% á meðan það var 16% í ESB fyrir sama tímabil en forsendur fyrir þessum mun má rekja til erfiðari rekstrarskilyrða í íslenskum landbúnaði, svo sem hærri launakostnaðar, erfiðari náttúruskilyrða til landbúnaðar, dreifbýlis, fámennis og einangrunar landsins vegna hnattstöðu.

Samkvæmt gögnum OECD nam markaðstengdur stuðningur á Íslandi sem er að mestu leyti í formi tollverndar um 47% fyrir tímabilið 2022 til 2024 en var 23% fyrir sama tímabil í löndum ESB.

Á meðan talsverður hluti stuðnings við bændur á Íslandi er framleiðslutengdur miðast styrkjakerfi ESB, Common Agricultural Policy eða CAP fyrst og fremst við eingreiðslur til búa eða Single Payment Scheme – SPS sem eru ekki framleiðslutengdir styrkir.

Innganga Íslands í ESB myndi kollvarpa rekstrargrundvelli bænda á Íslandi þar sem stærstur hluti stuðningskerfisins miðast við tollvernd og framleiðslutengdan stuðning sem rúmast ekki fyrir í styrkjakerfi ESB.

Það er oft horft til Finna þegar meta á hugsanleg áhrif Íslands við inngöngu í ESB. Í samanburði við önnur lönd innan ESB telst Finnland nokkuð harðbýlt líkt og Ísland og norðlæg lega landsins erfiðari til landbúnaðarræktunar en þau lönd sem liggja sunnar í álfunni. Markaðsverndarstuðningur í Finnlandi vó talsvert þungt fyrir inngöngu þeirra í ESB en féll að mestu leyti niður við inngöngu í ESB. Þannig var PSE hlutfall í Finnlandi og á Íslandi nokkuð áþekkt fyrir inngöngu Finna í ESB, sem dæmi þá var PSE hlutfallið 67% í Finnlandi árið 1994 og 61% á sama tíma á Íslandi. Samkvæmt skýrslu OECD frá 2025 lögðu Finnar sjálfir til um 56% af þeim stuðningi sem lagt var til landbúnaðar en sóttu einungis 44% af stuðningi til ESB.

Af þessu má ráða að veruleg óvissa blasir við bændum á meðan beðið er niðurstöðu hvort hefja eigi viðræður á nýju um aðild Íslands að ESB. Þá er einnig ljóst að sjóðir ESB myndu ekki tryggja bændum viðunandi rekstrargrundvöll í stað þess stuðningskerfis sem gildir í dag og því mikilvægt að afstaða stjórnvalda verði skýr með hvaða hætti afkoma bænda verði tryggð.



**STEINSMIÐJA AKUREYRAR**
*steinsmidjaakureyrar.is*

**Tilboð 1- 690.000**
**Án blómaramma 590.000**




**Tilboð 2**
**199.000**

**255.000**
**með lukt**




# VORTILBOÐ

**Innifalin er uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi.**
**Sendum frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.**

**Tilboð 3 - 610.000**
**Án blómaramma**
**510.000**




**Tilboð 4 - 495.000**
**Án blómaramma**
**395.000**




**Rúmar vel tvö nöfn**

## *Minni steinar sem passa líka á duftleiði*

**Tilboð 5**
**Demantur**
**175.000**
**225.000**
**með lukt**




**Blár**




**Grár**




**Svartur**




**Paradiso**




**Svartur**

**Tilboð 6**
**Hjarta 199.000**
**255.000 með lukt**

*s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is*
*Verslun Njarðarnes 4, 603 Akureyri*





Svipmyndir frá Andernach. Myndir / Edible_City_Andernach3_© 90Grad Photography - Hilger& Schneider GbR



## Þýskaland:

# Andernach, borgin sem er æt

**Félagslegur og umhverfislegur ávinningur er af ræktun ætigarða í Andernach. Verkefnið hefur skapað störf fyrir fólk sem lengi hefur verið án atvinnu og styður við menntun grunnskólabarna.**

Í vesturhluta Þýskalands er 31.000 íbúa borg þar sem almenningsrými eru nýtt til ræktunar á grænmeti, ávöxtum, berjum og angandi blómum. Íbúar geta uppskorið og gestir tínt upp í sig á ferðum sínum en verkefnið laðar að fjölda ferðamanna. Borgaryfirvöld líta á verkefnið sem hluta af innviðum borgarinnar sem þjónar fjölþættu hlutverki.

### Borg verður garður

Almenningsrými í Andernach eru aðlaðandi, ilmandi, bragðgóð og tengja íbúa og gesti saman. Borgin, sem er á bökkum Rínar, hefur frá árinu 2010 unnið markvisst að því að rækta ætiplöntur á grænum svæðum í miðborginni og í úthverfum.

„Á komandi sumri munum við áfram hirða um og rækta á núverandi matjurtasvæðum og bæta við nýjum, smærri trjám," segir Jonas Gesell, verkefnisstjóri á sviði umhverfis og sjálfbærni hjá borgaryfirvöldum Andernach, um verkefnið sem er í sífelldri þróun.

Stórt svæði við gamlan kastala og borgarmúra í miðborginni er hluti verkefnisins þar sem um 8000 m2 eru nýttir til ræktunar ætiplantna og 130.000 m2 í úthverfum, allt undir yfirskriftinni „má tína" eða „picking allowed". Íbúar geta sótt sér mat í ætigarðana og á sama tíma eru félagsleg tengsl íbúa ræktuð í gegnum verkefnið.

Aðspurður um fjármögnun verkefnisins segir Jonas nákvæmar fjárhagsupplýsingar ekki birtar en að almennt séð veiti borgin fé til verkefnisins sem er í lægri enda sex stafa tölu evra. Auk þess séu hlutar verkefnisins og stærri framkvæmdir sér fjármagnaðar með styrkjum, verðlaunafé eða sérstökum fjármögnunaráætlunum. „Þetta gerir okkur kleift að þróa verkefnið áfram skref fyrir skref og horfa til lengri tíma."

Æta borgin laðar að ferðamenn og boðið er upp á leiðsagnir um ætigarðana frá apríl og fram í október. Á árlegri bæjarhátíð, Andernach schmeckt, sem verður haldin þann 5. júlí, er lögð áhersla á mat og slow food markað.

### Sýnilegt sjálfbærniverkefni

„Verkefnið er eitt sýnilegasta sjálfbærniverkefni borgarinnar," segir Jonas. Ræktunin hefur góð áhrif á loftslagið í borginni þar sem gróðurinn veitir skjól í hitabylgjum, jarðvegurinn tekur við vatni í miklum rigningum og hefur góð áhrif á loftgæði. Borgin er nú orðin betra búsvæði fyrir fjölbreytt dýralíf og litríkari fyrir vikið.

Jonas segir „eitt af því sem nú er í brennidepli er uppsetning færanlegra ávaxtatrjáa á ýmsum stöðum í gamla bænum. Þessi tré munu auka gróskuna og krónuþekjuna, forsælu og kælingu, en jafnframt auka gæði dvalar í miðbænum. Að auki verður haldið áfram að planta fjölbreyttu grænmeti, kryddjurtum, ávaxta- og blómplöntum á núverandi ræktunarsvæðum, í jarðlægum og upphækkuðum beðum."

Ræktunin teygir sig inn á lóðir grunnskóla bæjarins og felur í sér menntunargildi sem bærinn hefur fjárfest sérstaklega í. Það sameinar einnig umhverfisleg sjónarmið við félagsleg markmið. „Viðhald margra svæðanna er unnið í samstarfi við Perspektive, óhagnaðardrifin samtök, sem styðja við aðlögun þeirra sem hafa lengi verið án atvinnu og einnig flóttamanna að vinnumarkaði," bætir Jonas við.

### Þýsk og alþjóðleg verðlaun

Andernach er nú meðal leiðandi borga í ræktun ætigarða. Við upphaf verkefnisins ríktu efasemdir en þær viku fljótt fyrir metnaði bæjarbúa en verkefnið byggir á ríkulegri þátttöku bæjaryfirvalda, atvinnulífs og íbúa. Verkefninu hefur verið haldið úti í 16 ár og hefur hlotið bæði þýsk og alþjóðleg verðlaun fyrir grænt borgarskipulag, nýsköpun í stjórnun grænna svæða og sjálfbæra umbreytingu almenningsrýma.

Andernach varð árið 2018 hluti af Edible Cities Network sem hlaut styrk árið 2020 úr Horizon rannsóknar- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins. Berlín, Rotterdam og Osló eru þátttakendur í verkefninu. Með þátttöku vildi Andernach leggja sitt af mörkum til að skapa aukna þekkingu á lífvænlegri borgum með ræktun ætigarða og lausnum sem snerta á matvælaframleiðslu, dreifingu og neyslu.

### Stysta framboðskeðjan

Þýskir rannsakendur hafa nýtt Andernach sem vettvang rannsókna og meðal annars sýnt fram á gæfulegast er að styrkur sveitarfélags og frumkvæði borgaranna sé samnýtt í framkvæmd slíks verkefnis. Þannig gefst betri árangur ef borgarar geta haft frumkvæði að því að skipuleggja, taka ákvarðanir og gróðursetja frekar en einvörðungu að hirða um garða og uppskera. „Æta borgin hjálpar fólki að tengja aftur við mat, plöntur og árstíðirnar. Í gegnum árin höfum við líka einnig séð að fólk metur þessi svæði mikils; vandamál eins og rusl eða skemmdarverk hafa haldist mjög takmörkuð," segir Jonas, verkefnisstjóri hjá Andernach-borg, að lokum.

*/eks*



& Rín
6. – 13. september 2026
Fararstjórn: Aðalsteinn Jónsson
Verð 329.900 kr. á mann í tvíbýli
Töfrandi ferð um Móseldalinn þar sem rómantík og náttúrufegurð lætur engan ósnortinn. Við dveljum í elstu borg Þýskalands, Tríer, sem er rík af sögu og fornminjum og förum í heillandi ferðir m.a. til Bernkastel-Kues, Rüdesheim og Koblenz. Þá verður farið í skemmtilega siglingu á Mósel og að lokum trompum við þessa glæsilegu ferð í stórhertogadæminu Lúxemborg.
bænda FERÐIR
Bókaðu núna á bændaferðir.is
Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík
Framúrskarandi fyrirtæki 2025



Fallegir íslenskir kartöflugarðar í blóma síðasta sumar en afar góð uppskera var síðasta haust. Staða íslenskra kartaflna á markaði er hins vegar ekki góð og stefnir í að bændur þurfi nú að henda fleiri hundruð tonnum af íslenskum kartöflum frá síðasta hausti, þar sem ekki tekst að selja þær. Mynd / Aðsend

# Erfið samkeppnisstaða íslenskra kartöflubænda

## – Framleiðsla á íslenskum kartöflum á krossgötum

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

**Mikið magn óseldra íslenskra kartaflna liggur undir skemmdum í geymslum kartöflubænda nú í byrjun sumars þegar nýtt ræktunartímabil er að hefjast. Tvennt kemur til; innflutningur á erlendum kartöflum sem hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár – og talsvert meira á undanförnum mánuðum – auk þess sem afar góð uppskera var á síðasta ári upp úr íslenskum kartöflugörðum.**

Kartöflubændur rekja aukinn innflutning til þess að vægi verndartolla fyrir innlendu framleiðsluna hafi rýrnað mjög frá ári til árs, þar sem þeir séu krónutölubundnir og haldi því ekki í við almenna verðlagsþróun. Þannig séu tollar ekki lengur sú hindrun sem þeir áður voru þegar vægi þeirra var meira í heildarkostnaði við innflutninginn.

### Aldrei meiri innflutningur

Samkvæmt samantekt Bændasamtaka Íslands á gögnum frá Hagstofu Íslands og innflutningstölum frá Skattinum út frá tollnúmerum, hefur innflutningur aldrei mælst meiri en á síðastliðnu tímabili ágúst til febrúar, þegar borin eru saman þessi tímabil aftur í tímann. Þetta er aðal uppskeru- og sölutímabil íslenskra kartaflna og á árunum 2023–2024 var þetta magn 217 tonn, næsta ár á eftir 313 tonn og á síðasta tímabili var það komið í 335 tonn, þrátt fyrir einstaklega góða uppskeru á Íslandi síðasta haust.

Mest er þó flutt inn á sumrin. Þá er framboð á íslenskum kartöflum jafnan orðið minna, en það gildir ekki um þetta ár.

Þegar horft er aftur til ársins 2017 hefur heildarinnflutningur á ári aukist um 1.000 tonn, en innlend framleiðsla dregist saman um sama magn. Þá þróun skýra íslenskir kartöflubændur þannig að lítill sem enginn hvati sé til að rækta kartöflur á Íslandi þar sem fáir stórir birgjar stýri þessum markaði og hafi ekki sýnt áhuga á að kaupa meira af þeim.

### Sami magntollur og árið 2002

Jón Helgi Helgason, kartöflubóndi á Þórustöðum í Eyjafirði, skrifaði nýlega grein í Bændablaðið þar sem hann varpar ljósi á þessa stöðu. Þar sagði hann stefna í að bændur þyrftu nú að henda fleiri hundruð tonnum af íslenskum kartöflum frá síðasta hausti, þar sem ekki tækist að selja þær í vonlausri samkeppni við innflutninginn. Sagði Jón Helgi að héldi sama þróun áfram myndi íslensk kartöflurækt leggjast af.

Innflutningur á kartöflum ber nú 60 krónu magntoll á hvert kíló, sem er sama upphæð og á árinu 2002 þegar þessir tollar voru upphaflega lagðir á, nema í júnímánuði en þá er kartöfluinnflutningur tollfrjáls.

### Engin svör fást frá tollayfirvöldum

Árið 2002 voru settir á tvenns konar tollar; áðurnefndur krónutölutollur á magn – án verðbótaákvæða – og að auki 30% tollur á innflutningsverðmæti.

Yfirlýst markmið magntollsins var að vernda innlendu framleiðsluna gegn innflutningi, en vegna þess að hann hefur ekki verið uppfærður samkvæmt verðlagsþróun hefur hann misst marks. Ef hann er reiknaður upp til verðlags dagsins í dag má gera ráð fyrir að hann stæði nálægt 185 krónum á hvert kíló, sem væri yfir 200 prósenta hækkun.

Þegar Ísland gerði tvíhliða samning við Evrópusambandið árið 2015 um tolla á landbúnaðarvörum, sem tók gildi 2018, var 30% tollurinn felldur niður en magntollurinn hélt sér. Síðan hafa fyrirtæki flutt inn kartöflur á þeim forsendum, nema bökunarkartöflur sem hafa verið tollfrjálsar lengi, en flestir bændur leggja ekki metnað í ræktun þeirra þegar tollfrelsi ríkir og verðlagið er svona lágt. Að sögn Jóns Helga er rökstuddur grunur um að verið sé að flytja inn ferskar venjulegar kartöflur í töluverðu magni á öðrum tollfrjálsum tollanúmerum, sem hann segir að lesa megi úr innflutnings- og sölutölum. Ítrekað hafi verið óskað eftir því við tollayfirvöld að þessi mál verði skoðuð en engin svör hafi borist við þeim beiðnum.



### Tollglugginn opnar í júní

Jón Helgi útskýrir að magnið sem íslenskir kartöflubændur sjái fram á að þurfa að henda sé vegna þess innflutnings sem hafi staðið yfir í allan vetur og hafi hamlað sölu á íslenskum kartöflum. „Þeir sem hafa ekki nægilega góðar geymslur þurfa að farga fyrr en aðrir og yfirleitt eru kartöflurnar þá byrjaðar að spíra eða gæðin ekki næg til að selja neytendum. Bændur reyna að draga það að farga kartöflum þar til að ljóst er að ekki er hægt að selja þær lengur meðal annars vegna þess að nýjar kartöflur eru komnar á markað, hvort sem þær eru innfluttar eða íslenskar. En tollglugginn opnar í júní – og þá er heimilt að flytja allar ferskar kartöflur inn tollfrjálst – en þá er nokkuð ljóst að gamlar kartöflur seljast ekki mikið eftir það.“


Jón Helgi Helgason.

Spurður um hvort ekki megi nýta matvælin með einhverjum hætti í stað þess að henda þeim segir hann að margir bændur nái að nýta þær í dýrafóður þar sem þær nýtist vel, en takmörk séu fyrir því hversu miklu magni hægt sé að koma út á stuttum tíma. Vinnslur sem skræla kartöflur og forsjóða geti til dæmis ekki tekið við svona miklu magni þar sem markaðurinn sé þröngur, meðal annars vegna innflutnings.

### Tollglugginn hugsaður sem tímabundinn

Undanþágan fyrir innflutning á tollfrjálsum kartöflum í júnímánuði var lögfest á grunni samkomulags á milli Bændasamtaka Íslands og Félags atvinnurekenda og tók gildi árið 2021. Var þetta hugsað sem tímabundinn „tollgluggi“ sem næði yfir ýmislegt annað grænmeti þegar skortur væri á innlendri framleiðslu. Ljóst var af uppskerunni 2020 að mjög takmarkaðar birgðir yrðu í landinu af innlendum kartöflum á árinu 2021.

Í svari atvinnuvegaráðuneytisins við fyrirspurn um hvort ráðherra hafi hug á því að grípa inn í þessi mál, segir meðal annars að þar sem allar ákvarðanir um breytingu á tollum þurfi að fara í gegnum Alþingi hafi atvinnuvegaráðherra ekki heimildir til að grípa inn í mál af þessum toga. „Núgildandi fyrirkomulag um tímabil tollfrjáls innflutnings á grænmeti var lögfest með lögum 133/2021 og hefur síðan verið framlengt óbreytt árlega en það byggði á samkomulagi Bændasamtaka Íslands og Félags atvinnurekenda. Það gildir til ársloka 2026 og kemur án efa til skoðunar þingsins fyrir lok þessa árs.“



Samanburður á innlendri framleiðslu og innflutningi í tonnum.



Innflutningur í samanburði við íslenska uppskeru á tímabilinu ágúst til febrúar. Myndir / Aðsendar

Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, segir að rétt sé að lagasetningin hafi byggt á samkomulagi við Félag atvinnurekenda um að aflétta tollum af innflutningi í einn mánuð vegna slæmrar birgðastöðu. „En eftir það höfum við sett okkur upp á móti þessu. Þetta er bráðabirgðaákvæði sem er endurskoðað á hverju ári og stjórnvöld hafa ekki sýnt því neinn áhuga að fella þetta út aftur, sama hvernig staðan er á markaði,“ segir hann.

### Þörf á úttekt á tollaeftirliti

Jón Helgi segir gríðarlega mikilvægt fyrir kartöflubændur að tollaumhverfið verði endurskoðað með tilliti til stöðu framleiðslunnar hverju sinni, auk þess sem brýn þörf sé á úttekt á tollaeftirliti með innflutningi á kartöflum.

„Bökunarkartöflur eru skilgreindar stærri en 65 millimetrar og sjálfsagt er flutt inn töluvert magn alveg eftir bókinni. Það er hins vegar ekkert eftirlit með þessu og eina leiðin til að komast til botns í málinu er að allir innfluttir gámar af kartöflum séu grandskoðaðir af tollaeftirlitsmönnum.

Við höfum ekki nákvæmar tölur en sláandi söluminnkun á íslenskum kartöflum er slíkur að það hljóta að vera að koma kartöflur annars staðar frá inn á íslenska markaðinn og við skoðun á innflutningstölum, á þeim tollanúmerum sem tengjast ferskum kartöflum, stemmir ekki mismunurinn. Neysluvenjur breytast ekki svona hratt.

Stjórnvöld hafa nú ekkert brugðist við þeirri grein sem fjallað var um þetta í Bændablaðinu. Þeim fyrirspurnum sem ég hef persónulega sent á tollinn hefur ekki verið svarað og ekki einu sinni þakkir fyrir ábendingar og hvort þessu verði svarað eða ekki.“

### Gæðamál og geymsla

Kartöflubændur þurfa ekki eingöngu að keppa um hillurplássið í verslunum við innfluttar kartöflur, heldur einnig oft og tíðum við ferskari vöru en þeir geta sjálfir boðið upp á. Því er mikilvægt að meðhöndlun þeirra og geymsla sé eins og best verður á kosið.

Jón Helgi kannast við gagnrýnisraddir um að íslensku kartöflurnar standist stundum ekki fyllilega kröfur um gæði og útlit. Hann segir að margt sé þó hægt að gera til að viðhalda góðum eiginleikum þeirra býsna lengi. „Til að bæta gæði á íslenskum kartöflum þarf að samhæfa marga þætti svo vel til takist og suma þætti er lítið hægt að hafa áhrif á – eins og til dæmis veðurfar. Aðra þætti þarf að vinna betur að til að ná fram hámarksgæðum. Oftar en ekki er framleiðandinn eða bóndinn sakaður um gallana sem fram eru komnir hjá neytanda en oft er orsökin skemmdir sem koma við flutning og grænar kartöflur sem myndast vegna birtu í verslun og því þurfa allir milliliðir að vanda til verka.“

Bændur geti gætt að heilbrigði ræktarlands, til dæmis með skiptiræktun og hóflegri áburðargjöf. Þeir þurfa einnig að hafa góðar geymslur þar sem hægt er að stýra raka og hita með öruggum hætti. Vanda þurfi gæðaflokkun og huga að leiðum til að auka geymsluþol kartaflna sem búið er að þvo. Einnig þurfi að vanda pökkun, því ef kartöflur eru blautar við pökkun í plastpoka skerðist endingartíminn.

Þá sé mikilvægt að afgreiða vörur til flutnings á þann hátt að lágmarka að birta komist að kartöflum við flutning. Eins og staðan er í dag sé ekki raunhæft fyrir bændur að fjárfesta í nýju geymsluhúsnæði eða góðum tækjabúnaði, meiri fyrirsjáanleiki þurfi að vera fyrir hendi.

Flutningsaðilar og birgjar þurfi að vanda meðferð á kartöflum við flutning og skammtímageymslu og sömuleiðis verslanir.

Jón Helgi segir að helst sé kvartað útlitslega yfir því að íslenskar kartöflur séu grænar og það sé í flestum tilvikum hægt að koma í veg fyrir það með réttri meðferð. „Sumar verslanakeðjur hafa komið upp þeirri venju að kartöfluframleiðendur sjái gjarnan um að koma sínum vörum í hillur verslana og sjái sjálfir um að ekki verði of gömul vara eftir í hillum eða kartöflurnar séu orðnar grænar vegna lýsingar í versluninni. En þegar framleiðendur hafa ekki tök á því sökum fjarlægðar er umhirðu um gæði kartaflnanna verulega ábótavant. Það er algengt að þær skemmist í flutningi og standi síðan dögum saman undir miklu ljósi í versluninni og því orðnar grænar. Framleiðendur hafa því brugðið á það ráð að hafa litaðar filmur í plastpokum svo lýsingin í versluninni valdi síður grænum

*- Framhald á síðu 22*


Með aukinni stofnrækt verði auðveldara að framleiða fallegri vöru. Mynd / Aðsend





Sigurgeir Ólafsson plöntusjúkdómafræðingur sá um þessa stofnræktun í áratugi frá 1976 með svokallaðri vefjaræktun. Tilgangurinn með stofnræktuninni er að halda útsæðinu sjúkdómafríu. Mynd / smh



Stofnrækt á íslenskum kartöflum er á krossgötum. Mynd / Aðsend

## Vefjaræktun á hreinu stofnútsæði

Stofnrækt á íslensku útsæði gengur út á það að framleiða nýtt sjúkdómalaust útsæði á hverju ári. Það er gert með vefjaræktun frá kartöflugrasi í dauðhreinsuðu umhverfi.



Vefjaræktun í tilraunaglösum. Mynd / smh

Vefjaræktuðum plöntum er fjölgað þar til að nægur fjöldi næst. Síðan þarf að planta þeim út í gróðurhúsi að vori og uppskera að hausti svokölluð smáber (S1). Vanda þarf geymslu og smithættu við þessa vinnu. Smáberin eru síðan sett niður vorið eftir og tekið upp að hausti kartöflur af stofni S2. Síðan þarf að fjölga þeim kartöflum sem undan stofninum koma og nefnast þeir stofnar S3 og S4 eftir árgerð. Ef nægt magn næst af S4 næst að selja það til kartöflubænda en oftast þarf að auka magnið og framrækta í eitt ár enn en þá nefnist stofninn E-stofn(e. Elite).

Ferlið getur tekið 4-5 ár frá því að vefjaræktuð planta verður að útsæði til kartöflubænda. Síðan rækta þeir áfram í eitt ár og geta selt útsæði til almennings eða annara bænda. Það útsæði er síðan grundvöllurinn að þeirri söluvöru sem neytendur sjá í matvöruverslunum. Þá eru liðin 6-7 ár frá vefjaræktun. Þannig að á hverju ári þarf nýja vefjaræktun til að endurnýja stofninn og vanda þarf til verka til að þess að halda úti heilbrigði yrkjanna.

kartöflum en á móti er erfiðara fyrir neytandann að gera sér grein fyrir gæðum þeirra í pokanum. Neytendur standa þá gjarnan í þeirri trú að framleiðandinn sé að villa um fyrir sér og vísvitandi reyni að selja grænar og skemmdar kartöflur. Enginn framleiðandi myndi setja nafn sitt við slíkan gjörning.

Framleiðendum getur því miður einnig orðið á í messunni og skemmdar eða útlitsgallaðar kartöflur endað í poka neytenda.“

### Skortur á hvötum til frekari úrvinnslu á kartöflum

Þá segir Jón Helgi að stjórnvöld verði að stuðla að því að hvatar myndist hjá fyrirtækjum svo þau sjái sér hag í því að vinna frekar úr kartöflum, til dæmis franskar og snakk. Hafi kartöflubændur möguleika á að koma útlitsgölluðum kartöflum í verð í þess konar framleiðslu þá sé fyrst raunhæft að auka enn gæðin. Bændur verði að geta selt meginþorra framleiðslu sinnar til að lifa af í rekstrinum. Einnig þurfi stjórnvöld að bæta í flutningsjöfnunarstyrk til þess að þeir sem búa lengra frá markaðssvæði sitji við sama borð og aðrir. Til viðbótar þurfi lengri búvörusamninga til að hafa fyrirsjáanleika í greininni og jafnframt hvata og styrkjakerfi til að bændur hafi möguleika á að bæta geymslur og tækjabúnað, svipað og hátti til hjá nágrannaþjóðum okkar.

Loks segir Jón Helgi að með aukinni stofnrækt verði auðveldara að framleiða fallegri vöru þar sem tíminn frá vefjaræktun til sölu til neytenda styttist. Færri framræktunarár minnka líkur á útlitsgöllum. Í dag sé stofninn orðinn gamall vegna þess að vefjaræktun lá niðri í nokkur ár og vænta megi afurða af nýja stofninum í verslanir haustið 2028.

### Stofnræktun á hreinu íslensku útsæði

Stofnræktun á nokkrum íslenskum kartöfluyrkjum hefur lengi tíðkast á Íslandi, í því skyni aðallega að halda útsæðinu sjúkdómafríu. Sigurgeir Ólafsson plöntusjúkdómafræðingur sá um þessa stofnræktun í áratugi frá 1976 með svokallaðri vefjaræktun. Svo lagðist hún af í nokkur ár, áður en Matís tók verkefnið að sér árið 2022 eftir að hafa samið um það við stjórn garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands.

Sigurgeir lagði þannig grunninn að stofnræktun íslensku yrkjanna Gullauga, Rauðar Íslenskar og Helgu – ásamt Premiere. Miklir útlitsgallar og sjúkdómar voru farnir að gera vart við sig í íslenskum kartöflum vegna einræktunar. Jón Helgi segir að honum hafi tekist með mikilli eljusemi í sjálfboðavinnu að hreinsa íslensku stofnana og vernda þá. „Hann á miklar þakkir skilið fyrir en því miður féll hann frá fljótlega eftir að hann fór á eftirlaun og því mikil viska sem tapaðist til að halda þessari vinnu áfram,“ segir hann.

### Stefnt að samkeppnishæfari vöru

Að sögn Axels komu upp vandamál í stofnræktuninni hjá Matís og stór hluti plantna drapst. Náðst hafi að fjölga þeim plöntum sem lifðu af og talið er að líklega muni nást lágmarks fjöldi plantna til að halda starfinu áfram. „Stofnræktin er á krossgötum og við erum í fullri vinnu við að koma henni í framtíðarbúning. Í þeirri vinnu sé meðal annars horft til þess að taka ný norsk yrki inn í íslenska stofnrækt, gera yrkjaprófanir og koma á samstarfi við norska fyrirtækið Graminor um að hýsa plönturæktunina.

Þá gerum við ráð fyrir að fá inn nýjan stofnræktanda inn í greinina í því skyni að gera ferla skilvirkari og hægt verði að bjóða upp á samkeppnishæfa vöru.“

„Það er ákaflega dýrt að viðhalda vefjaræktun þegar einungis er verið að viðhalda fjórum yrkjum, það þarf nánast sama búnaðinn og fyrir einhver hundruð yrki og tímafrekt að undirbúa og ganga frá fyrir tiltölulega stutta vinnu í íhlaupum með öðru. Þegar markaðurinn er svona lítill eins og á Íslandi þá varla borgar það sig. Einnig er þetta aðeins hlutastarf og því ekki öruggt að halda í þá starfsmenn sem hafa næga þekkingu á starfinu. Því hafa komið upp óhöpp sem hafa skert framleiðsluna sem er verulega óheppilegt fyrir þessa litlu og viðkvæmu ræktun sem á sér stað,“ útskýrir Jón Helgi, sem var formaður í stofnræktarnefnd á deildarfundi garðyrkjubænda sem kynnti tillögur um framtíð á íslenskri stofnútsæðisræktun.

„Graminor er opinbert félag í Noregi og sér um mest alla vefjaræktun á stofnútsæði í Noregi og hefur umsjón með rúmlega 200 yrkjum og starfa um 4-5 starfsmenn þar í fullu starfi allt árið. Graminor er tilbúið að sjá um að viðhalda vefjaræktun á íslensku yrkjunum í sínum genabanka sem er mikið öryggi fyrir okkur ef óhöpp koma upp hér heima,“ bætir Jón Helgi við.

Hann telur að ef ekki takist að halda vefjaræktun áfram hér á Íslandi sé lítið mál fyrir Graminor að sjá um hana fyrir okkur og kostnaðurinn verði þá aðeins lítill hluti þess sem greitt er fyrir íslenska vefjaræktun í dag. Einnig sé hægt að fjölga þeim yrkjum sem eru síðan stofnræktuð hér á landi til þess að draga úr innflutningi á erlendu útsæði sem geti verið bæði kostnaðar- og áhættusamt, vegna mögulegra sjúkdóma sem geta komið með sýktu útsæði.

### Hægt að flytja inn allt að þúsund sinnum minna af hverju yrki

Þannig væri hægt að flytja inn allt að þúsund sinnum minna af hverju yrki með því að kaupa smáber frá Graminor og stofnrækta þau hér heima.

„Notkun á mörgum yrkjum er háð höfundarrétti og því getur verið erfitt að fá leyfi fyrir stofnræktun á þeim. Þetta er allt til skoðunar. Staðreyndin er sú að íslenskir bændur eru að flytja inn útsæði ýmissa yrkja erlendis frá, sem markaður er fyrir hér á landi – þar sem þau eru ekki stofnræktuð hér heima,“ segir Jón Helgi að lokum.



Jón Helgi kartöflubóndi telur að haldi sama þróun áfram með innflutning á erlendum kartöflum, leggist íslensk kartöflurækt af. Mynd / Aðsend






**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílasala Reykjaness**
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
547 9100

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**BL ehf.**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



## Matvælaöryggi:

# Reglur Evrópusambandsins gilda ekki á Íslandi

### – Yfirborðsmeðhöndlun sítrusávaxta

**Fyrirtækjum sem flytja inn og selja sítrusávexti ber ekki skylda til að merkja þá með þeim efnum sem hafa verið notuð við yfirborðsmeðhöndlun þeirra.**

Reglugerðir Evrópusambandsins kveða á um slíkar merkingar og Norðmenn hafa tekið þær upp hjá sér. Reglurnar gilda ekki á Íslandi samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun. Mörg efni eru notuð við yfirborðsmeðhöndlun sítrusávaxta. Sum eru talin heilsuspillandi en ekki eru öll aukaefni skaðleg.

**Neytendur enn berskjaldaðari**

Ómögulegt er fyrir neytendur að vita hvort eða hvaða aukaefni hafa verið notuð við yfirborðsmeðhöndlun sítrusávaxta sé innflutningurinn ekki í gegnum Evrópusambandið, þar sem strangari reglur gilda um merkingar. Neytendur njóta því góðs af innflutningi í gegnum Evrópusambandið en eru berskjaldaðri þegar kemur að innflutningi frá löndum utan þess.

Upplýsingar frá Matvælastofnun í tengslum við fyrri umfjöllun um merkingar á yfirborðsmeðhöndluðum sítrusávöxtum voru misvísandi og miðuðu að reglum Evrópusambandsins en ekki þeim sem gilda á Íslandi.

Nokkur efni og efnakokteilar eru sérstaklega algengir við yfirborðsmeðhöndlun sítrusávaxta. Efnin bera ýmist nöfn eða E númer. Auk imazalil eru E903, E904, E914 og pyrimethanil mest áberandi í yfirborðsmeðhöndlun sítrusávaxta. Um 90% sítrusávaxta sem ekki eru lífrænt ræktaðir eru yfirborðsmeðhöndlaðir eftir uppskeru.

**Stendur ekki til að innleiða reglugerð um merkingar**

Í fyrirspurn til Matvælastofnunar um hvort til standi að innleiða reglugerð EU um merkingar á efnum notuðum við yfirborðsmeðhöndlun sítrusávaxta segir Kristín Elísabet, fagsviðsstjóri hjá MAST:

„Reglugerð (ESB) 2023/2429 er hluti af "Common Agricultural Policy" (CAP) sem er fyrir utan gildissviðs EES samningsins. Því stendur ekki til að innleiða hana. Ef sambærilegar kröfur ættu að gilda hér á landi þyrfti að setja þær sérstaklega í íslenska löggjöf, til dæmis með íslenskri reglugerð. Matvælastofnun tekur ekki ákvörðun um hvort slíkar reglur verði settar eða innleiddar. Slíkar ákvarðanir eru á forræði ráðuneytisins.“



Yfirborðsmeðhöndlaðar appelsínur og lífrænt ræktaðar appelsínur í Nettó. Mynd / eks

Í nýjustu skýrslu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) um varnarefnaleifar í matvælum, sem byggir á gögnum ársins 2024, kemur fram að metin neysluáhætta hafi almennt verið lág fyrir flesta hópa og þau efni sem voru metin, segir Kristín Elísabet. „Það er því mikilvægt að setja umræðuna í rétt samhengi: merkingar þurfa að vera réttar og skýrar, en skortur á merkingum eða tilvist varnarefnaleifa þýðir ekki sjálfkrafa að matvæli séu hættuleg.“

Imazalil, sem algengt er í yfirborðsmeðhöndlun sítrusávaxta, er ekki eitt fjölmargra efna sem var endurmetið í skýrslu EFSA, en þar olli takmörkun á gögnum því að ekki var hægt að endurmeta áhættu á notkun á tegundum af 86 skordýraeitri. Kristín Elísabet segir takmörkun á gögnum geta verið vísbendingu um að eftirlitssvið geti verið misjafnlega víðtækt milli landa.

**Ábyrgð liggur hjá fyrirtækjum**

„Samkvæmt matvælalöggjöf bera matvælafyrirtæki ábyrgð á því að matvæli sem þau framleiða, flytja inn eða selja séu örugg og að upplýsingar til neytenda, þar á meðal merkingar, séu réttar, skýrar og ekki villandi,“ segir Kristín Elísabet.

Aðspurð um hvernig þau geta metið öryggi ávaxta og grænmetis sem ekki kemur í gegnum Evrópusambandið segir Kristín Elísabet það geta falist í „upplýsingaöflun frá birgjum, rekjanleikagögnum, vottorðum eða öðrum gögnum til staðfestingar á að varan uppfylli kröfur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og sé ætluð til innflutnings þangað frá upphafi“. Hún segir opinbert eftirlit fara meðal annars fram með sýnatökum vegna varnarefnaleifa þegar áhætta gefur tilefni til.

Kristín Elísabet segir enn fremur: „Fyrir neytendur er gagnlegt að fá skýrar upplýsingar um meðhöndlun eftir uppskeru, sérstaklega ef nota á börk sítrusávaxta í matargerð. Við hvetjum fyrirtæki til að ganga lengra í upplýsingagjöf en þeim er skylt samkvæmt löggjöf.“ Hún segir „merkingar eiga að gera neytendum kleift að taka upplýsta ákvörðun um notkun vörunnar“.

Ljóst er þó að neytendum er það ekki alltaf kleift þar sem ekki er skylda á Íslandi að merkja yfirborðsmeðhöndlaða sítrusávexti með þeim efnum sem notuð hafa verið.

Kristín Elísabet segir ekki hafa verið skoðað hvort setja ætti fram sérstaka hvatningu um umræddar merkingar til fyrirtækja sem flytja inn og selja sítrusávexti en meginhlutverk MAST og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga sé að fylgjast með því að fyrirtæki fari að lögbundnum kröfum sem eru í gildi á Íslandi.

*/eks*








SLÁTTURÓBÓTAR
TIL SÖLU EÐA LEIGU
Sparaðu tíma og vinnu á stórum sem smáum svæðum. Við finnum réttu lausnina fyrir þig.
GARÐAÞJÓNUSTA
SIGURJÓNS
fyrirspurn@gardaroggluggar.is
540 7900
FJDynamics
FJD FV2000
6.000 m² á 3 dögum, 2.000 m² á dag
Verð 354.000 kr.
FJDynamics
FJD FL3000
9.000 m² á 3 dögum, 3.000 m² á dag
Verð 539.000 kr.
FJDynamics
FJD RCM01
90.000 m² á 3 dögum, 30.000 m² á dag
Verð SÉRPÖNTUN
Sveaverken
BLIX
10.000 m² á 3 dögum, 4.000 m² á dag
Verð 649.000 kr.
FYRIR STÆRSTU OG KRÖFUHÖRÐUSTU
GRASFLATIR LANDSINS
• 108.000 m² á 3 dögum, 36.000 m² á dag
• Þráðlaus stjórnun með staðsetningarkerfi
• 2 kWh rafhlaða og 2 klst hleðslutími
• Sláttutími á hleðslu allt að 10 klst
• Sláttubreidd 730 mm
• Hljóðstyrkur ≤ 90dB
Sveaverken
THOR
Verð 3.659.000 kr.



Límtréshús, bogahús
og færanlegar byggingar
Hýsi.is
Færanlegar byggingar
Bogahús
Límtréshús
HÝSI
BYGGJUM BETUR







Nytsemi túnfíflanna er margvísleg. Krónublöðin sitja þétt í blómkörfunni, ólíkt skarifíflunum sem blómstra síðsumars. Aldin túnfífilsins, fræin, eru búin hvítum svifkransi. Myndir / eks

Grasafræði:

# Að borða sumarið

## - Tími túnfíflanna



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

**Allir plöntuhlutar túnfífilsins eru ætir. Plantan inniheldur feikimikið af næringarefnum, vítamínum og steinefnum.**

Túnfíflar vaxa í öllum heimsálfum að suðurskautinu undanskildu. Plantan hefur verið notuð í grasalækningum öldum og jafnvel árþúsundum saman en er umdeild og margir berjast hart gegn henni bæði í heimilisgarðinum og borgarlandinu. Grasalæknir segir hana örva matarlyst og efla starfsemi lifrarinnar.

### Þrældugleg en umdeild planta

Túnfíflar *(Taraxacum officinalis)* eru einhver þrautseigasta plantan sem lifir á Íslandi. Um þessar mundir spretta þeir víða upp líkt og ótal sólir. Orðspor þeirra á sér tvær ólíkar hliðar en túnfíflar hafa verið notaðir í grasalækningum um aldir og jafnvel árþúsund. Allir hlutar plöntunnar eru ætir en þá ætti einvörðungu að tína þar sem engum efnum hefur verið úðað og áhrif mengunar frá umferð eru hverfandi.

Þar sem grasflatir eru látnar óáreittar á vorin og beðið með grasslátt spretta þeir upp sumum til ama en fleirum til mikillar gleði, jafnvel sem lífgjafi. Túnfíflarnir eru einna fyrstir til að blómstra á vorin og eru lífsnauðsynlegir fyrir býflugur sem eru nývaknaðar af vetrardvalanum og sársoltnar. Fíflarnir lífga upp á grasgrænuna með þéttum og björtum blómkörfum sínum og eru sannkallaðir sumarboðar sem margir hafa þó ímugust á þrátt fyrir fjölþætta vistkerfisþjónustu sína og heilsubætandi eiginleika.

### Öll plantan er æt

Áhrif túnfífla eru mikið rannsökuð og jurtin hefur lengi verið notuð til grasalækninga. Rótin er svartleit en hvít að innan. Hún er beisk jurt og hægt er að þurrka hana og rista og gera af henni jurtaseyði eða eins og áður fyrr að nýta hana sem kaffibæti.

Kolbrún Björnsdóttir, grasalæknir Jurtaapóteksins hjá Lyfju, notar túnfífilinn talsvert í meðferðum sínum og hefur sérstakt dálæti á honum. Hann hefur enda verið einkennisplanta Jurtaapóteksins allt frá stofnun þess árið 2004. „Ræturnar eru teknar annaðhvort á haustin þegar jurtin er fallin eða á vorin rétt eftir að frost fer úr jörðu,“ segir Kolbrún. „Síðan er hún þvegin, þurrkuð og söxuð.“ Hún segir glúkósída í jurtinni gefa beiska bragðið, „það eru þeir sem hafa örvandi áhrif á alla kirtlastarfsemi í meltingarveginum“.

Kolbrún segir tilraunir hafa verið gerðar sem sýna að fíflablöðin eru þvagörvandi. Hún notar þau helst til að losa um hvers kyns vökvasöfnun í líkamanum en einnig við lifrarkvillum eins og rótina. „Gott er að borða fíflablöðin snemma á vorin í salat til að efla hreinsun líkamans, eins konar vorhreinsun,“ segir Kolbrún og bætir við að blöðin skili líkamanum kalíumi sem tapast þegar losnar um vökva.

Blöð túnfífilsins eru bitur á bragðið en mildari en rótin. Þau eru rík af kalíum og ýmsum vítamínum svo sem A, B, C og D. Blöðin má nota fersk til matargerðar eða snöggelda þau líkt og spínat.

Kolbrún segir rannsóknir hafa sýnt að fíflarótin auki gallmyndun um 40%. Hún segir hana innihalda mikið af beiskum efnum sem örva alla kirtla í meltingarveginum. „Þegar jurt örvar gallmyndun þá um leið er hún hægðalosandi því þá örvast niðurbrot á fæðunni og linar hægðir um leið. Jurtin hefur því mjög góð áhrif í að hjálpa okkur að melta matinn okkar,“ segir hún og bætir við að hægt sé að nota hana til að mynda fyrir eldra fólk sem hefur ekki mikla matarlyst og hægari starfsemi í meltingarveginum. Kolbrún segir rótina einnig góða þegar fólk er að byggja sig upp eftir veikindi. „Hún eflir starfsemi lifrarinnar og nærir hana.“

### Sólgular mjólkurflöskur

Á dönsku eru túnfíflar kallaðir mjólkurflöskur, *mælkebøtter,* sem lýsir þeim vel, þeir geyma enda mikið magn af mjólkurhvítum safa í stönglunum sem var notaður á vörtur þegar blaðamaður var að alast upp. Enska heitið, *dandelions,* vísar til ljóntenntra blaðanna.

„Ég skil ekki að maður hafi nokkuð betra að gera að vori en að borða túnfífla,“ segir Camilla Plum í nýlegu fréttabréfi sínu, en hún er lífrænn bóndi á Fuglebjerggård á Sjálandi í Danmörku. Hún segir fíflablöðin helst minna á bitru salötin sem eru ófáanleg að vori en eru áberandi um jólaleytið.

Camilla er einnig aðdáandi fíflablómanna og segir ráð að tína eins mikið af þeim og kostur sé, aukaverkanir geti einvörðungu verið léttur svimi af mikilli næringarinntöku og á þar ekki við eiginlegan svima. Hún bendir á að hægt sé að hella heitu vatni yfir laufin og blómin og laga einfalt jurtate sem má sæta með hunangi en rótina þurfi að sjóða í 10-20 mínútur svo úr verði seyði. Einnig er hægt að þurrka blöðin, rótina og blómin og geyma til síðari nota. Sumir nota jafnvel ferska stönglana snöggsoðna eins og spaghetti.

Listakokkurinn Camilla Plum notar blómin með blómbotninum og steikir eins og sveppi, með smjöri eða olíu eða blöndu af báðu og þeim kryddum sem hugnast og setur til dæmis á eggjaköku. Hún hefur gefið út fjölda matreiðslu- og garðyrkjubóka.

Gul krónublöðin lífga upp á sérhvert salat, þau eru mild á bragðið og henta einnig vel til baksturs. Þau er hægt að leggja í kalt vatn að dönskum sið og láta draga í sig yfir nótt. Saftið er hægt að drekka eins og það er eða setja eilitla sætu eða sítrónusafa út í eins og Camilla bendir á.

Þegar blómgunartíminn er búinn lokar fífillinn blómkörfunni en opnar hana aftur þegar fræin eru fullþroskuð. Þá birtast draumkenndar hvítar biðukollurnar sem minna helst á tungl í fyllingu. Fræin sitja í blómbotninum og hvíti hlutinn, svifkransinn, virkar eins og flugbúnaður sem hjálpar fræjunum að svífa um þegar þau losna. Fræjunum er hægt að safna og nota til að rækta sprettur þegar dag tekur að stytta á ný.

### Fíflavín Kolbrúnar grasalæknis

- 2,3 lítrar fíflablóm
- 4,5 lítrar vatn
- 2 stórar lífrænar appelsínur
- 1 stór lífræn sítróna
- 50 g lífrænar rúsínur
- 2 msk. ger
- 1,6 kg lífrænn hrásykur

Blómin eru sett í stóran pott og vatni hellt yfir og suðan látin koma upp. Börkur af sítrónu og appelsínum er rifinn og bætt út í ásamt sykri. Soðið í klukkustund og látið kólna. Næsta dag er safanum af appelsínum og sítrónum bætt út í ásamt rúsínum. Hellt á flösku til gerjunar og leyft að gerjast. Þegar gerjun minnkar, eftir u.þ.b. mánuð, þá er blöndunni hellt á flöskur og korktappi í.

Helluverkfæri
stór og smá
Helluklemmur, steinaklemmur, gúmmísleggjur, helluklippur, hellulyftur og margt fleira
Wendel



Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is


Husqvarna®
Há Verslun er með umboð fyrir
Husqvarna Construction
á Íslandi
• Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg
• Þjónustuverkstæði og varahlutir
ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5
Husqvarna FS 500 E
rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max
Husqvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata
Husqvarna FS 400 LV
gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd
60 cm
Husqvarna K4000
Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600
Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is
Husqvarna Construction Products
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar,
slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5


matís
Ávinningur matvælarannsókna
2. júní, 2026 | Norðurljósasal Hörpu
Málþing Matís um
framtíð matvælaframleiðslu



Séð yfir Reykholt í Borgarirði, kirkjan vígð 1996 og gamla kirkjan, frá árinu 1887 í baksýn. Mynd / Wikipedia.

# Minni heimsins

## – Reykholtsmáldagi á skrá UNESCO

**UNESCO-dagurinn var haldinn hátíðlegur í byrjun maí, en í ár var fjallað sérstaklega um Reykholtsmáldaga; eignaskrá Reykholtskirkju í Borgarfirði.**

UNESCO, eða Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, stofnuð 1945, vinnur að alþjóðlegri samvinnu milli aðildaríkja á sviði mennta-, vísinda- og menningarmála. Stofnunin er sérhæfð stofnun innan Sameinuðu þjóðanna og þekktust fyrir að vernda menningar- og náttúruarfleifð mannkyns. Síðan árið 1992 hefur UNESCO haldið úti alþjóðlega verkefninu Minni heimsins *(Memory of the World)*. Markmið þess er að vernda skjala- og handritaarf mannkyns, koma í veg fyrir að ómetanlegar heimildir glatist, og auðvelda almenningi aðgang að þeim.

Á vefsíðu UNESCO kemur fram að sýn þeirra sé einföld. Menningararfur heimsins sé almenningseign sem beri að varðveita og gera aðgengilegan öllum. Að teknu tilliti til menningarbundinna sérkenna og siðareglna skuli leitast við að gera þennan arf aðgengilegan án hindrana.

### Mikilvægustu heimildir veraldar

Minni heimsins skiptist annars vegar í Heimsskrá sem heldur utan um skjöl, handrit, bækur, ljósmyndir og hljóðupptökur, með það að markmiði að vernda mikilvægustu heimildir veraldar og tryggja aðgang almennings að þeim.

Hins vegar er það svo Landsskrá, en mörg lönd hafa skipað sérstakar landsnefndir sem bera ábyrgð á að velja mikilvæg gögn á sérstaka skrá hvers lands, leggja áherslu á þær skjalfestu heimildir sem varðveittar eru á hverju landi fyrir sig og hafa mikið sögulegt gildi fyrir þjóð þess í heild sinni, vernda innlendan arf.

Landsnefnd Íslands um Minni heimsins var skipuð síðla árs 2012 í því tilefni að efna til Landsskrár Íslands. Þar má t.a.m. finna Handritasafn Árna Magnússonar í Reykjavík og Kaupmannahöfn og manntalið frá 1703, sem eru þegar á heimsskrá UNESCO – til marks um mikilvægi þeirra fyrir heimsbyggðina alla. Þess má geta að manntalið 1703 er elsta manntal sem tekið hefur verið á Íslandi og jafnframt elsta varðveitta heildarmanntal veraldar þar sem getið er heimilis, aldurs og stöðu íbúanna.

Önnur dæmi um hvað má finna á Landsskrá Íslands eru Íslensk túnakort 1916-1929; nákvæma uppdrætti af túnum nær allra bændabýla á Íslandi í upphafi 20. aldar, Kvikfjártalið 1703; einstaka frumheimild um búfjáreign á Íslandi í upphafi 18. aldar og svo Reykholtsmáldaga sem var settur á Landsskrá Íslands um Minni heimsins þann 7. maí 2026 sl.

### Dýrmæt heimild

Sérstaða Reykholtsmáldaga er ótvíræð. Máldaginn er ritaður á skinn, líklega kálfskinn, elsta íslenska skjalið sem varðveist hefur í sínu upprunalega formi, auk þess að teljast sömuleiðis á meðal elstu skjala sem skrifuð hafa verið á norræna tungu.

Elstu textabrot skjalsins voru færð í letur á seinni hluta tólftu aldar, en sterk rök hníga að því að upphaflegu skrifin séu frekar nær miðri öldinni en árinu 1200. Harla fá frumrit frá 12. öld og byrjun þeirrar 13. hafa varðveist hér á landi og áhugavert er, að svo virðist sem sjö mismunandi rithendur megi greina á bókfellinu, þegar upplýsingum um eigur og réttindi Reykholtskirkju hefur verið bætt við skjalið á ríflega einnar aldar tímabili.

Þetta merka yfirlit yfir jarðir, ítök og réttindi sem tilheyrðu kirkjunni í Reykholti í Borgarfirði sýnir skýrt hvernig staðurinn þróaðist og hvernig vegferð hans jókst jafnt og þétt á Sturlungaöld. Jafnframt er máldaginn dýrmæt heimild um þróun skriftar og stafsetningar á ritunartíma sínum. Áætlað er að í upphafi hafi bókfellið verið hluti af stærra handriti eða bók, skrifaður á autt blað, þá líklega saurblað fremst eða aftast.

Saga þess hvernig Reykholtsmáldagi varðveitist er merkileg vegna þess að ólíkt mörgum öðrum skjölum og handritum benda allar líkur til þess að hann hafi verið geymdur í Reykholtskirkju frá upphafi í stað þess að hafa verið látinn fara úr landi. Í upphafi var bókfellið hluti af stærra handriti, mögulega predikunarbók og hefur máldaginn verið skrifaður á saurblað annaðhvort fremst eða aftast í þeirri bók. Ekki er vitað hvað varð um handritið sjálft en það hefur mögulega glatast í sviptingum siðaskiptanna um miðja 16. öld.



**Reykholtsmáldagi er skinnskjal og elsta skjal sem ritað er á íslensku og varðveitt er í frumriti. Skjalið er einnig mikilvæg heimild um þróun skriftar og stafsetningar.** Mynd / Þjóðskjalasafn Íslands.

Áhugavert er að efni bókfellsins er fyrst getið í opinberum gögnum árið 1562 í tylftardómi á Öxarárþingi, en deilumál á milli umboðsmanna kirknanna í Reykholti og Kirkjubóli í Langadal var um eignarrétt á tveimur jörðum á Ströndum. Skjalið hefur enn í dag þýðingu og var lagt fram sem réttarheimild fyrir Hæstarétti árið 2021 þar sem deilt var um hvort tiltekið landsvæði í Borgarfirði teldist einkaeign eða þjóðlenda.

Við stofnun Landsskjalasafnsins (síðar Þjóðskjalasafns) árið 1882 var svo máldaginn afhentur safninu til varðveislu ásamt öðrum skjölum úr Reykholtskirkju. Reykholtsmáldagi er elsta skjalið sem varðveitt er í Þjóðskjalasafni Íslands, en þar eru einnig varðveittir aðrir kjörgripir sem hlotið hafa viðurkenningu UNESCO með skráningu á Heimsskrá eða Landsskrá Íslands um Minni heimsins.

*/sp*

### Arfleifð og hefðir



Heimsminjaskrá UNESCO er annað verkefni með það að markmiði að vernda staði sem eru einstakir á heimsvísu og teljast til sameiginlegrar arfleifðar mannkyns Til að mynda eru Þingvellir, Vatnajökulsþjóðgarður og Surtsey öll staðir á heimsminjaskrá.

Sérstakur listi yfir lifandi hefðir er önnur skrá UNESCO, en árið 2025 fékk íslensk sundlaugamenning þar sæti sem óáþreifanlegur menningararfur mannkyns, viðurkenning um lifandi hefð. Áður, árið 2021, var smíði og notkun súðbyrtra báta sett á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf, en það var samstarfsverkefni allra Norðurlandanna, Íslands þar á meðal.


**Bílskúrs- og iðnaðarhurðir**





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

**Gastec Hurðir ehf.**

Vagnhöfða 9 Reykjavík - bilskurshurdir.is - netfang: olafur@gastec.is




- Burðarvirki úr límtré
- Þak klætt 80mm PIR yleiningum
- Veggir klæddir 60mm PIR yleiningum
- Úrval lita á þak og veggi
- Aðaluppdrættir og teikningar af sökkli og burðarvirki fylgja
- Festingar og efni til uppsetningar innifalið
- Finnsk framleiðsla

**Stærðir**

| BREIDD | LENGD | VERÐ M. VSK. |
|---|---|---|
| 12m | 20m | 17.300.000 kr.* |
| 14m | 20m | 19.978.000 kr.* |
| 14m | 25m | 22.330.000 kr.* |
| 16m | 25m | 25.490.000 kr.* |

*Tilboðsverð gilda til 30.06.2026 *Afreiðslutími ca. 14 vikur




**H. HAUKSSON EHF.** Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

# Jarðvegsgrindur

Fyrir bílastæði, göngustíga, garðinn og margt fleira



Auðveld uppsetning | Sterkt yfirborð | 100% endurunnið efni

Málmsteypan



Espihóll í Eyjafjarðarsveit á björtum og fallegum sumardegi. Myndir / Aðsend

## Nautgripaverðlaun:

# Öflugur búskapur og uppbygging til fyrirmyndar



Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com

**Nýlega heiðraði Búnaðarsamband Eyjafjarðar bændurna á Espihóli með því að veita þeim nautgripaverðlaun sambandsins fyrir síðasta ár, en það eru þau Ástþór Örn Árnason og Svana Ósk Rúnarsdóttir.**

Þau keyptu Ytra-Fell undir árslok 2021 eftir að hafa búið í Miðdal í Skagafirði í tæpan áratug. Þegar þau hófu búskap í Ytra-Felli hækkuðu afurðir kúnna umtalsvert og hafa verið í fremstu röð síðan. Á síðastliðnu vori keyptu Ástþór og Svana Espihól og fluttu þangað. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þar hafði verið rekið mikið myndarbú um áratugaskeið með snyrtimennsku og góðum afurðum.

### Byggt við fjós og hlöðu

Um leið og Ástþór og Svana tóku við búinu á Espihóli var hafist handa við stækkun á aðstöðu fyrir kýrnar og byggt við fjós og hlöðu og bætt við öðrum mjaltaþjóni.

Á búinu eru rúmlega 120 árskýr sem mjólkuðu að meðaltali 7.983 kg sem skipaði þeim í þriðja sæti í Eyjafirði og á búinu eru um 240 gripir í uppeldi.

### Fjölskyldan

Til að kynnast fjölskyldunni og átta sig á henni þá eiga þau Ástþór og Svana 3 börn, Lilju Dóru, sem lést ung af slysförum, Viktor Árna, 12 ára og Sóldísi Tinnu, 9 ára. Þau keyptu Espihól fyrir rösku ári en þau hófu kúabúskap í Eyjafirði í árslok 2021, þá á Ytra-Felli.



Svana og Ástþór þegar þau fengu viðurkenninguna frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Með þeim er Alexandra Rún Jónsdóttir, verðandi framkvæmdastjóri sambandsins.

Auk Espihóls eiga þau jörðina Möðrufell í Eyjafjarðarsveit. „Ég ólst upp á kúabúi í Miðhvammi í Aðaldal í Þingeyjarsveit en Svana ólst upp á Akureyri. Við náðum saman fyrir tvítugt og eftir að ég lauk búfræðiprófi frá LbhÍ og Svana stúdentsprófi frá VMA þá bauðst okkur að taka við rekstri á kúabúi á Austurlandi. Síðan höfum við búið víða, bæði með kýr og kindur en erum nú lent hér í hinum blómlega Eyjafirði og mjög sátt við það,“ segir Ástþór.

### Hafa búið víða

Fjölskyldan hefur búið víða eins og kemur fram hjá Svönu.

„Já, við höfum búið ansi víða. Ætli við séum ekki dæmi um að það sé hægt að vinna sig upp í búskap ef fólk er tilbúið til berjast alla daga. Við byrjuðum með tvær hendur tómar, fyrst sem starfsmenn sem sáu um rekstur á kúabúi á Skriðufelli í Jökulsárhlíð, síðan fórum við inn í rekstur kúabúsins í Fremstafelli í Þingeyjarsveit. Þaðan lá leið í Lækjavelli í Bárðardal þar sem við tókum við sauðfjárbúi um tíma en keyptum síðan sauðfjárbúið Fjósatungu í Fnjóskadal, allt í Þingeyjarsveit.

Þaðan lá leiðin í Miðdal í Lýtingsstaðahrepp í Skagafirði þar sem við bjuggum lengst með upp undir þúsund fjár þegar mest var. Þegar okkur bauðst tækifæri til að selja þá jörð og kaupa kúabú í Eyjafirði, Ytra-Fell, létum við verða af því þótt sú jörð og byggingar væru ekki alveg draumastaðurinn.

Svo opnaðist tækifæri til að kaupa Espihól og eftir nokkurt bras gekk það upp og hér erum við lent í dag, mjög ánægð. Þetta er nú yfir tuttugu ára ferill, og hefur auðvitað gengið á ýmsu og oft tekið á. Við erum sannarlega komin með alls konar reynslu í farteskið og höfum kynnst mörgu frábæru fólki.

Hér í Eyjafirði höfum við eignast dýrmæta vini og nágrannarnir eru frábærir, skólinn er til fyrirmyndar og já, hér er gott að vera,“ segir Svana alsæl.

### Framsækin og skipulögð

Ástþór kemur hér inn í umræðuna og segir: „Við látum ekkert duga. Ef aðrir negla tvo nagla neglum við fjóra,“ segir hann og glottir. „Svo bara erum við framsækin og skipulögð, við hugsum áfram og upp, ekki til í dæminu að staðna. Það er sóknin sem er skemmtilegust við að vera bóndi, að bæta og sækja fram,“ bætir hann við.



### Gott frí á hverju ári

Svana segir að þau hafi líka vit á því að fara á hverju ári í gott frí erlendis, kúpla sig alveg út og vera fjölskylda án þess að pæla í hvort einhver kýrin sé veik eða haughúsið að fyllast. Það sé endurnærandi og viðhaldi eldmóðinum.

„Svo tökum við þátt í lífinu í sveitinni og skólanum hjá krökkunum. Það er mikilvægt þegar maður vinnur hjá sjálfum sér að vera vel tengdur, stundum mætti hugsanlega segja að Ástþór sé aðeins oftengdur, sko símanum, með peltorinn á hausnum að spjalla allan daginn, það eru svo mörg mál sem þarf að ræða við hina bændurna," segir Svana og lítur á mann sinn.

### Samhent hjón

„Við höldum okkar verkfundi og skipuleggjum, erum bæði samhent en líka með okkar verkaskiptingu. Hvers konar gæðastýring, eftirlit, verklag og agi er ríkur þáttur í rekstrinum hjá okkur. Við reynum líka að fylgjast vel með og fræðast jafnt og þétt og leita okkur ráðgjafar," segir Ástþór og bætir við.

„Búskapurinn er okkar helsta áhugamál, við höfum áhuga á því að grúska og pæla í því hvernig við getum náð betri árangri. Við ætlum okkur að halda áfram öflugu ræktunarstarfi bæði í nautgriparækt og jarðrækt og efla búskapinn eins og hægt er á næstu árum."

### Formaður eyfirskra kúabænda

Ástþór er virkur í bændapólitíkinni, hefur verið í forsvari fyrir sauðfjárbændur í Skagafirði og er



Svana og Ástþór með börnum sínum, þeim Viktori Árna og Sóldísi Tinnu í fjósinu á bænum.

nú formaður eyfirskra kúabænda, fulltrúi eyfirskra kúabænda á deildarfundum nautgripabænda, fulltrúi á Búnaðarþingi ásamt því að vera fulltrúi á Auðhumlufundum.

Þegar hjónin eru spurð hvernig þeim lítist á stöðu íslensks landbúnaðar eins og staðan er í dag er Ástþór fljótur til svars. „Manni finnst nú íslenskur landbúnaður einhvern veginn alltaf standa á krossgötum, en við teljum að óvissan sé með mesta móti núna. Búvörusamningar renna út í lok árs og það er orðið ljóst að ráðherra (ríkið) hefur engan áhuga á að semja um innlenda matvælaframleiðslu við bændur af réttsýni og virðingu.

Það er óboðlegt af ríkinu að stilla innlendri matvælaframleiðslu upp við vegg og segja bara „þið fáið 1 árs framlengingu á núverandi búvörusamningi og engar viðbætur, ef þið sættið ykkur ekki við það þá ætlum við ekki að semja við ykkur".

Þetta er nú viðmótið sem blasir við okkur frá ráðherra málaflokksins og þessari ríkisstjórn. En alveg óháð umsóknarferli Íslands að Evrópusambandinu þá verða bændur að fá einhverjar kjarabætur, rekstraröryggi og fyrirsjáanleika. Við þurfum að fá búvörusamninga framlengda um a.m.k. 2 ár með viðbótum sem t.d. kúabændur ályktuðu um á nýliðnu búgreinardeildarþingi. Það reynir mikið á og eru miklar áskoranir fyrir bændur að standa vaktina við framleiðslu úrvals matvæla sem oft og tíðum eru ekki metin að verðleikum, og allt of lítil virðing borin fyrir matvælaframleiðslu hér á landi, þjóðin hefur greinilega aldrei orðið svöng," segir Ástþór.

### Fagurgali í fjölmiðlum

En hvað segir Svana, hvernig líst henni á stöðuna? „Við erum bjartsýn á framtíð íslensks landbúnaðar. Ef stjórnvöld tækju þá stefnu að hér eigi að framleiða allan þann mat sem við getum og stæðu fast í lappirnar með matvælaframleiðslu á Íslandi.

Því miður er ekki svo í dag og allur fagurgali í fjölmiðlum hjá stjórnmálamönnum, að þeir vilji sjá „öfluga innlenda matvælaframleiðslu", dugar skammt ef enginn er tilbúinn að verja innlend matvæli og standa raunverulega með frumframleiðendum matvæla í landinu. Að þessu sögðu þá munum við samt berjast áfram við að tryggja íslenskri þjóð úrvals matvæli, en við getum því miður ekki óskað þess að börnin okkar fari út í matvælaframleiðslu á Íslandi eins og staðan er í dag," segir Svana og bætir strax við: „Það þarf bæði kjark og kraft til að vera bóndi á Íslandi í dag, það er ekki fyrir þá sem vilja kúra í öryggi og þægindum og geta stimplað sig út úr vinnunni. Á hverjum degi eru ótal áskoranir, áföll og átök, en líka áfangar, gleði og sigrar. Starfið er bæði einstaklega fjölbreytt og krefjandi en það er einmitt það sem gefur, við erum á fullri ferð, það eru ótal bændaævintýri fram undan, ekki spurning!"


Slippurinn AKUREYRI

DNG BY SLIPPURINN AKUREYRI



## Vélfræðingur/tæknimaður í þjónustuteymi Slippsins Akureyri

Slippurinn Akureyri leitar að öflugum og lausnamiðuðum einstaklingi til starfa í þjónustuteymi fyrirtækisins. Við leitum að einstaklingi með góða reynslu af vélbúnaði, þekking á rafmagni er kostur, sem hefur áhuga á fjölbreyttum og krefjandi verkefnum.

**Helstu verkefni**

- Bilanagreining og viðgerðir á vélum og vélbúnaði
- Samskipti við birgja
- Skipulag á reglubundnu viðhaldi í samráði við framleiðanda og viðskiptavini
- Skýrslugerð vegna verkefna

Starfið getur falið í sér ferðalög, bæði innanlands og utan vegna verkefna og námskeiða.

**Menntun og reynsla**

- Sveinsbréf í vélvirkjun/vélfræði, flugvirkjun, bifvélavirkjun
- Reynsla af viðgerðum og viðhaldi á vélbúnaði
- Reynsla af vélum, hliðarskrúfum og gírum er mikill kostur
- Góð tölvukunnátta og geta til skýrslugerðar
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

**Við leitum að einstaklingi sem**

- Vinnur vel bæði sjálfstætt og í teymi
- Hefur góða greiningarhæfni og lausnamiðað hugarfar
- Er tilbúinn til að ferðast í starfi

## Tækjaforritari Automation Engineer/PLC forritari

Slippurinn Akureyri leitar að metnaðarfullum forritara sem vill taka þátt í að þróa og hanna hugbúnað fyrir fiskvinnslu – bæði á landi og á sjó.

**Helstu verkefni**

- Þróun hugbúnaðar fyrir sjálfvirkni og stýringu matvælavinnslukerfa
- PLC/iðntölvu forritun
- Uppsetning og þróun HMI viðmóta
- Hönnun og þróun notendavænna viðmóta
- Viðhald og endurbætur á núverandi kerfum
- Prófanir og innleiðing nýrra lausna
- Greining og lausn tæknilegra vandamála
- Samskipti við viðskiptavini og þarfagreining

**Hæfniskröfur**

- Menntun í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði eða sambærileg reynsla
- Reynsla og kunnátta í PLC forritun, C/C++ og Structured Text
- Áhugi á iðnaði, sjálfvirkni og/eða sjávarútvegi (kostur)
- Færni í bilanagreiningu og lausnamiðaðri hugsun
- Lausnamiðuð hugsun og hæfni til teymisvinnu
- Góð enskukunnátta

**Af hverju Slippurinn Akureyri?**

- Raunveruleg áhrif – lausnirnar þínar eru notaðar í framleiðslu
- Fjölbreytt og krefjandi verkefni
- Sterkur starfsmannahópur og gott starfsumhverfi
- Tækifæri til þróunar í starfi

## Hönnuður

Slippurinn Akureyri framleiðir eigin búnað fyrir matvælavinnslur undir vörumerkinu Slippurinn DNG og er leiðandi á sínu sviði.

Við leitum að öflugum hönnuðum til að taka þátt í þróun og hönnun á vinnslubúnaði fyrir fiskiskip og matvælavinnslur. Verkefnin snúa bæði að eigin vörum fyrirtækisins og sérlausnum fyrir viðskiptavini.

Hönnunardeildin starfar innan framleiðslusviðs og hefur starfsstöð á Akureyri. Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við öflugu fólki í teymið okkar.

**Helstu verkefni**

- Hönnun á vél- og vinnslubúnaði fyrir matvælavinnslur
- Gerð og frágangur framleiðsluteikninga
- Þátttaka í vöruþróun
- Gerð söluteikninga og kynningarefnis

**Hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. í tæknifræði, iðnfræði eða vélvirkjun
- Reynsla af þrívíddarhönnun, t.d. í Inventor
- Hæfni til að vinna vel í teymi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Reynsla úr sjávarútvegi er kostur

**Af hverju Slippurinn Akureyri?**

- Raunveruleg áhrif – lausnirnar þínar eru notaðar í framleiðslu
- Fjölbreytt og krefjandi verkefni
- Sterkur starfsmannahópur og gott starfsumhverfi
- Tækifæri til þróunar í starfi

**Sláðu til og sendu okkur umsókn með ferilskrá !**

**Umsóknarfrestur til 31. maí 2026**

Nánari upplýsingar veitir Heiða B. Sigurðardóttir Mannauðsstjóri, **heida@slipp.is**

Umsóknum skal skila rafrænt á **slippurinn.umsokn.is**

Slippurinn Akureyri
Naustatanga 2
460 2900
www.slipp.is
slipp@slipp.is



Föngulegt stóð hrossa í Einhyrningi með Eyjafjallajökul í baksýn.

Myndir Sarah M. Nielsen

## Íslenski hesturinn:

# Ber út hróður landsins



**Edda Kristín Sigurjónsdóttir**
edda@bondi.is

**Samtal við stjórnvöld um markaðsverkefnið Horses of Iceland og að rannsóknum á sumarexemi í hestum verði kláraðar eru Ólafi Þórissyni, nýjum formanni búgreinadeildar hrossabænda hjá Bændasamtökum Íslands, ofarlega í huga.**

Ólafur er hrossabóndi og tamningamaður í Miðkoti í Landeyjum Rangárþings eystra. Í samtali sínu við blaðamann leggur hann áherslu á mikilvægi þess að fjölga snertiflötum hestamennskunnar við almenning. Íslenski hesturinn ber hróður landsins langt út fyrir landsteinana en hrossabúskapur á sér hlið sem ekki ríkir sátt um. Annatími er fram undan og Landsmót í byrjun júlí.

### Búskapur í Miðkoti

„Ég er alinn upp á Miðkoti og bý þar ásamt konunni minni sem heitir Sarah M. Nielsen og eigum við þrjú börn. Sarah kom frá Danmörku til Íslands vegna ástar á íslenska hestinum. Þær eru orðnar ansi margar þessar áhugasömu konur sem komu til landsins vegna hestsins okkar. Við erum margir sem höfum dottið í lukkupottinn vegna þess," segir Óli og glottir. „Móðir mín býr líka hér á Miðkoti og er gott að hafa kynslóðirnar saman."



Ólafur Þórisson.

„Við erum mest með hross en einnig smávegis af sauðfé en mamma sér mest um kindurnar og heldur það henni við," segir Ólafur brosandi. „Sauðfjárræktin gefur smá pening, en eins og sauðfjárbændur vita þá ertu ekki að stórgræða á þessu."

Ólafur er búfræðingur og hefur starfað ötullega að flestum þáttum hestamennskunnar og þá ekki síst félagsstörfum hennar. Hann var formaður hestamannafélagsins Geysis um árabil, gjaldkeri Landssambands hestamannafélaga í sex ár og er stjórnarmaður í LH um þessar mundir.

Hann er fæddur og uppalinn með blandað bú sem var í Miðkoti en þá voru kýr, kindur og nokkur hross. „Þegar ég tek við þá hættum við með kýrnar en hrossin hafa alltaf átt hug minn allan og mér finnst gaman að ríða út, temja og ferðast á hestum."

Í Miðkoti er hrossarækt í brennidepli og á bænum eru um 150 hross. „Það er með öllu talið, stór hluti eru reiðhross og hluti fer í kjötframleiðslu en við erum með hana til að nýta landið." Árlega fá þau um 10-12 folöld. „Það skiptir öllu máli að fá góða gripi sem eru með gott geðslag, góðar gangtegundir, eru góð í tamningu og fljót til þannig að þau séu snemma tilbúin í sölu og seljist ef þannig ber við. Hrossaræktin verður að standa undir rekstri búsins," segir Ólafur.

### Áhersla á Horses of Iceland

Horses of Iceland er stærsta verkefnið fram undan á dagskrá nýs formanns. „Það er eitt af þessum stóru markaðsverkefnum og núna þarf að finna þessu verkefni farveg og móta framtíðarsýn fyrir greinina og er verið að vinna í því á fullu. Þetta er þekkingarbrunnur og tekur á svo stórum málum, ekki bara keppninni sem er svo oft miðpunkturinn." Málið var mikið rætt á deildarfundi hrossabænda á síðasta Búnaðarþingi.

Samningur aðila greinarinnar við Íslandsstofu rann út um áramót. Erindi stjórnar verkefnisins til atvinnuvegaráðuneytisins um áframhaldandi samning, sem sent var síðasta haust, var svarað neitandi á grundvelli yfirstandandi greiningar ráðuneytisins á markaðsmálum verkefna á þeirra vegum. Samningurinn byggði á krónu á móti krónu. Verkefnið hefur kostað um 30 milljónir árlega og verið fjármagnað af 87 samstarfsaðilum og atvinnuvegaráðuneytinu til helminga undanfarin 10 ár. „Staðan er klárlega þung", segir í tilkynningu frá stjórn deildar hrossabænda í byrjun mars.

„Þetta verkefni teygir sig svo víða og tengir alla hestamennsku saman, það snertir nánast alla þætti hestamennskunnar, ræktun, þjálfun, sölu, keppni, útreiðar og í rauninni allt sem er þarna undir. Þarna erum við með verkefni þar sem við náum að tengja alla saman á einhvern hátt," segir Ólafur. Hann segir að erindi hafi verið sent á fleiri ráðuneyti um málið. „Þetta verkefni tengist líka gríðarlega inn í ferðaþjónustuna, enda eru þau hluti af verkefninu og eru með einn mann í stjórn. Það er svakalega dýrt að missa verkefnið niður, það væri sóun á almannafé að sleppa þessu verkefni. Það er ekki hlaupið að því að byggja svona upp aftur ef til þess kæmi."



Ólafur í kynbótadómi á Fáfni frá Miðkoti.

### Kallar eftir samtali við stjórnvöld

Ólafur kallar eftir samtali við stjórnvöld um Horses of Iceland verkefnið. „Okkur vantar fjármagn, en í fyrsta lagi þurfum við að finna leið, ná umræðum og lendingu. Það er erfitt að ætla sér að gera eitthvað ef enginn vill tala við mann."

„Við þurfum ekkert að spá í önnur hestakyn, erlendis eru mörg hestakyn, en ef einhver erlendis er að skoða hestakyn og vill fræðast um íslenska hestinn, þá er Horses of Iceland vefur sem er fullur af fróðleik og vídeóum, sem tekur á öllu, ekki bara keppninni, líka fólki sem vill bara ríða út, ríða berbakt, eða úti í náttúrunni eða hvað sem er."

Sumarexem er önnur áskorun sem hrossaræktendur glíma við og Ólafur kallar eftir samtali og fé frá stjórnvöldum til að klára rannsóknir á sumarexemi sem hafa staðið yfir í um 20 ár. Í fundargerð hrossabænda á Búnaðarþingi kemur fram að „hættan á að hestar fái sumarexem hefur mjög neikvæð áhrif á sölu hrossa frá Íslandi og hefur þannig neikvæð áhrif á afkomu íslenskra hrossabænda".

Ólafur segir að verið sé að vinna í að framleiða bóluefni og jafnvel efni sem hægt er að nota í meðhöndlun, „svo það þarf að klára rannsóknirnar, svo þeir sem vilja framleiða geti gert það. Það er mjög slæmt að fara að hætta núna en okkur vantar fjármagn til að klára verkefnið. Lokapunkturinn er í sjónmáli." Ólafur segir það reglulega koma upp að einhverjir vilji ekki kaupa íslenskan hest vegna sumarexemsins sem getur lagst á þá.

Útflutningur er einnig dýr og einvörðungu er flogið til Belgíu frá Keflavíkurflugvelli sem þýðir landflutninga um langan veg sé kaupandi langt frá. Hrossabændur hyggjast vinna markvisst að nýjum flutningsleiðum fyrir hesta til útflutnings með sérstakri áherslu á Svíþjóð og Danmörku skv. samþykkt á síðasta Búnaðarþingi.

„Sala er í lægð og lítið um fyrirspurnir," segir Ólafur, samdrátturinn sé bæði í sölu innanlands og utan. „Það gildir ekki alveg sama og um golfsettið sem hægt er að setja á hilluna, það er ekki hægt að setja hrossin bara út í haga, svo ég skil að fólk sé hikandi því þetta er skuldbinding. Fólk er að halda að sér höndum, það er allt svo dýrt í þjóðfélaginu svo það er skiljanlegt að fólk minnki við áhugamál og velji út frá tíma og kostnaði."

„Þetta snýst líka um markaðssetningu. Það þyrfti að hjálpa til við að auka sölu og passa að þau hross sem eru seld séu í lagi, ef þú selur góðan grip þá virkar það vel til framtíðar."

> „Það er svakalega dýrt að missa verkefnið niður, það væri sóun á almannafé ...


Áning í hestaferð






Eva Dögg M. Ólafsdóttir og Sólbirta frá Miðkoti í hindrunarstökki. Mynd aðsend

### Næstum því villibráð

Kjötframleiðsla er hliðarafurð af ræktun kynbótahrossa og reiðhrossa. „Við erum heppin að hafa þessa leið, í flestum öðrum löndum hafa bændur ekki þessa leið því það getur verið erfitt að koma gripum í sláturhús eða jafnvel er bann við slátrun eða á hrossakjötsáti.“

„Ef þessi leið er ekki opin, þá gætu farið að hrannast hér upp hross sem hafa engan tilgang,“ segir Ólafur. „Kjötvinnsla hefur verið leið til að losna við gripi sem henta ekki í annað, stóðbændur fá í raun ekkert fyrir kjötið í sláturhúsinu, kannski 80 krónur kílóið, verðið hefur alltaf verið svona lágt. Enda hefur aldrei verið markviss ræktun á hrossakjöti.“

Mun betra verð fæst fyrir folaldakjöt. „Eitthvað er um stóð þar sem merum er haldið og folöldin fara í sláturhús,“ segir Ólafur, án þess að það sé markviss stórtæk folaldaræktun á Íslandi. „Folaldakjötið er frábært, þú færð ekki vistvænni afurð, folald sem er úti alla sínu stuttu líftíð og er á móðurmjólk þangað til það fer og grasi, þetta er næstum því villibráð.“

### Umdeildasti hluti hrossaræktar

Önnur leið til að nýta hross er hin umdeilda blóðtaka úr hryssum. Ólafur segir suma innan deildar hrossabænda ekki styðja þann hluta búgreinarinnar sem þeim þykir hafa skaðleg áhrif á ímynd hrossaræktar. Hann stundar ekki slíkan búskap sjálfur en hefur verið viðstaddur blóðtöku og segir upplifun sína hafa verið fína. „Það er í lagi að upplifa stress í smá stund, það getur líka gerst úti, en við verðum að skoða heildarmyndina og hvort líf hryssunnar sé gott heilt yfir. Í myndböndunum sem voru í fjölmiðlum voru endurteknar nokkrar sekúndur með það að markmiði að láta þetta líta illa út sem það vissulega gerði.“

„Þetta er eins og með annað dýrahald að sá veldur er á heldur og það er hægt að vera í þessari búgrein og gera þetta vel með velferð hryssnanna í fyrirrúmi en það er einnig hægt að fara illa með skepnurnar í þessari framleiðslu eins og öðru dýrahaldi og það verður að stoppa,“ segir Ólafur.

„Blóðhryssuhald er búgrein sem nokkuð margir stunda og er að þróast til betri vegar. Varan sem er unnin úr þessu er náttúruleg og gæðavara. Það verður að hafa í huga þegar verið er að ræða þetta hitamál að rannsóknir sýna að þetta gengur ekki nærri hryssunum á nokkurn máta ef vel er að staðið sem þarf að sjálfsögðu að vera. Hryssurnar sem eru í þessu lifa lengi og lifa góðu lífi ef rétt er að öllu staðið. Það sem þessi gagnrýna umfjöllun hefur gert er að eftirlit er meira og er það vel. Hryssurnar þurfa að vera tamdar, óhræddar og henta í þetta verkefni, annað gengur ekki og er ekki rétt.“

### Jákvæð áhrif á loftslagsbreytingar

„Áhrif hestamennsku á loftslagsbreytingar í Svíþjóð eru umtöluð,“ segir Ólafur, „þar er hrossum að fjölga, það þarf að slá ofan í þau og hafa þau á beit sem er jákvætt til kolefnisbindingar.“

„Fólk er með hross til að beita í úthögum, til að nýta landið. Það er fullt af jörðum sem standa tómar og það er ekkert gott. Passlega bitið land hefur jákvæð áhrif á loftslagið. Þarna höfum við tækifæri til að herja á. Við getum ábyggilega bráðum farið að tala um hvernig hrossarækt getur komið inn í formúlur loftslagssamninga.“

„Við erum með gríðarlega mikið land. Þar sem er frjósamast og passlegur fjöldi hrossa, geta þau nánast gengið úti allt árið með hæfilegri gjöf. Þá erum við að tala um geldhross sem verða feit á sumrin og mega leggja af á vetrum til að halda líkamlegri heilsu.“

Ólafur segir að langtum flestir hrossabændur láti stóð sín ganga úti allt árið, það sé þeim eðlislægt. „Við þurfum að passa okkur að vernda ekki of mikið til að skemma ekki fyrir líkamlegu hreysti hrossanna,“ segir hann en áréttar nauðsyn þess að fylgjast vel með heilsufari og holdafari hrossanna, „það er líffræðilega rétt að hross leggi hæfilega af á vetrum, það gerir þeim gott“.

„Það er orðið algengara að hross séu kappalin, mikið inni og lítið riðið út. „Við höfum aðeins klikkað kannski á fræðslunni til þeirra sem eru í áhugamennsku,“ segir Ólafur. „Við erum farin að sjá sömu lífsstílstengdu sjúkdómana í hrossum eins og í mannfólkinu, sykursýki er orðin algengari til dæmis.“

### Breytingar í menntun mögulegar

„Ég held að menntun í hestamennsku sé í mjög fínu lagi eins og hún er, en hún þarf að haldast og þróast. Það er frábært að það sé komið meira framboð á Hvanneyri sem bætir fjölbreytnina, það er góð viðbót,“ segir Ólafur og vísar til nýs diplómanáms í frumtamningum í Landbúnaðarháskólanum. Þar er fyrir rannsóknarmiðað nám í hestafræði, auk búvísinda og diplóma í búvísindum með áherslu á dýraheilbrigði. Í Háskólanum á Hólum er hestafræðideild þar sem rannsóknir eru stundaðar og ýmsar greinar eru kenndar, svo sem hestafræði, járningar og hófhirða, reiðmennska og reiðkennsla. Fyrir liggja hugmyndir um að Háskólinn á Hólum sameinist Háskóla Íslands í svokallaða háskólasamstæðu. „Það er spurning hvað slík sameining myndi gera við hestamennskuna,“ segir Ólafur.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til breytingar á lögum um opinbera háskóla þar sem lagt er til að lögfest verði heimild til stofnunar háskólasamstæðu. Í nefndaráliti um frumvarpið segir m.a., „lögð er til afleidd breyting á 1. gr. laganna um að Háskólinn á Hólum gangi framvegis undir nafninu Háskóli Íslands á Hólum.“ Frumvarpið er nú í annarri umræðu á Alþingi.

### Styrkur íslenska hestsins rannsakaður

„Við erum líka að berjast fyrir því að mega sitja á hestinum,“ segir Ólafur. „Mörgum finnst íslenski hesturinn of lítill til að bera 90 eða 100 kg einstaklinga. Það er verið að gera rannsóknir á Hólum núna til að meta styrk íslenska hestsins miðað við önnur stærri hestakyn. Þetta er aðeins að aukast í umræðunni að hestur megi ekki bera nema 25-30% af eigin þyngd. Þá eru sennilega langflestir karlmenn og margar konur líka sem mega ekki fara á bak.“ Ólafur segir gagnrýnina koma frá fólki sem þekkir ekki til, en það sé fínt að rannsaka þetta sé talin þörf á.

„Við erum að gera þetta vel, hestarnir okkar geta orðið þrítugir sem telst tiltölulega hár aldur. Langflestir sem eru í hestamennsku gera sér grein fyrir sinni þyngd og getu, velja sér hest eftir því og þjálfa þá til að bera sig, þeir sem eru þyngri skipta oftar til dæmis. Einhverjar hestaleigur hafa sett hámarksþyngd en það er stór munur á því fyrir hestinn að hafa 90 kg óvanan knapa og 110 kg þaulvanan knapa, það er alveg gjörólíkt.“

„Það er verið að ráðast á búgreinar og búfjárhald og það að við megum halda dýr yfir höfuð, það er fámennur en hávær hópur. Af hverju þurfum við allt í einu að fara að sanna það sem er búið að gefast vel og ganga ágætlega frá landnámi? Sagan og hefðin vinnur með okkur í þessu máli.“

### Hestamennskan er fjölbreytt

Krakkar eru á námskeiðum hjá hestamannafélögum úti um allt land sem leggja sitt af mörkum við að kynna hestaíþróttina. „Þar eru að koma reiðkennarar frá Hólum,“ segir Ólafur. „Flest hestamannafélög eru með menntað fólk sem sjá um menntun og námskeið fyrir ungu knapana sem er mjög jákvætt.“

Hestamennska er fjölbreytt þó aðeins fáir stundi sumar greinar hennar. „Við höfum svo mikið einblínt á hringvallargreinarnar. Við erum með fullt af hliðargreinum sem fólki finnst gaman að stunda en er kannski ekki að keppa í, eins og smali sem er þrautabraut, hindrunarstökk, bogfimi og fleira, það er hægt að gera svo margt,“ segir Ólafur. „Horses of Iceland er frábært verkefni til að kynna hestamennsku innanlands líka og gagnast til dæmis við kynningu á Landsmóti, þó það miðist mest að kynningu erlendis.“

Ólafur bendir einnig á fleiri hliðar og möguleika hestamennskunnar þar sem tækifæri eru til staðar. „Það hefur verið haldið úti verkefnum með fólki með sérstakar þarfir, svo sem einhverfu eða þeim sem kljást við flókinn vanda í skóla og það er ótrúlegt að sjá upplifun þessara einstaklinga af því að sitja á feti hring í reiðhöllinni.“

### Að vinna við áhugamálið sitt

„Hvenær vinnudagur endar og hvenær áhugamálið tekur við er erfitt að segja, ég vinn við áhugamálið mitt. Fríðindin eru að þú getur ráðið tímanum þínum sjálfur, þú þarft auðvitað að græja þau störf sem þarf að sinna, en annars bíða störfin þar til þú kemur aftur.“ Ólafur horfir aftur í tímann og segir hugmyndir fyrri kynslóða um áhugamál hafa verið öðruvísi en nú tíðkast. „Áhugamál þeirra var bara að vinna, eða það var enginn spurður og það var ekki talað endilega um áhugamál eins og við gerum í dag.“

Aðspurður um hvað tekur við á komandi tíð segir Ólafur að annatíminn sé vor og haust og miklar annir fram undan með kynbótasýningum sem eru að fara á fullt og Landsmóti sem fer fram í byrjun júlí. „Það er frábær aðsókn í kynbótasýningar og er alltaf á Landsmótsmári, fólk vonar að það sé með stórstjörnur sem er svo mikilvægt, við værum ekki í þessu öðruvísi,“ segir Ólafur brosandi.

Í blálok samtalsins er tekinn púls á stöðu íslenska hestsins alþjóðlega. „Á heimsmeistaramótum hefur það skýrt komið fram að við stöndum framarlega, sem hjálpar okkur. Flóran hér heima er gríðarlega fjölbreytt og við þurfum að passa upp á frjósemi og fjölbreytni, stofninn er ekkert mjög stór og það getur gerst hratt ef upp koma kvillar að þá geta þeir orðið fljótir að breiðast út og þá getur verið erfitt að snúa til baka. Þetta er umræða sem við þurfum að taka aftur og aftur og vera sífellt á varðbergi og halda áfram að hafa metnað og ástríðu fyrir íslenska hestinum,“ segir Ólafur að endingu.


Svipmynd úr hestaferð tekin í Hrútagili á Rangárvallaafrétt.

Menning:

# Tilurðarsaga Skaftfells komin út á bók



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

**Útgáfu bókarinnar var fagnað í Skaftfelli á Seyðisfirði á 100 ára afmæli Garðars Eymundssonar sem ásamt eiginkonu sinni, Karólínu Þorsteinsdóttur, gaf húsið undir menningarstarfsemi.**

Frá stofnun hefur styrkleiki stofnunarinnar verið frelsi, tenging við grasrótina og heimsóknir innlendra og erlendra listamanna, segir Tinna Guðmundsdóttir, ritstjóri bókarinnar og fyrrverandi forstöðumaður Skaftfells.





Skaftfell við Austurveg 42 árið 2004 og appelsínugult gufubað sem var listaverk nemenda í vinnustofu.

> Að fá gallerí og reglulega viðburði í svona lítið pláss er sterkt menningar-uppeldi ...

### Þakklæti fyllti húsið

„Þetta er saga margra aðila, karla- og kvennasaga,“ segir Tinna Guðmundsdóttir, ritstjóri veglegrar bókar, Skaftfell Tilurðarsaga 1996–2008, sem er komin út. Í tilurðarsögunni fléttast saman raddir margra sem komu að stofnun Skaftfells, miðstöðvar myndlistar á Austurlandi, þar sem hver og ein segir söguna frá sínu sjónarhorni.

Starfsemi miðstöðvarinnar hefur frá stofnun hennar verið „tileinkuð miðlun, viðgangi og framþróun myndlistar á Austurlandi í formi sýningarhalds, reksturs gestavinnustofu og fræðslustarfs“, segir á vefsíðu Skaftfells.

„Að fá gallerí og reglulega viðburði í svona lítið pláss er sterkt menningaruppeldi,“ segir Tinna. „Bæjarbúar mættu á og mæta enn á opnanir í Skaftfelli og þegar það eru reglubundnar opnanir þá keyrir fólk á það og mætir. Sumarsýningar urðu til dæmis fastur liður,“ segir Tinna og bætir við að svona starfsemi opni nýjar víddir í huganum og verði hluti af bæjarstemningunni.

Bókin kom út á 100 ára afmæli Garðars Eymundssonar (1926–2017) sem var listmálari og húsasmiður en Karólína (1928–2018) var verslunarstjóri og fréttaritari. Við sama tilefni opnaði sýning á málverkum Garðars og endurútgáfa á bókverkinu Fjallahringur Seyðisfjarðar leit dagsins ljós.

Blaðamaður var viðstaddur útgáfu bókarinnar og opnun sýningarinnar þar sem hlýhugur, þakklæti og skapandi straumar liðuðust um húsið. Margir úr fjölskyldu Garðars og Karólínu voru viðstaddir ásamt fjölmörgum velunnurum Skaftfells úr bænum og víðar að.

### Ánægja bæjarbúa með myndlistarsýningar kveikjan

Árið 1995 var 100 ára afmæli Seyðisfjarðarkaupstaðar fagnað með opnun fjölda myndlistarsýninga undir yfirskriftinni Á Seyði í sýningarstjórn myndlistarmannsins Ingu Jónsdóttur. Sýningarnar vöktu mikla ánægju bæjarbúa en áhugi á menningu og virðing fyrir mikilvægi listarinnar virðist vera samofinn bænum og íbúum hans.

Ein sýninganna sem var opnuð var á verkum Þorvaldar Þorsteinssonar (1960–2013) sem varpaði upp möguleikum á nýtingu húsanna í bænum og önnur verk Dieters Roth (1930–1998) Húsin á Seyðisfirði, vetur 1988–sumar 1995, sem samanstendur af rúmlega 800 litskyggnumyndum af sérhverju húsi á Seyðisfirði í tveimur lotum. Dieter sem var svissnesk-þýskur myndlistarmaður og sonur hans, Björn Roth (1961–2026), settu sýninguna upp og í kjölfarið urðu Björn og Garðar góðir félagar sem deildu áhuga á mikilvægi varðveislu húsaarfsins í bænum. Dieter bjó áður í Reykjavík ásamt fjölskyldu sinni en átti athvarf hjá Birni syni sínum á Seyðisfirði og í Loðmundarfirði.

Í fréttatilkynningu um útgáfu bókarinnar segir: „Með þessari útgáfu er dregin upp mynd af því hvernig grasrótarhreyfing, listrænn metnaður og samstillt samfélag geta haldið uppi lifandi menningarstofnun á landsbyggðinni. Arfleifð og saga Skaftfells er vitnisburður um umbreytandi möguleika lista þar sem þrautseigja og sköpunargleði spila lykilhlutverk.“

Fyrsta sýningin sem sett var upp í Skaftfelli var að frumkvæði fyrrnefndrar Ingu Jónsdóttur og Dieters en Inga stóð þá að skipulagningu annarrar útgáfu listahátíðarinnar Á Seyði. Gríðarlegt átak var að koma sýningarrýminu á miðhæð Skaftfells í nothæft horf, en það var áður smíðaverkstæði Garðars, og hópur fólks kom þar að. Garðar kostaði tunnu af hvítri málningu og Dieter keypti mótakrossvið á gólfið.

Sýningin var opnuð og ári síðar var fasteignin að Austurvegi 42 afhent nýstofnuðum Skaftfellshópi. Gengið var frá kaupsamningi ári síðar og söluverð fasteignarinnar var ein króna. Enn þann dag í dag er Skaftfellshópurinn bakhjarl Skaftfells.

Fyrstu árum Skaftfells fylgdu ákveðnir vaxtarverkir, segir Tinna, „þetta gerist allt mjög hratt og á sama tíma og ekki var mikið um ferðamenn í bænum“. Hún segir það taka tíma að byggja upp þekkingu til að halda slíkri stofnun úti og til að þróa góða leið til að taka á móti listamönnum. „Það sem skiptir mestu máli er að stofnunin hefur alltaf haft sjálfstæði, stöðuga tengingu við grasrótina og listrænt frelsi.“

### Samfelld tenging þvert yfir landið

Starfsemin þróaðist hratt næstu árin, sýningarsalurinn var formlega vígður 1999 og veitingasala og gestavinnustofa opnuðu í kjölfarið. Árið 2001 voru Björn Roth og Kristján Steingrímur, þáverandi deildarforseti myndlistardeildar, upphafsmenn námskeiðsins Vinnustofa á Seyðisfirði þar sem áhersla var á að kynna fyrir nemendum vinnuaðferðir Dieters og vinna með þær sérstöku aðstæður sem fjörðurinn býður upp á, vinna ný verk og opna sýningu. Nemendur í BA námi í myndlist hafa flest ár síðan þá komið til vinnustofudvalar á Seyðisfirði í aðdraganda gerðar útskriftarverks síns úr skólanum.

„Ávinningur af samstarfi við Listaháskóla Íslands er alveg skýr, að fá alltaf ferskan anda inn í stofnunina með reglulegri komu nemenda sem vinna á staðnum skiptir miklu máli. Unga blóðið er stöðug tenging við það sem kraumar,“ segir Tinna og bendir á að margir ungir listamenn hafi haldið sínar fyrstu sýningar í Skaftfelli.



Celia Harrison, forstöðumaður Skaftfells, fagnar komu Þórunnar Eymundardóttur, fyrrverandi forstöðumanns, og Tinna Guðmundsdóttir, ritstjóri bókarinnar, bíður þess að ávarpa gesti.. Mynd / Damian Henryksson





DYNJANDI
allt fyrir öryggið

TILBOÐ
899.000,- m/vsk*
*Gildir út júní 2026

Áreiðanleg loftpressa frá hinum virta framleiðanda ELGi. Kemur með þurrkara sem getur náð daggarmarki + 3°C og 270 l loftkút með tímastilltu dreni.
Stærð í mm: L: 1825 x B: 773 x H: 1405
5 ára ábyrgð með þjónustusamning.

- Loftpressa 5,5 kW
- Afkastageta 650 l/mín
- Þurrkari + 3°C
- 270 l loftkútur
- Hámarksþrýstingur 10 bar
- Hljóðstyrkur aðeins 64 dB (A)
- Þriggja fasa / 400 V

Fáanleg með matvælavottaðri olíu og í öðrum stærðum.
Einnig hægt að ná ISO 8573-1 gæðastaðli 1:4:1 með tveimur þrýstiloftssíum.

Dynjandi ehf. | Skeifunni 3 | 108 Reykjavík | Sími 588 5080 | dynjandi.is | hafsteinn@dynjandi.is



Júlíana, dóttir Garðars Eymundssonar, ávarpaði gesti. Í baksýn eru teikningar föður hennar, Fjallahringur Seyðisfjarðar. Mynd / Damian Henryksson

### Gestavinnustofur og talsamband við útlönd

„Gestavinnustofan er rannsóknarstofa þar sem engar hömlur eru, það má koma og gera hvað sem er. Þar ríkir frjálslyndi og umburðarlyndi gagnvart listrænu flippi,“ segir Tinna og hlær. „Það er þetta sem gerir starfsemina aðlaðandi fyrir innlenda og alþjóðlega listamenn og gesti.“

Björn Roth, sem nýlega féll frá, var frá upphafi lykilmaður þegar kom að því að velja listamenn til að sýna í Skaftfelli. Fyrir hans tilstuðlan og samtals hans við föður sinn Dieter, sem var bæði þekktur og vel tengdur á meginlandinu, komu margir vel þekktir listamenn til Seyðisfjarðar. „Hægt og rólega byggðust gestavinnustofurnar upp, utan um þessar heimsóknir erlendis frá. Þannig bárust fréttir að utan um hvað var að gerjast á meginlandinu,“ segir Tinna um tilkomu gestavinnustofanna sem enn eru einn af burðarásum starfseminnar.

„Tengingin út fyrir landsteinana hefur alltaf verið mikilvæg,“ segir Tinna. „Erlendir listamenn koma með ferska vinda og þeir koma gjarnan endurtekið, þannig var það og þannig er það enn. Það þýðir ekki að vera á eintali við sjálfan sig, þá endar maður í bergmálshellinum sem við þekkjum vel úr samtímanum.“

Tinna segir veturinn dimman og langan á Seyðisfirði. „Maður var ekkert að fara mikið úr firðinum,“ segir hún um gildi þess að fá svo marga listamenn til bæjarins sem hún segir bæði hafa þýðingu fyrir bæinn



Bókin er fallega hönnuð af Studio Studio. Myndir / Skaftfell

en einnig fyrir myndlistina á Íslandi. „Seyðisfjörður er líka endalaus uppspretta fyrir þá listamenn sem koma sem gestir.“

Í samtalinu koma upp fjölmörg dæmi um verk sem tengjast bænum. Sjávarblámi, sýning Bryndísar Snæbjörnsdóttur og Marks Wilson, sem er nýlokið í Listasafni Íslands og byggir á hvalveiðistöð sem var í bænum, er nærtækasta dæmið en hluti hennar var áður í Skaftfelli.

Bókin Skaftfell Tilurðarsaga 1996–2008 er ríkulega myndskreytt með ljósmyndum frá tímabilinu sem gefa glögga innsýn inn í starfsemi Skaftfells. Um vel heppnaða bókarhönnun og umbrot sáu Studio Studio, þau Arnar Freyr Guðmundsson og Birna Geirfinnsdóttir.



Bæjarbúar og gestir á viðburði á listahátíðinni LungA árið 2005.












Í Bretlandi er bændum ráðlagt að stýra stubblengdinni eftir þurrefnisinnihaldi heysins. Mynd / ForFarmers.co.uk

# Stubblengdin skiptir máli

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



**Nú líður að fyrsta slætti hjá flestum kúabændum hérlendis og af því tilefni er gott að rifja upp að stubblengdin á grasi til votheysgerðar, svokölluð söxun heysins, skiptir miklu máli en hún á þó ekki að vera einhver stöðluð stærð heldur breytileg eftir þurrefni þess sem er verið að verka.**

Til eru ótal erlendar rannsóknir á því hvaða lengd af grasi hentar best til votheysgerðar og eru flestar þeirra á einn veg, þ.e. að sé þurrefnið hátt á að stytta stubblengdina en sé þurrefnið lágt á að saxa grasið minna.

### Saxa til að þjappa betur

Ástæða þess að bændur fóru að saxa hey sitt verulega hér áður fyrr var til þess að gera það betur tækt til þjöppunar. Nýslegið gras er nefnilega mjög loftmikið í raun og það loft þarf að losna við þegar heyið er sett í votverkun. Ef súrefni er inni í heyinu geta óæskilegar örverur náð að dafna þar og valdið hita, skemmdum og næringarefnatapi á fóðrinu. Sé heyið vel saxað pakkast það betur saman þegar það er sett í votheysstæðuna og fyrir vikið verða til færri staðir þar sem loft getur falist.

Í reynd þýðir þetta að vel söxuð uppskera nær stöðugum, súrefnislausum aðstæðum mun hraðar með tilheyrandi áhrifum á fóðurverkunina.

### Ekki áhersluatriði

Undanfarin ár hefur stubblengdin ekki verið afgerandi þáttur þegar kemur að því að verka hey í stæður og skýringin á því er einfaldlega sú að undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á tækjabúnaði sem bændur nota við stæðugerðir.

Tækin sem notuð eru í dag eru einfaldlega öðruvísi og þyngri en þau sem voru notuð hér áður fyrr, og því er hægt að þjappa miklu betur nú orðið nokkuð óháð stubblengdinni.

Auðvitað reyna flestir að saxa heyið vel og með snaraukinni notkun á búnaði sem saxar heyið verulega, eins og t.d. múgsaxa, hafa allar forsendur til bættrar stæðuverkunar gjörbreyst. Það sem kann þó að vanta eru ráðleggingar um hve mikla söxun ætti að stefna að.

### Kostir söxunar

Fyrrnefndir kostir söxunar, þ.e. til að bæta þjöppun, eru alls ekki einu kostirnir við söxun heldur hefur hún einnig áhrif á fóðurverkunina og átlyst kúa. Kýr vilja nefnilega allra helst éta fóður sem er auðvelt að innbyrða og jórtra á. Ef stubblengd fóðursins er löng hefur það þannig bein áhrif á át kúnna og mjólkurframleiðsluna.

Norsk rannsókn hefur t.d. sýnt fram á að söxun fóðurs, úr 15 cm að jafnaði í 2 cm, minnkar áttímann hjá kúnum á dag um 40-45 mínútur. Sé fóðrið mikið saxað þurfa þær einfaldlega að verja minni tíma í að éta og tyggja og geta þess í stað legið og jórtrað. Jórtrunin verður líka afkastameiri sem svo aftur leiðir til meiri mjólkurframleiðslu!

Það er því margt að vinna við að saxa fóðrið niður fyrir kýrnar en vissulega má líka gera það í fóðurvagni, þ.e. sé votheyið ekki nógu mikið saxað þá er hægt að nota fóðurvagn með skurðarbúnaði til að sjá um að koma fóðrinu á það form sem hentar mjólkurkúm best.

> ... sé þurrefnið hátt á að stytta stubblengdina en sé þurrefnið lágt á að saxa grasið minna.

### Rétt stubblengd?

Við stæðugerð eru í dag oftast notaðir einhvers konar múgsaxar eða sérstakir heyvagnar og eru þessi tæki oftast með stillanleg hnífaborð sem hægt er að breyta til að fá mismunandi stubblengd heysins. Eftir því sem næst verður komist eru ekki til hérlendar leiðbeiningar um „rétta stubblengd", enda sýna erlendar ráðleggingar að hér er ekki um eina gullna lengd að ræða heldur eitthvað sem þarf að breytast í takti við uppskeruna. Víða erlendis er talað um fræðilega stubblengd og eru þá oft nefndar tölur í kringum 20 til 25 millimetra. Þetta bil hefur reynst veita gott jafnvægi milli þjöppunarhæfni og fóðurgæða.

Við þessa lengd er grasið nógu stutt til að þjappast vel svo gerjun votheysins verði góð, en á sama tíma er stubblengdin ekki styttri en svo að hún hentar vel í fóður fyrir mjólkurkýr, þ.e. vambarstarfsemin verður eðlileg.

### Breskar leiðbeiningar

Það er þó ljóst að með aukinni söxun verður líka tap á velli, þ.e. heyið verður hreinlega eftir á túninu þar sem það næst ekki allt upp. Það þarf því að fara einhvern milliveg

KVH
Girðingar-efni
Allt fyrir öruggar og endingargóðar girðingar
Girðingastaurar
Girðingarnet 5-8 strengja
Gaddavír & þanvír
Stagvír & kengir
Hafðu samband!
455-2300
kvh@kvh.is
www.kvh.is
Strandgata 1, 530 Hvammstangi
Kaupfélag Vestur Húnvetninga





Vel saxað hey getur haft mikil áhrif á át kúa. Mynd / Göveil.

í þessu öllu saman. Í Bretlandi er bændum t.d. ráðlagt að horfa til þurrefnisinnihalds uppskerunnar og stilla af söxunina í samræmi við þurrefni heysins. Sé það vel þurrt á velli, eigi að miða að því að saxa það vel en sé verið að hirða það heldur blautt sé betra að saxa það minna.

Hinar bresku ráðleggingar eru á þá leið að sé um blaðmikla uppskeru að ræða og þurrefnið >32% þá eigi að stefna að 3-5 cm stubblengd. Ef þurrefnið er 28-30% þá sé rétt að miða við 5 cm stubblengd en ef heyið er blautt og þurrefnið undir 28% þá þurfi að auka stubblengdina jafnt og þétt og sé heyið ekki nema 22% þurrefni eigi að miða við 10 cm stubblengd.

**Slá oftar?**

En það er meira en stubblengdin sem skiptir máli, aukin tíðni á slætti hefur einnig mikil áhrif á gæði votheysins sem fóður fyrir mjólkurkýr. Erlendis hefur á undanförnum áratugum orðið stökkbreyting á sláttuatferli bænda og þannig hafa flestir kúabændur farið úr því að slá sjaldan og taka mikið inn í einu yfir í að slá oftar en fá heldur minna inn hverju sinni. Með sífellt betri tæknibúnaði er nefnilega orðið auðveldara en áður að slá oftar, þó svo að uppskeran hverju sinni sé mögulega ekki gríðarlega mikil. Þetta þarf auðvitað hver og einn bóndi að skoða fyrir sig, þ.e. hvort það borgi sig að auka tíðnina með tilheyrandi kostnaði en kostirnir, a.m.k. erlendis, eru skýrir: aukið orkuinnihald og meltanleiki fóðursins sem leiðir til aukinnar átlystar kúa og þar með mjólkurframleiðslu.

Samkvæmt tölum frá Bretlandi eru kostirnir við að slá grasið fimm sinnum, í stað þess að slá tvisvar eins og hefðbundið er, þeir að heildaruppskeran jókst og fór úr 12,7 tonnum af þurrefni á hektara í 17,1 tonn og próteinhlutfall grassins jókst að jafnaði og fór úr 14,8% í 18,5%. Þessa kosti, auk þekktra áhrifa aukinnar tíðni á slætti á afurðasemi kúa, þarf svo að vega og meta á móti kostnaði við heyskapinn eins og gefur að skilja.

*Heimildir m.a. Buskap 2025/1 og ForFarmers.co.uk*









# Róbótar í gróðurhúsum

## – Sjálfvirk tækni í sókn



Christina Stadler.

Nútíma landbúnaður tekur stöðugum framförum með tilkomu gervigreindar og róbóta.

Á síðustu árum hefur notkun róbóta í landbúnaði aukist hratt, sérstaklega í ræktun í gróðurhúsum þar sem nákvæmni og stöðug framleiðsla skiptir miklu máli.



Róbóti í tómatarækt í gróðurhúsi (Þessi róbóti tengist ekki þeim kerfum sem lýst er hér fyrir neðan). Mynd / WUR

**Sjálfvirknivæðing í gróðurhúsum**

Notkun róbóta í gróðurhúsum hefur það meginmarkmið að auka skilvirkni, nákvæmni og sjálfbærni í framleiðslu. Með sjálfvirknivæðingu verkefna eins og uppskeru, eftirlits og plöntumeðhöndlunar er hægt að draga úr þörf fyrir handunna vinnu og bregðast við skorti á vinnuafli og háum launakostnaði.

Róbótatækni gerir kleift að safna stöðugt gögnum um ástand plantna og styður þannig betri ákvarðanatöku, til dæmis varðandi vökvun, áburðargjöf og sjúkdómavarnir.

Helstu ávinningar eru:
- aukin framleiðni og stöðugri uppskera
- betri nýting auðlinda (vatns, næringarefna, orku)
- minni notkun varnarefna
- meiri gæði og sjálfbærni

**Kjarnatækni: Gervigreind og skynjarakerfi**

Grunnurinn að nútíma gróðurhúsaróbótum er samspil gervigreindar, tölvusjónar og skynjaratækni.

Tölvusjón gerir kleift að greina plöntur, meta þroskastig og bera kennsl á sjúkdóma eða skaðvalda á snemmstigi. Skynjarar mæla umhverfisþætti í rauntíma, svo sem hita, raka, $CO_2$, PAR-gildi, sýrustig og næringarefni. Með þessari gagnavinnslu er hægt að stýra gróðurhúsum nákvæmlega og sjálfvirkt, til dæmis með tilliti til lýsingar, vökvunar og hitastýringar.

Róbótar nota einnig staðsetningartækni eins og LiDAR og GPS til að ferðast sjálfstætt um ræktunarsvæði. Öll þessi kerfi eru oft tengd í IoT-neti þar sem gögn eru unnin og deilt á milli kerfa í rauntíma.

**Sjálfvirk uppskeru- og flutningskerfi**

Ein mikilvægasta notkun róbóta í gróðurhúsum er sjálfvirk uppskera. Þar eru notuð kerfi sem sameina myndgreiningu og vélræna arma til að greina, velja og safna ávöxtum.

**Jarðarber – „Berry“**

Uppskeruróbótinn „Berry“ frá Organifarms í Þýskalandi vinnur sjálfstætt í gróðurhúsum. Með hjálp myndgreiningar er þroski jarðarberja metinn, berin gripin og stilkar klipptir. Berin eru síðan sett varlega í bakka og viktuð.

Kerfið vinnur stöðugt og dregur þannig úr þörf fyrir handafli.

**Tómatar – „Grow“**

Róbótinn „Grow“ frá MetoMotion í Ísrael er hannaður fyrir tómatarækt og notar nætursjón. Hann notar 3D-sjón til að meta þroska út frá stærð og lit og staðsetningu ávaxta. Tveir vélrænir armar klippa stilkana af tómötunum. Kerfið er hannað þannig að það getur tínt ávexti beggja vegna ræktunarraðar samtímis og lagt ávextina á færiband sem flytur tómatana varlega í flutningskassa.

Þegar kassarnir fyllast sér róbótinn sjálfur um að skipta um þá. Kerfið safnar jafnframt gögnum sem nýtast til uppskeruspáa og betri framleiðsluáætlunar.

**Eftirlit, spá og gagnadrifin ræktun**

Auk beinnar uppskeru gegna róbótar mikilvægu hlutverki í eftirliti og framleiðsluspám.

Róbótinn „Fravebot Scout“ frá tékkneska fyrirtækinu Fravebot safnar gögnum um blómgun, þroska, sjúkdóma og skaðvalda og getur unnið 24/7. Fravebot Scout skannar plönturnar með myndgreiningu og telur nákvæmlega fjölda ávaxta og fylgist með þroska, stærð, lögun og gæðaflokkum þeirra. Með 5G-tengingu eru gögn unnin í rauntíma og notuð til að búa til nákvæmar uppskeruspár allt að tveim vikum fram í tímann og úðaplön sem miða að staðbundinni meðhöndlun plantna.

Svipuð hugmynd er í hugbúnaðarkerfum eins og HarvestAI frá Þýskalandi, þar sem gervigreindarlíkön greina umhverfis- og vaxtargögn. Slík kerfi geta hermt mismunandi ræktunarskilyrði og spáð fyrir um uppskeru frá einni upp í átta vikur fyrir uppskerudag tómata, papriku og jarðarberja, sem bætir skipulag og auðlindanýtingu. Ræktendur geta stillt loftslagsaðstæður í gróðurhúsum í HarvestAI-viðmótinu og strax séð hvaða áhrif þær hafa á vöxt plantna og uppskeruferla. Það er hægt að prófa mismunandi vaxtarsviðsmyndir til að hámarka hagkvæmni í framleiðslu.

Í gróðurhúsum eru einnig fjölmörg verk sem tengjast umhirðu plantna, til dæmis laufhreinsun.

**Gúrkulauf – vélræn og snertilaus lausn**

Fyrirtækið VDL í Hollandi hefur þróað róbóta sem greinir gúrkulauf með myndgreiningu og skynjurum og klippir það með skærum við stilkinn. Kerfið velur lauf sem þarf að fjarlægja og framkvæmir nákvæma klippingu með vélrænum armi.

Önnur lausn, „DIPLO C 100“ frá Lenzeel í Hollandi, fjarlægir lauf með því að sjúga þau inn með loftblæstri, klemma þau á milli tveggja lóðréttra kefla og rífa þau af stilknum, alveg án skurðarverkfæra. Þetta minnkar snertingu við plöntur og dregur úr hættu á skemmdum. Þegar vélin kemur að enda raðarinnar er verkfærið og yfirborðin sótthreinsuð á stuttum tíma með sterkri UV-C geislun. Fjarlægðu gúrkulaufin eru mulin vélrænt og falla á gólfið.

Róbótinn „Kompano“ frá Priva í Hollandi fjarlægir gömul lauf sjálfvirkt. Hann notar myndavélar, skynjara og gervigreind til að greina hvaða lauf þarf að fjarlægja og vinnur samhliða starfsfólki í gróðurhúsum.

**Önnur sjálfvirk verkfæri**

Auk uppskeru og laufhreinsunar eru önnur sérhæfð verkefni í þróun.

Róbótinn „Louie“ frá Arugga AI Farming í Ísrael leggur niður tómata- og gúrkuplöntur. Louie getur einnig talið plöntur og mælt þyngd þeirra til að bæta uppskeruspá og greiningu á frávikum í plöntum. Róbóti safnar gögnum um blómgun, snemmtæka uppgötvun meindýra og rauntímagreining á heilsu plantna.

Róbótinn „Polly“, sem er einnig frá Arugga Al Farming, sér um frjóvgun með loftblæstri og notar gervigreind og myndgreiningu til að greina blóm sem eru tilbúin til frjóvgunar.

**Framtíð gróðurhúsaræktunar**

Þróun róbóta sýnir hvernig landbúnaður er að færast í átt að meiri sjálfvirkni, nákvæmni og sjálfbærni. Með samþættingu gervigreindar, skynjaratækni og vélmenna má auka framleiðni, draga úr sóun og bæta gæði uppskeru.

Slík tækni getur jafnframt hjálpað ræktendum að takast á við skort á vinnuafli og auknar kröfur um skilvirka og umhverfisvæna matvælaframleiðslu. Líklegt er að róbótar verði í framtíðinni óaðskiljanlegur hluti nútíma gróðurhúsareksturs.

Einnig væri mikilvægt að stjórnvöld skoði möguleika á styrkjum eða niðurgreiðslum, þar sem innleiðing slíkrar tækni felur í sér mikinn stofnkostnað, sérstaklega fyrir smærri fyrirtæki á Íslandi.

*Höfundur er lektor hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.*






**Nautakjötsmarkaðurinn á Íslandi, byggt á gögnum Hagstofunnar og skýrsluhaldsgögnum RML. Unnið af Bændasamtökum Íslands.**

# Nýir búvörusamningar verða að styðja við íslenska nautakjötsframleiðslu


**Sigurbjörg Ottesen.**

Íslensk nautakjötsframleiðsla stendur á tímamótum. Á sama tíma og eftirspurn eftir innlendu nautakjöti eykst, glíma nautakjötsframleiðendur við hækkaðan framleiðslukostnað, óstöðugt rekstrarumhverfi og harðari samkeppni frá innfluttu nautakjöti – í boði stjórnvalda. Í þessu samhengi skipta komandi búvörusamningar sköpum. Þeir verða ekki aðeins að tryggja afkomu bænda til skamms tíma, heldur einnig skapa skýra framtíðarsýn fyrir greinina í heild.

Nautakjötsframleiðsla á Íslandi byggir á sérstöðu sem ekki allar aðrar þjóðir geta státað af. Hreint umhverfi, góð dýravelferð og rekjanleiki alla leið til bónda. Hér á landi búum við með heilbrigða gripi og sýklalyfjanotkun ein sú minnsta sem þekkist í heiminum. Þetta eru verðmæti sem neytendur kunna sífellt betur að meta. En þessi sérstaða stendur og fellur með því að rekstrargrundvöllur bænda sé raunhæfur. Ef afkoma er veik, dregur úr framleiðslunni, nýliðun minnkar og þekking tapast.

Eitt stærsta verkefnið í nýjum samningum er að takast á við þróun framleiðslukostnaðar. Fóður, áburður, rafmagn og kostnaður við fjárfestingar hefur hækkað verulega á undanförnum árum. Á sama tíma hefur þróun afurðaverðs ekki náð að halda í við hækkaðan framleiðslukostnað. Þetta ójafnvægi er ekki sjálfbært til lengri tíma. Búvörusamningar verða að innihalda skýr verkfæri til að jafna þetta bil, hvort sem það er í formi beinna stuðningsgreiðslna, sveigjanlegra viðbragða við kostnaðarbreytingum eða hvata til aukinnar framleiðslu.

Það þarf að horfa sérstaklega til stöðu nautakjötsframleiðslu sem oft hefur setið eftir í samanburði við aðrar búgreinar. Ef markmið er að auka sjálfbærni og efla fæðuöryggi þjóðarinnar, þá hlýtur að vera forgangsatriði að styrkja innlenda framleiðslu. Það er einfaldlega óábyrgt að treysta í auknum mæli á innflutning á sama tíma og innlend framleiðslugeta er til staðar – en veik.

Nýir samningar þurfa einnig að styðja við nýliðun og kynslóðaskipti. Ungt fólk hefur áhuga á landbúnaði, en þarf að sjá fram á raunhæfa framtíð í greininni. Skýrari stuðningur við uppbyggingu, fjárfestingar og tækniþróun getur skipt sköpun. Sjálfvirkni, betri nýting gagna og framfarir í kynbótum bjóða upp á aukna framleiðni og bættan rekstur – en aðeins ef bændur hafa bolmagn til að fjárfesta í greininni.

Loftslagsmál eru einnig óhjákvæmilegur hluti af umræðunni. Íslensk nautakjötsframleiðsla hefur alla burði til að vera í fremstu röð þegar kemur að sjálfbærni. Þar þarf að vinna markvisst með bændum, ekki gegn þeim. Stuðningur við kolefnisbindingu, betri fóðrun og landnýtingu getur skilað raunverulegum árangri – en krefst fjárfestinga og langtímahugsunar.

Nýir búvörusamningar eru tækifæri. Tækifæri til að styrkja innlenda framleiðslu, auka sjálfbærni og tryggja að íslenskir neytendur hafi áfram aðgang að hágæða nautakjöti úr íslenskri sveit. En til þess þarf skýra stefnu, pólitískt hugrekki og raunverulegan vilja til að setja íslenskan landbúnað í forgang.

Ef ekki, þá mun þróunin því miður vera í öfuga átt, framleiðslan minnkar, innflutningur heldur áfram að aukast og fæðuöryggið veikist. Það er val sem við eigum ekki að velja.

*Höfundur er formaður nautgripabænda BÍ og stjórnarmaður BÍ.*




# ÚTBOÐ

RANGÁRÞING EYSTRA

Rangárþing eystra óskar eftir tilboðum í :
„Hamragarðar – bílastæði - 2026“

Verkið felur í sér gerð á bílastæðum við Hamragarða með niðurföllum.

Helstu magntölur eru:

- Styrktarlag 8.000 $m^3$
- Gröftur 2.000 $m^3$
- Niðurfallalögn 337 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2026.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 26. maí 2026.
Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband
við Þóru Björg Ragnarsdóttur, hjá Rangárþingi eystra
með tölvupósti í netfangið thorabjorg@hvolsvollur.is og gefa upp nafn,
heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur
fyrir kl. **13.00 miðvikudaginn 10. júní 2026** og verða þau opnuð þar
að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Rangárþings eystra
**Þóra Björg Ragnarsdóttir**
**Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra**





# Koma, dvelja, búa – á Kirkjubæjarklaustri



Hildur Þórðardóttir.

Hvað þarf til að fólk geti og vilji búa áfram í heimabyggð úti á landi? Hvað þarf til að nýtt fólk geti flutt á staðinn? Þessum spurningum er reynt að svara í verkefni með þátttöku Íslands, Finnlands, Svíþjóðar og Danmörku, sem heitir Koma, dvelja, búa, eða Coming, Living, Staying á ensku. Íslensku samtökin Landsbyggðin lifi eru þátttakendur í verkefninu fyrir Íslands hönd.

Í verkefninu eru skoðaðir innviðir eins og húsnæðismál, atvinnusköpun, orkumál, ruslamál, samgöngur, nettenging, hvernig tekið er á móti nýju fólki og margt fleira. Markmiðið er að læra af hvert öðru og deila reynslu, því mögulega hefur eitt land fundið lausnir á áskorunum annars lands.

Hvert þátttökuland stendur fyrir að minnsta kosti einni opinni vefmálstofu og einni staðarmálstofu þar sem hópar frá hinum löndunum koma og kynnast aðstæðum. Dagana 7.-10. maí var einmitt komið að Íslandi og hittist hópurinn á Kirkjubæjarklaustri.

Ástæðan fyrir því að við völdum Kirkjubæjarklaustur er að þau eru með okkur í verkefninu og því upplagt að heyra hvernig gengur þar.

Katrín Gunnarsdóttir, forstöðumaður Kirkjubæjarstofu og tengiliður okkar í verkefninu, fræddi okkur um bæinn og samsetningu bæjarbúa. Þá sagði Guðmundur Vignir Steinsson frá því hvernig hann opnaði einu matvöruverslunina á staðnum, sem er nú rekin með tapi og að margir íbúar velji að panta frekar frá stóru keðjunum heldur en að styðja við staðarbúðina. Fólk gerir sér kannski ekki grein fyrir því að ef verslunin gefst upp verða 80 km í næstu verslun ef fólk þarf að skjótast eftir mjólk eða brauði.

Sveinn Jensson, hótelstjóri Hótels Klausturs, þar sem við gistum, sagði frá því af hverju hann kom til baka til Klausturs þrátt fyrir að honum hafi boðist vinna á sólarströndum og auðveldara líf. Taugin heim er greinilega rammari en flest og honum hefur tekist að gera hótelið að frábærum áfangastað. Baldvin Lárus Benediktsson sýndi okkur nýja brugghúsið sem verður afar skemmtilegur veitingastaður með heimabrugguðum bjór. Allir þessir frumkvöðlar þurftu sjálfir að byggja starfsmannahús þar sem skortur er á húsnæði í bænum sem sýnir að ef nýtt fólk hyggst flytja í bæinn og vinna t.d. í fjarvinnu er húsnæði nær ófáanlegt.

Hin pólska Anna Magdalena Buda sagði okkur hvernig það er að vera útlendingur í litlu bæjarfélagi, til dæmis hversu miklu betra það var að vinna á elliheimilinu heldur en í fiskvinnslunni upp á að kynnast bæjarbúum og læra íslensku.

Þá fræddi Eva Bjarnadóttir frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga okkur um starfsemi þeirra og sóknaráætlun.

Daginn eftir komu Elísabet Kristjánsdóttir og Vilhjálmur Vernharðsson úr Möðrudal og deildu sinni reynslu af uppbyggingu innviða hjá þeim. Bærinn er afar mikilvægur þegar kemur að öryggi þeirra sem eru að fara á milli Norðurlands og Austurlands en þegar kemur að innviðaþjónustu virðist vera önnur saga.

Til dæmis mega þau ekki halda fleiri en 300 kindur, að mati yfirvalda, vegna viðkvæms gróðurs á svæðinu, og hafa því verið að byggja upp ferðaþjónustu til að geta lifað af. En þá strandar á raforkunni. Rarik vill ekki leggja rafmagn til þeirra vegna fjarlægðar og vildi heldur ekki taka þátt í að fjármagna nýja virkjun í ánni. Nýlega fengu þau styrk frá Orkusjóði fyrir 30% af kostnaðinum, en enn vantar upp á. Ruslið hefur ekki verið sótt í tvö ár svo þau hafa neyðst til þess að brenna það, við mikla hneykslun ferðamanna. Sveitarfélagið lítur bara í hina áttina þegar kemur að skólamálum og þykist ekkert vita af börnunum þeirra. En samt halda þau áfram ótrauð.

Við keyrðum í Skaftafell og skoðuðum nýju húsin sem verið er að byggja í túnfæti þjóðgarðsins. Í fyrstu litu þau kannski sakleysislega út en þegar við héldum lengra og hittum félaga í íbúasamtökum Öræfa kom allt annað í ljós. Þarna á að byggja nýtt þorp með 70 hús fyrir ferðamenn, auk starfsmannahúsa, beint fyrir framan þjóðgarðinn.

Þjóðgarðurinn stærir sig af því að vera á heimsminjaskrá UNESCO en ef UNESCO sér hvað verið er að framkvæma er hætta á að þeir verði fjarlægðir af listanum. Dæmi eru frá bæði Finnlandi og Svíþjóð að UNESCO hótaði að taka lítil þorp af skránni ef vindmylla yrði byggð í sjónmáli. Í bæði skiptin var hætt við vindmylluframkvæmdirnar. Við Íslendingar þurfum að vera duglegri að tilkynna svona til heimsminjaskrárinnar.

Hvar sem við keyrðum fram hjá var búið að breyta gömlum útihúsum í veitingastaði og gistirými, svo bændur stóla greinilega sífellt meira á ferðaþjónustu til að framfleyta sér. Þau höfðu því eðlilega áhyggjur af stórum fjárfestingaraðila valta yfir heimafólk með heilu gistiþorpunum, eins og nú er verið að byggja við Skaftafell.

Við skruppum að sjálfsögðu í sund til að leyfa útlensku gestunum að upplifa hvernig það er að vera Íslendingur. Þá sagði Ingimar Helgason staðarprestur okkur sögu Jóns Steingrímssonar eldklerks; hvernig Lakagígahraunið nálgaðist bæinn eftir margra mánaða eldgos með tilheyrandi öskufalli og meira en helmingur íbúa dáinn vegna eitrunar; hvernig varla var hægt að sjá höndina útrétta á sjálfum sér; og hvernig þeir sem eftir lifðu söfnuðust saman í kirkjunni og báðu heitt og innilega, nóg til að stöðva flæði hraunsins og eldgosið hætti alveg nokkrum mánuðum síðar. Þá var gengið út að Systrastapa til að skoða ummerkin.

Á leiðinni út á flugvöll stoppuðum við hjá Guðnýju Höllu Gunnlaugsdóttur og Guðmundi Ólafssyni á Búlandi þar sem þau eru með lífrænt mjólkurbú og heyrðum hvernig það er að vera með lífræna framleiðslu á Íslandi þar sem allt regluverk er miklu strangara en í Danmörku til dæmis. Í Danmörku er einmitt mjög vinsælt að vera með lífræna ræktun en hér á landi er þetta eilíf barátta.

Erlendu gestirnir voru himinlifandi með alla þessa vitneskju og fannst þeim þeir hafa komist miklu nær íslensku þjóðarsálinni heldur en ef þeir hefðu bara komið sem ferðamenn. Það skiptir svo miklu máli að heyra frásagnir raunverulegs fólks.

Verkefnið er styrkt af Nord+ og Demos. Fyrir utan samtökin Landsbyggðin lifi taka þátt í verkefninu bæjaryfirvöld Samsö, eyju í Danmörku, X-ing, íbúasamtök í Söderhamn í Svíþjóð og Finnish Village Association, samtök margra lítilla bæja í miðju Finnlandi rétt hjá Jyvaskyla. Greinarhöfundur skrifaði einmitt um heimsókn hópsins til Samsö fyrir nokkrum mánuðum. Í haust verður Finnland heimsótt og Svíþjóð á næsta ári.

Íslensku samtökin Landsbyggðin lifi eru þátttakendur í norrænu samtökunum Hela Norden Ska Leva. Sænsku samtökin Hela Sverige Ska Leva eru sérlega öflug, fá fjármagn á fjárlögum, veita yfirvöldum aðhald þegar kemur að landsbyggðarmálum, veita umsagnir um lagafrumvörp sem varða landsbyggðina og dreifa fjármagni frá yfirvöldum til grasrótarsamtaka landsbyggðarinnar. Allt starf okkar í Landsbyggðin lifi er hins vegar unnið í sjálfboðavinnu og auðvitað myndum við gjarnan vilja fá eitthvað frá yfirvöldum til að geta haldið úti meiri starfsemi.

Bændasamtökin, áður Búnaðarfélag Íslands, eru öflug samtök sem urðu til þegar íslenskt samfélag var enn bændasamfélag og allir skráðir á býli. Nú þegar bændur eru aðeins lítill hluti þeirra sem búa á landsbyggðinni, án þess þó að gera lítið úr mikilvægi bændastéttarinnar og matvælaöryggi landsins, hlýtur að vera kominn tími til að stofna samtök fólks sem býr í hinum mörgu bæjum og þorpum utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta er jú rúmlega þriðjungur landsmanna.

Lífsafkoma fólks í dreifbýli og minni þorpum er ekki sérhagsmunamál fárra, heldur sameiginlegt öryggismál þjóðarinnar: þar verða matvælin til, þar liggja löngu vegirnir, þar þarf þjónustan að vera til staðar og þar þarf fólk að geta lifað sómasamlegu efnahagslegu og félagslegu lífi.

Upplýsingar um verkefnið og vefmálsstofurnar eru aðgengilegar á heimasíðu verkefnisins: https://www.helasverige.se/gavleborg/coming-staying-living/

*Höfundur er formaður samtakanna Landsbyggðin lifi.*




Við eigum allt sem þú þarfnast til strandveiða. Hjá okkur færðu handfærakróka í úrvali, handfæravindur, tilbúna handfæraslóða, sökkur, sigurnagla, sjóklæðnað og stígvél.

HAMPIÐJAN
hampidjan.is/verslun · https://vefverslun.hampidjan.is

Reykjavík
Skarfagarðar 4
Sími 530 3333

Ólafsvík
Ólafsbraut 19
Sími 436 1214

Ísafjörður
Suðurtangi 14
Sími 470 0830

Akureyri
Norðurtangi 1
Sími 841 1322

Neskaupstaður
Naustahvammur 49
Sími 470 0807

Vestmannaeyjar
Friðarhöfn
Sími 664 3340

# Ekki sama hvernig óbyggð víðerni eru kortlögð



Stafrænt víðernakort WRI af Íslandi er afar nákvæmt og tekur mið af þeirri samfellu sem fylgir dvínandi fjarlægð samhliða blæbrigðum landslagsins. Þannig sést breytileiki víðernagæða og er niðurstaðan sýnd sem Wilderness Quality Index (WQI) sem skipt er upp í kjarna (blátt), hjúpsvæði (grænt) og umskiptasvæði (gult). Svæði sem ekki teljast til óbyggða er með gráum lit.

Afar nákvæmt kort af óbyggðum víðernum Íslands hefur verið til síðan 2024. Wildland Research Institute (WRI) við háskólann í Leeds annaðist þessa kortlagningu að frumkvæði íslenskra náttúruverndarsamtaka til að mæta brýnni þörf fyrir kortlagningu óbyggðra víðerna með alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði. Víðernakort WRI er aðgengilegt á netinu og gagnagrunnar þess eru öllum opnir. Nú þegar hafa 75 aðilar tekið gagnagrunninn í notkun, en þar á meðal eru opinberar stofnanir, fyrirtæki á orkumarkaði, verkfræðistofur og háskólar.

Það kemur því á óvart að umhverfisráðuneytið hafi kynnt allt aðra og mun lakari aðferðarfræði í drögum að reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna í Samráðsgátt stjórnvalda. Fjallað var um þessi reglugerðardrög í 9. tbl. Bændablaðsins.

### Reglugerð mælir með gölluðum vinnubrögðum

Engin íslensk náttúruverndarsamtök taka í umsögnum sínum undir lausnina sem kynnt er í reglugerðardrögunum. Þau benda á að sú aðferð byggi á hugmyndum um einfaldar línur með skörpum skilum víðernaskerðingar, sem byggjast á tilteknum kílómetrafjölda frá mannvirkjum.

Helsti ágalli reglugerðardraganna er sá að aðferðin styður ekki við markmið um vernd víðerna. Friðlýsing svæða sem óbyggðra víðerna muni byggjast á kortlagningu þeirra. Til skýringar má nefna dalinn Hjálpleysu á Austurlandi. Landeigendur lögðust gegn virkjunarrannsóknum Orkusölunnar í dalnum og vildu frekar friðlýsa. Dalurinn myndi uppfylla skilmála til friðlýsingar samkvæmt náttúruverndarlögum og víðernakorti WRI. En með aðferðarfæðinni sem lögð er til í reglugerðinni teljast þar engin víðerni. Þetta er í hrópandi mótsögn við upplifun þeirra sem til þekkja og landeigendur segja dalinn „mjög ósnortinn“ í Morgunblaðinu 20. maí síðastliðinn.

### Aðferðafræði sem gefur rétta mynd

Það sem gerir aðferðafræði WRI betri er að hún gefur rétta mynd af þeirri samfellu sem fylgir dvínandi fjarlægð frá mannvirkjum samhliða blæbrigðum landslagsins. Þá skiptir líka máli að aðferð WRI er vísindalega viðurkennd og hefur verið notuð við kortlagningu víða um heim, þar á meðal í Bandaríkjunum og Kína.

Engin spurning er um nauðsyn kortlagningar víðernanna. Víðernakort WRI er þegar til og komið í almenna notkun. Því kemur á óvart að umhverfisráðuneytið skuli leggja til þá gölluðu og gamaldags aðferðafræði sem raun ber vitni. Og ekki síður vegna þess að sérfræðingur ráðuneytisins skilaði mikilli skýrslu um kortlagningu víðernanna og hvatti þar til þess að tekið verði mið af þeim landslags-, sýnileika- og fjarlægðarþáttum sem WRI kortin nota við framtíðarkortlagningu íslenskra víðerna. Sérfræðingurinn, Michael Bishop, sagði að aðferðafræði WRI væri miklu nákvæmari en einfaldir kílómetraradíusar.

### Náttúrufræðistofnun spyrnir við fótum

Ljósið í myrkrinu er þó að Náttúrufræðistofnun Íslands, sem á að sjá um kortlagningu víðernanna, nefnir sérstaklega í umsögn sinni að sannreyna þurfi aðferðafræði reglugerðarinnar, til að tryggja að hún uppfylli anda laganna. Með öðrum orðum, fagfólk Náttúrufræðistofnunar ætlar ekki að kyngja því að óreyndu að óbyggð víðerni landsins verði skilgreind á landakorti með sirkli og reglustiku.

### Aðgengi að víðernakortinu

Hægt er að skoða víðernakort WRI í mikilli upplausn á vefsja.is en þar er kortið að finna undir „Landslag og víðerni“ og á map.is undir „Ýmis kortagögn“. Hægt er að hlaða GeoTIFF og Shapefile gagnagrunnum kortsins niður af vefsíðu þess, vidernakort.is.

*Höfundur er Ólafur Hauksson, talsmaður fyrir víðernakort Wildland Research Institute (WRI) við háskólann í Leeds.*



Fjölbreyttar hillulausnir

RÝMI

Gróðurhús og glerskálar

Fallegt gróðurhús hvort sem draumurinn er að rækta eigið grænmeti eða skapa notalegt útirými fyrir kaffibollan, þá er **Björk 15** fullkomin viðbót við garðinn.



**Björk 15, verð kr. 569.000 m/vsk.**

Nýtt hús ehf. Hamraborg 14A, 200 Kópavogur

**Skoðið heimasíðu okkar á www.nytthus.is**

**Sími 789-5656**

CFMOTO Gæðahjól á frábæru verði




1.549.000,-

1.699.000,-

2.499.000,-

CFMOTO ferðahjólin eru komin til að vera - áreiðanleg, vel búin og hönnuð fyrir þá sem vilja fara lengra án þess að borga of mikið.
Með öflugri tækni, nútímalegri hönnun og meðfylgjandi aukabúnaði hafa þau byggt upp orðspor fyrir gæði og mikið virði fyrir peninginn.

Umboðsaðilar: ***Kaupfélag Skagfirðinga,*** *Sauðárkróki.* ***Suður England,*** *Selfossi.* ***Bikevik,*** *Reykjanesbæ,* ***Lyngás 5,*** *Hella,* ***Landstólpi - AB varahlutir,*** *Egilsstöðum.*

NITRO

Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848
Nánari upplýsingar á nitro.is




Mikið var um fallegar og vel útfærðar sýningar þar sem samspil knapa og hests naut sín vel.



Prúðbúnir og vel undirbúnir nemendur í góðu stuði, þar sem fallegt samspil manns og hests endurspeglaði uppskeru vetrarins. Myndir / Aðsendar

# Glæsileg útskriftarhelgi Reiðmannsins

## – Um 250 nemendur luku námi



Birna Tryggvadóttir Thorlacius.

Tæplega 250 nemendur útskrifuðust úr Reiðmanninum helgina 9.–10. maí við hátíðlega athöfn á vegum Endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands. Útskriftin fór fram í glæsilegri aðstöðu skólans á Mið-Fossum í Borgarfirði þar sem dagskrá helgarinnar spannaði bæði keppni, sýningar og formlega útskrift, frá morgni til kvölds.

Reiðmaðurinn er bæði verklegt og bóklegt nám í hestamennsku sem hefur á undanförnum árum notið vaxandi vinsælda um land allt. Í vetur voru starfandi 22 hópar á 14 stöðum víðs vegar um landið, sem endurspeglar bæði umfang og fjölbreytileika námsins.

### Reynisbikarinn og lokasýningar

Á laugardeginum fóru fram úrslitasýningar þeirra nemenda sem höfðu skarað fram úr í sínum hópum. Alls tóku 15 nemendur þátt í úrslitum í Reiðmanninum I og sjö í Reiðmanninum II. Sýningarnar báru vott um vandaðan undirbúning, fagmennsku og gott samspil knapa og hests.

Að loknum sýningum var tilkynnt um handhafa Reynisbikarsins árið 2026. Bikarinn hlaut Björn Ragnar Morthens á hestinum Glófaxa frá Reykjavík. Verðlaunin eru veitt þeim nemanda á öðru ári sem hlýtur hæstu einkunn fyrir lokasýningu á útskriftarhelginni. Björn Ragnar hlaut jafnframt viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn í verklegum prófum í Reiðmanninum II. Í Reiðmanninum I var það Brynja Dís Emilsdóttir sem hlaut viðurkenningu fyrir hæstu einkunn í verklegum prófum.

Útskriftardagskrá laugardagsins lauk með formlegri útskrift alls 241 nemanda úr Reiðmanninum I, II og III, auk Keppnisnáms Reiðmannsins. Það sem einkenndi daginn var þó ekki síst létt stemning, samheldni og gleði meðal nemenda og gesta.

### Reiðmannsmótið á Mið-Fossum

Seinni hluti helgarinnar snerist um keppni þegar Reiðmannsmótið fór fram á sunnudegi. Mótið, sem er löglegt keppnismót, var haldið í þriðja sinn á nýuppgerðum keppnisvelli á Mið-Fossum.

Veðrið lék við keppendur og þátttaka var mikil, með um 120 skráningar í fjölbreyttum greinum, þar á meðal tölti, fjórgangi, fimmgangi og flugskeiði. Nemendur úr öllum stigum námsins tóku þátt, þar á meðal 46 nemendur úr Keppnisnámi Reiðmannsins.

Mótið gekk afar vel og var ljóst að undirbúningur nemenda var vandaður. Metnaður og gleði einkenndu keppnina og var augljóst að margir höfðu tekið miklum framförum yfir veturinn.




Reynisbikarkeppnin endurspeglaði gott starf og vandaðan undirbúning knapa. Hér má sjá efstu knapa keppninnar.

### Nám sem tengir saman fólk og hesta

Þótt útskriftarhelgin marki formlegan endapunkt námsársins, var hún jafnframt áminning um það samfélag sem myndast hefur í kringum Reiðmanninn. Þar mætast ólíkir knapar víðs vegar af landinu, deila reynslu, læra saman og fylgja eftir sameiginlegu markmiði um betri skilning á hestinum og markvissari vinnu með honum.

*Höfundur er verkefnastjóri Endurmenntunar hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.*






Fyrsta vélin er Farmall D320 árgerð 1959 en á henni eru þau Ketill Ingi Guðmundsson og Sunna Arnfinnsdóttir. Vél tvö er Massey Ferguson 130, árgerð 1965 en Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir situr við stýrið og sá, sem rekur lestina er Guðmundur sjálfur á Ford Dexta árgerð 1963. Myndir / Lovísa Ósk Jónsdóttir

# Óku á kjörstað á gömlu dráttarvélunum sínum

**Fjölskyldan á Litlu-Grund í Reykhólahreppi reynir alltaf að fara á gömlum dráttarvélum sem eru til á bænum þegar kosið er til Alþingis, sveitarstjórna eða til forseta.**

Það brást ekki 16. maí þegar sveitarstjórnarkosningarnar fóru fram því þá fór hópur af bænum á nokkrum vélum og kaus í Reykhólaskóla.

„Þetta gekk vel og vakti mikla athygli eins og alltaf. Það er gaman að gera eitthvað svona á kjördag en ætli við eigum ekki einhverjar tíu gamlar dráttarvélar, sem flestar eru gangfærar.



Guðmundur Ólafsson á Ford Dexta dráttarvélinni sinni fínu.

Ég hef ekki hugmynd um hvað fólkið kaus, það hefur hver það fyrir sig," segir Guðmundur Ólafsson, bóndi og dráttarvéláhugamaður, hlæjandi. */mhh*



Líffræðileg fjölbreytni.

# Aðgerðir í heimabyggð fyrir hnattræn áhrif – dagur líffræðilegrar fjölbreytni 2026

Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allan fjölbreytileika lífsins, ekki aðeins fjölda tegunda, heldur líka erfðafjölbreytileika innan tegunda, fjölbreytni milli tegunda og fjölbreytni vistkerfanna sem þær tilheyra. Hún birtist til dæmis í gjörólíkum fuglategundum, erfðabreytileika á milli tveggja birkitrjáa, mismunandi eiginleikum mólendis og votlendis, samspilinu milli þeirra og í heilu örverusamfélögunum í jarðveginum undir fótum okkar. Fjölbreytni lífsins má því skoða út frá óteljandi víddum.

Líffræðileg fjölbreytni er þó ekki aðeins fegurðin sem felst í fjölbreytileika náttúrunnar. Hún er hluti af lifandi og vel mótuðu kerfi sem heldur vistkerfum stöðugum og starfhæfum. Fjölbreytt vistkerfi eru betur í stakk búin til að standa af sér áföll og breytingar eins og þurrk, meinvalda og loftslagsbreytingar. Þegar líffræðileg fjölbreytni hnignar veikist þetta kerfi.

Við reiðum okkur á vistkerfaþjónustu hvern einasta dag, kannski án þess að leiða hugann sérstaklega að því. Vistkerfi jarðar sjá okkur fyrir hreinu vatni og lofti og jarðvegur síar frá mengunarefni. Lífríkið og líffræðilegir ferlar eru ein af undirstöðum fæðuöryggis og efnhagskerfisins og því er mikið í húfi þegar jafnvægi vistkerfa raskast. Líffræðileg fjölbreytni er undirstaða heilbrigðra vistkerfa og í raun alls lífs á jörðinni, því er hnignun hennar ein stærsta áskorun sem mannkynið stendur frammi fyrir. Við lifum á tímum þar sem áhyggjur af fjöldaútdauða fara vaxandi og margar tegundir eru í útrýmingarhættu. Helstu ógnir við líffræðilega fjölbreytni eru loftslagsbreytingar, ósjálfbær landnýting, búsvæðaeyðing, ágengar framandi tegundir og mengun.


Þórný Þorsteinsdóttir.

Loftslagsmálin eru skiljanlega í brennidepli en í þeirri umræðu má ekki gleymast lífríkið sjálft, sem heldur vistkerfunum gangandi. Hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og loftslagsmál eru nefnilega nátengd málefni. Fréttir af loftslagsvánni geta verið yfirþyrmandi og máttleysi gagnvart henni getur hellst yfir okkur. Þema alþjóðlegs dags líffræðilegrar fjölbreytni árið 2026, „Aðgerðir í heimabyggð fyrir hnattræn áhrif“, minnir okkur þó á að lausnirnar eru ekki alltaf fjarlægar. Stórar breytingar byrja oft á litlum ákvörðunum í okkar nærumhverfi. Þær geta byrjað í túnjaðrinum, við lækinn, á sumarbústaðarlóð eða jafnvel á umferðareyju. Þær geta falist í því að forðast óþarfa jarðvegsrask, stöðva rof og gefa villtum gróðri og dýralífi rými. Staðbundnar aðgerðir birtast líka í stærri ákvörðunum um landnýtingu og skipulag, sem eru teknar í sátt við náttúruna.

Ísland er ungt land og þó að hér séu fáar tegundir á heimsmælikvarða felst mikill og dýrmætur breytileiki innan lífvera og í fjölbreyttum búsvæðum, sem okkur ber að varðveita. Lífríki Íslands er viðkvæmt, og við þekkjum vel áhrif, til dæmis, jarðvegseyðingar og búsvæðaeyðingar hér á landi. Við þekkjum samt líka árangur endurheimtar vistkerfa, landgræðslu og kraft fjöldans og sameiginlegs vilja okkar til að koma hrundum vistkerfum til bjargar.

Aukin þekking og áhugi ásamt rannsóknum og vöktun á líffræðilegri fjölbreytni er forsenda þess að ákvarðanir um landnýtingu og framkvæmdir, byggi á skilningi á lífríkinu og þeim ferlum sem halda vistkerfunum gangandi. Verndun líffræðilegrar fjölbreytni tryggir að við getum áfram treyst á vistkerfaþjónustu jarðar og það getur byrjað hér heima en áhrifin geta náð langt út fyrir heimabyggð.

---

*Höfundur er sérfræðingur hjá Landi og skógi.*

**Lífeyrissjóður Bænda boðar til ársfundar**

LSB

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda verður haldinn föstudaginn **19. júní 2026 kl. 14** að Borgartúni 19 Reykjavík - í húsi Arion banka.

Dagskrá samkvæmt samþykktum sjóðsins. Komnar eru fram tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins. Munu þær verða kynntar nánar á vefsvæði sjóðsins í samræmi við 25. grein samþykkta.

Kjörnefnd hefur auglýst eftir framboðum til stjórnar og varastjórnar Lífeyrissjóðs bænda. Frestur til framboðs rann út á miðnætti 21. maí 2026. Eitt framboð barst í aðalstjórn sjóðsins. Stjórnarkjör fer fram á ársfundi.

Stjórnir Lífeyrissjóðs bænda og Frjálsa lífeyrissjóðsins hafa undirritað samrunasamning og verður samningurinn lagður fram til staðfestingar á ársfundinum.

Kynningarfundir verða haldnir á Hótel Stracta á Hellu **fimmtudaginn 4. júní kl. 20** og í útibúi Arion banka á Glerártorgi á Akureyri, **föstudaginn 5. júní kl. 20.**

**LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA**
**Stórhöfða 23 – 110 Reykjavík – s. 563 1300**
**www.lsb.is – lsb@lsb.is**

Lag á læk

Margrét Hjálmarsdóttir
Lögfræðingur & merkjalýsandi

lagalaek.is
lagalaek@gmail.com
Ærlækur 2, 671 Kópasker
848 0514

Vantar þig **Lag á læk?**

✓ Lögfræðiþjónusta
✓ Hnitsetning landamerkja og lóða
✓ Vörumerki - einkaleyfi - hönnun

Hvort sem þú þarft að sækja réttindi eða reka mál gagnvart stjórnsýslunni, útbúa samninga, ganga frá dánarbúi eða fá landamerkin þín á hreint til framtíðar getur Lag á læk verið þér innan handar.

Fagleg og hnitmiðuð þjónusta!








„Framtíð íslensks landbúnaðar verður ekki tryggð nema samfélagið standi með bændum.“

# Alþjóðlegi mjólkurdagurinn 2026

## – Konur gegna lykilhlutverki í íslenskum landbúnaði



Sigurbjörg Ottesen.

Alþjóðlegi mjólkurdagurinn er haldinn þann 1. júní ár hvert. Alþjóðlegi mjólkurdagurinn var settur á laggirnar af Sameinuðu þjóðunum til að vekja athygli á mikilvægi mjólkurframleiðslu fyrir heiminn allan. Þetta árið fær þessi dagur þó sérstaka og dýpri merkingu, þar sem þemar í ár er „Fögnum kvenbændum“ sem er einkum viðeigandi enda er árið tileinkað konum í landbúnaði – konum sem hafa í árhundruð staðið vaktina í íslenskri matvælaframleiðslu, oft án þess að fá þá athygli eða viðurkenningu sem þær eiga skilið.

Íslenskur landbúnaður hefur frá upphafi byggst á samvinnu fjölskyldna þar sem konur hafa gegnt lykilhlutverki. Þær hafa ekki aðeins séð um heimilin, heldur einnig tekið þátt í fjósverkum, bókhaldinu, ræktun, kynbótastarfi og almennum rekstri búanna. Í dag eru konur ekki síður leiðandi afl í nýsköpun, sjálfbærni og þróun íslensks landbúnaðar – sem kúabændur, ráðgjafar, vísindakonur, stjórnendur og frumkvöðlar.

Mjólkurframleiðsla er ein af grunnstoðum íslensks samfélags og þar gegna konur ómetanlegu hlutverki. Á hverjum degi starfa íslenskar konur í fjósum landsins. Oft er dagurinn tekin snemma til að sinna gripum og mjöltum, tryggja velferð gripa og heilnæmi íslenskra matvæla, við einhverjar ströngustu kröfur sem þekkjast í heiminum.

Þrátt fyrir mikilvægi greinarinnar hefur staða bænda verið undir stöðugum þrýstingi. Framleiðslukostnaður hefur hækkað ört á meðan afurðaverð hefur ekki fylgt sömu þróun. Það reynir sérstaklega á fjölskyldubúin – og þar með konurnar sem bera oft jafnt ábyrgð á rekstri búsins, sem og heimilisins. Þessi staða sýnir skýrt hversu mikilvægt er að stjórnvöld skilji að matvælaframleiðsla er ekki sjálfsögð og það er ekki sjálfsagt að neytendur hafi aðgang að íslenskum mjólkurvörum í hillum verslana.

Á Alþjóðlega mjólkurdeginum þann 1. júní 2026 er því tilefni til að staldra við og þakka þeim konum sem halda uppi íslenskri matvælaframleiðslu, alla daga ársins. Þeim sem vinna oft langa vinnudaga án frídaga, standa af sér óveður – bæði óveður í sinni skýrustu merkingu og pólitískt – og halda áfram að byggja upp íslenskan landbúnað af metnaði og ábyrgð.

Framtíð íslensks landbúnaðar verður ekki tryggð nema samfélagið standi með bændum. Og framtíð greinarinnar verður ekki byggð án þeirra kvenna sem hafa verið hjartað í íslenskum sveitum í gegnum tíðina.

Á þessum degi eigum við ekki aðeins að fagna mjólkinni – heldur líka fólkinu á bak við hana. Sérstaklega konunum sem hafa með þrautseigju, dugnaði og framtíðarsýn mótað íslenskan landbúnað kynslóð fram af kynslóð.

*Höfundur er formaður nautgripabænda BÍ.*




# Innviðir fyrst, uppstokkun síðar



Ásmundur Þorkelsson.



Hörður Þorsteinsson.



Sigrún Guðmundsdóttir.

Stjórnvöld eiga að læra rétta lexíu af ESA-málinu um dýraleifar: Vandinn er ekki tilvist heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, heldur skortur á innviðum, samræmingu og framkvæmd.

Það er fagnaðarefni að stjórnvöld hyggist loksins bregðast við alvarlegum og langvarandi skorti á innviðum til söfnunar og förgunar dýraleifa. Frá árinu 2013 hefur ESA haft mál til meðferðar gegn Íslandi vegna ófullnægjandi fyrirkomulags við meðhöndlun aukaafurða dýra og árið 2022 var Ísland dæmt brotlegt fyrir EFTA-dómstólnum. Það er því löngu tímabært að gripið sé til aðgerða.

En það vekur áleitnar spurningar að á sama tíma og ríkið viðurkennir í raun að nauðsynlega innviði hafi skort í meira en áratug, sé boðuð umfangsmikil uppstokkun á opinberu eftirliti, meðal annars með því að færa verkefni frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til ríkisstofnana.
Það er hætt við að þar sé verið að rugla saman orsök og lausn.

Vandinn við dýraleifar hefur ekki fyrst og fremst falist í því að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafi verið til. Vandinn hefur falist í því að lögmætur farvegur hefur ekki verið til staðar fyrir stóran hluta landsins. Það hefur skort samræmt söfnunarkerfi, móttökustaði, flutningsleiðir, næga förgunargetu, skýra ábyrgð og rekjanleika. Með öðrum orðum: Það hefur skort innviði.

Að leggja niður eða veikja staðbundið heilbrigðiseftirlit leysir ekki þann vanda. Það byggir ekki brennslustöðvar, kemur ekki upp móttökustöðum, tryggir ekki kæligeymslur, lækkar ekki kostnað bænda og kemur ekki dýraleifum sjálfkrafa í lögmætan farveg.

Atvinnuvegaráðherra hefur fagnað því að fjárlaganefnd hafi brugðist við ósk um 300 milljóna króna tímabundið framlag á ári í þrjú ár til að fjármagna rekstrarkostnað samræmds söfnunarkerfis fyrir dýraleifar. Það er jákvætt skref. En af orðum ráðherra verður jafnframt ráðið að verkefnið sé enn á undirbúningsstigi. Unnið sé að útboði. Það þýðir ekki að kerfið sé komið í gagnið. Það þýðir ekki að þjónustusvæði hafi verið afmörkuð, verktakar valdir, móttökustaðir settir upp eða framkvæmd hafin um land allt.

Þetta er lykilatriði. Ef Ísland hefur verið undir vökulu eftirliti ESA frá 2013 og dæmt brotlegt árið 2022, þá er ekki sannfærandi að árið 2026 sé málið ekki komið lengra en á útboðsstig. Þá blasir við að vandinn liggur ekki í uppbyggingu stjórnkerfisins, heldur í framkvæmdinni.

Það er auðvitað rétt að opinbert eftirlit þarf að vera samræmt, faglegt og skilvirkt. Enginn á að verja óskýrleika, tvíverknað eða veikleika í stjórnsýslu. En það er annað að bæta kerfi en að rífa niður staðbundna þekkingu sem hefur byggst upp í áratugi.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Þar er til staðar þekking á aðstæðum í hverju sveitarfélagi, vatnsbólum, úrgangsmálum, litlum og meðalstórum matvælafyrirtækjum, veitingastöðum, ferðaþjónustu, landfræðilegum aðstæðum og raunhæfri framkvæmd eftirlits. Þetta er ekki aukaatriði. Í landi með dreifða byggð, erfiðar samgöngur og fjölbreytt atvinnulíf er staðbundin nærvera hluti af gæðum eftirlitsins. Það má líka spyrja hvort rétt sé að færa matvælaeftirlit, sem varðar lýðheilsu, neytendavernd og öryggi almennings, inn í stofnun sem ber heiti atvinnuveganna og sameinar ólík verkefni tengd atvinnugreinum. Eftirlit á að vera óháð, skýrt og með almannahagsmuni í forgrunni. Það má ekki verða hliðarverkefni í stofnun sem jafnframt hefur víðtæk tengsl við hagsmuni atvinnulífsins.

Betri leið væri að styrkja núverandi kerfi í stað þess að leggja það niður. Ríkið getur og á að setja skýrari ramma, samræmdar eftirlitshandbækur, sameiginleg gagnakerfi, áhættumiðaðar verklagsreglur og raunverulegt boðvald þegar EES-skuldbindingar eru í húfi. En framkvæmd eftirlitsins þarf áfram að byggja á staðbundinni þekkingu og nálægð við rekstraraðila og aðstæður.

Í dýraleifamálinu þarf fyrst og fremst að koma upp raunhæfu landskerfi: söfnun, móttöku, flutningi, meðhöndlun og förgun. Það þarf sanngjarna gjaldtöku svo bændur hafi raunhæfan kost á að fara löglega leið. Það þarf rekjanleika frá upprunastað til endanlegrar förgunar. Og það þarf að tryggja að kerfið virki á Vestfjörðum, Austurlandi og Norðurlandi ekki síður en á suðvesturhorninu.

Það er ekki nóg að setja fjárheimild í þrjú ár og vísa til útboðs. Og það er sannarlega ekki nóg að kenna eftirlitskerfinu um þegar innviðirnir sem eftirlitið á að fylgja eftir hafa ekki verið til staðar.

Stjórnvöld eiga að læra rétta lexíu af ESA-málinu. Hún er ekki sú að leggja beri niður heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Hún er sú að ríkið verður að axla ábyrgð á innviðum, samræmingu, skýru boðvaldi og virkri framkvæmd laga.

Það þarf að laga kerfið. En það verður ekki gert með því að veikja nærþjónustu, glata staðbundinni sérþekkingu og færa vandann til í skipuriti. Skortur á innviðum verður ekki leystur með uppstokkun stofnana.

*Ásmundur er framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Hörður er framkvæmdastjóri Hafnarfjarðar, Kópavogs, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness og Sigrún er framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*

# Asparnálar – algengasti sjaldgæfi sveppurinn á Íslandi?



Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson.

Fjöldi sveppategunda á Íslandi telur í þúsundum en þó er erfitt að segja nákvæmlega til um hversu margar þær eru því sífellt finnast hér nýjar tegundir. Sumar sveppategundir eru svo sjaldgæfar að þær finnast jafnvel bara á einum eða tveimur stöðum á landinu á meðan aðrar eru svo smásæjar að erfitt getur verið að finna þær, jafnvel þótt fólk viti hvar eigi að leita.

Einn þessara sjaldgæfu og smásæju sveppa heitir „asparnálar“ – eða það er að minnsta kosti það sem ég ímynda mér að hann myndi heita ef hann hefði nokkurn tíma fengið íslenskt nafn. Sveppurinn hefur nefnilega verið talinn svo sjaldgæfur á Íslandi að ekki hefur þótt taka því að nefna hann, enda nota líffræðingar iðulega latínuheiti til að tiltaka ákveðnar tegundir. Á latínu heitir þessi tegund Phaeocalicium populneum. Íslenska nafnið vísar til þess að sveppurinn finnst á aspartrjám þar sem hann myndar litla bikara sem standa út úr berkinum eins og nálar, svolítið eins og litlir títuprjónar.



**Asparnálar** *(Phaeocalicium populneum)* **á berki alaskaaspar í Hafnarfirði, apríl 2026.**

### Notar nálarnar til að fjölga sér

Asparnálar vaxa reyndar ekki ofan á berki aspartrjáa heldur rétt innan við yfirborð barkarins, bæði á stofni og greinum. Sveppurinn notar nálarnar til að fjölga sér en lifir að öðru leyti inni í berkinum þar sem hann fær líklega næringu úr dauðum frumum hýsiltrésins. Nálarnar eru dökkar að lit, örsmáar, jafnvel ekki nema 1 millimetri að lengd en þær vaxa margar saman og gefa ljósum berki asparinnar áferð sem sést með berum augum. Til að finna asparnálar þarf því að skoða börkinn vel. Nálarnar eru litlar en þegar maður hefur á annað borð fundið þær, sér maður þær í hundruðatali, bæði á trjábolnum og á greinum. Ágætt er að leita að asparnálum að degi til þegar bjart er úti með því að skoða börkinn og greinar vel í augnhæð eða aðeins ofar þannig að hægt sé að bera útlínur barkarins við himininn.

Asparnálar hafa aðeins tvisvar fundist á Íslandi svo vitað sé með vissu. Í fyrra sinn, árið 1998, fann Þröstur Eysteinsson, fyrrum skógræktarstjóri, sveppinn við Mosfell í Grímsnesi. Árið 2000 fann Sigríður Baldvinsdóttir svo sveppinn í Þórisdal í Lóni. Síðan þá hefur lítið spurst til þessa sjaldgæfa svepps þar til nú í vetur. Ég rambaði sjálfur á asparnálar á berki alaskaaspar í Grímsnesinu við Álftavatn og síðan þá hef ég verið að koma auga á sveppinn nánast hvar sem ég hef kíkt eftir honum, bæði á fleiri stöðum í Grímsnesi en einnig í Reykjavík, Seltjarnarnesi og í Hafnarfirði.

### Sveppafélagið safnar upplýsingum

Sá grunur hefur læðst að mér að þessi sjaldgæfa tegund sé orðin töluvert algeng og útbreidd á Íslandi. Aspir er nú að finna í flestum þéttbýlum á Íslandi, þær eru algengar í görðum landsmanna og eru með algengari trjátegundum í skógrækt. Aspir eru ræktaðar í gróðrastöðvum og eru reglulega fluttar landshorna á milli. Því er auðvelt að ímynda sér hvernig asparnálar gætu hafa dreifst hratt um Ísland.

Sveppafélagið er um þessar mundir að safna upplýsingum um fundarstað þessa sjaldgæfa svepps, sem mögulega er reyndar ekki svo sjaldgæfur. Félagið óskar eftir því að fá að heyra hverju landsmenn komast að við athuganir sínar, hvort sem þeir finna sveppina eða ekki. Senda má Sveppafélaginu tölvupóst með upplýsingum í gegnum sveppafelagid@sveppafelagid.is. Þá er ágætt að taka fram hvenær kíkt var eftir sveppunum, hvar á landinu og hvort þeir hafi fundist eða ekki. Ég óska ykkur ánægjulegs og svepparíks sumars.

*Höfundur er líffræðingur og framkvæmdastjóri Sveppafélagsins.*





Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
simi 566 8144

HLIÐGRINDUR
Grindur og fylgihlutir



MARGAR STÆRÐIR Í BOÐI Á FLOTTU VERÐI!

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi · 480 5600
Lyngási 11, 700 Egilsstöðum · 480 5610
www.landstolpi.is · landstolpi@landstolpi.is



Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli.
Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.
Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður helgi@lr.is Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík Austurvegi 4, Hvolsvelli Sími 515-7400

# Katla rumskar 1918


Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ.

Það er haustdagur þann. 12 október árið 1918.

Kona ein í Álftaveri undirbýr sláturgerð. Smaladagur og féð væntanlegt ofan úr afrétti yfir Sand seinnipart dags. Fylgifiskur þess, að enginn vel tamdur vinnuhestur er tilkippilegur heima á bænum. Hana vantar nefnilega tunnu. Hún leggur því reiðing á sæmilega bandvant trippi fjögurra vetra, annað ekki að hafa á smaladegi. Hesturinn sá er ýmist staður í taumi eða pínulítið rokgjarn, svo ferðin niður í fjöru sækist frekar seint.

Á förnum vegi hitti hún Gísla hreppstjóra í Norðurhjáleigu. Sá flytur henni tíðindi í óspurðum fréttum: „Heimsstyrjöldinni er lokið, þeir hafa samið um vopnahlé!“ sagði Gísli brosleitur á svip.

„Of góð tíðindi boða ekki gott. Jafnvel heimsendi mælti móðir mín stundum!“ svaraði konan, sveitungi hans, og hélt síðan för sinni áfram.


Mýrdalsjökull.
Mynd / Silva Þórisdóttir Roberts

### Katla tók að gjósa

Katla tók að gjósa og hófust lætin um klukkan þrjú þennan dag. Sögur um byrjun eldgosa er samofin sögu þjóðarinnar í kornungu landi – jarðfræðilega séð. Engum óróamælum Veðurstofunnar var til að dreifa í þá daga, og fyrirvarinn lítill sem enginn. Þó voru jarðskjálftar tveimur tímum áður í nágrenni. En slíkt gerist, alloft. Á stórum svæðum landsins kippum við okkur ekki sérstaklega upp við slíkt.

Við slíkar aðstæður eru sögur af fólki – í þessu tilviki Skaftfellinga – mjög fróðlegar. Eftirfarandi gerðist daginn sem Katla tók að ausa úr iðrum sínum og bræða kringum sig. Án efa eru fleiri og ítarlegri sögur geymdar víða.

Hildur Jónsdóttir var stödd í eldhúsinu Hlíð í Skaftártungu þegar tvær litlar stúlkur koma hlaupandi inn og segja „heyrirðu sjávarhljóðið?“ Hún hváði við en neitaði því. Þær leiddu hana síðan út og heyrir hún þá stórkostlegar drunur sem vissulega minntu á sjávarhljóð, en voru miklu háværari, Hildur hafði orðið vitni að eldgosi í Dyngjufjöllum ung að árum og grunaði fljótt hvað gekk á.

Jóhann Pálsson í Hrífunesi stikaði stórum skrefum yfir Hólmsárbrú. Leið hans lá suður í Álftaver. Hann var kominn nokkuð lengra, þegar hann heyrði aukinn hvin í ánni. Hann lýsti aldraður í viðtali við Ríkisútvarpið að móða hafi verið á Kötlu og skyggni takmarkað á fjallið um þetta leyti. Hann heyrði til viðbótar drunur og grunaði fljótt hlaup í ánni, sneri við á punktinum og þaut beinustu leið til baka. „Ég var aðeins 32 ára og gat því hlaupið sæmilega hratt.“

Hann slapp yfir brúna til baka og aðspurður hvort hann hefði séð hana fara niður svaraði hann; „nei, ég sá hana bara hverfa undir strauminn“, það segir hvað gekk á og hvað þetta stóð tæpt. Orðatiltækið „að sleppa með skrekkinn“ fær satt að segja æðri merkingu sbr. lýsingar Jóhanns.

Sagnir voru strax um að hann hefði sloppið, en hundurinn á hælum hans drepist í flaumnum. Jóhann sagði það ekki rétt. Hann greyið hefði komið fram á nágrannabæ daginn eftir. Mælti síðan með skaftfellskri hægð og hógværð: „En það var svo skrítið að hann jafnaði sig aldrei á atvikinu.“ Í viðtalinu við Stefán Jónsson var líkt og Jóhann væri að lýsa skrámu eða minni háttar atviki. Virtist í engu hafa bugast yfir minningunni, sem engum hefði þótt mikið eftir slíka reynslu.

Fjallleitarmennirnir úr Álftaveri voru á móts við Laufskálavörðu þegar hægfara lamb eitt sneri við. Sá sem hljóp á eftir því leit upp – blasti þá við honum flóðið í fjarska ryðjast fram. Kallaði síðan svo hátt hann gat: „Sjáið þið þið hvað er á eftir okkur? Katla er að koma!“ Hleyptu þeir þá hestunum sem mest þeir gátu austur að bænum Skálmarbæjarhraun – þar var meiri hæð í landinu. Sluppu þeir nokkrir þangað undan flóðinu og allir lífs, en naumt var það. Ekki þó allir þessa leiðina, sumir náðu suður yfir Skálm og heim til bæja. Einnig tókst að koma merkjum til þeirra sem biðu við réttina, riðu þeir þegar á brott, hleyptu upp á líf og dauða – heim að Norðurhjáleigu og Þykkvabæjarklaustri. Komust þeir undan en hestar þeirra voru eðlilega mjög þrekaðir. Rekstur aðeins klukkustund síðar, fram sandinn, hefði þýtt ógn og stórhættu. Sólarhring síðar var komið djúpt gljúfur þar sem réttin var. Af fjallleitarmönnum segir að þeir færðu sig litlu síðar með heimilisfólki á bænum til beitarhúss ofar í hrauninu þegar tók að flæða inn í kjallara íbúðarhússins. Báru þar út búslóð fólksins og fluttu.

Tveir vinnumenn Sveins Sveinssonar í Ásum voru í verslunarferð út yfir Sand með vagnalest. Þeir fóru yfir Múlakvísl nokkrum mínútum fyrir hlaupið og höfðu ekki grænan grun um hvað gekk á, og í vændum var. Þar fyllti farveginn af vatni og aur, á augabragði nánast á hæla þeirra.

### Tunnuskortur í Víkinni

Sláturtíð stóð yfir líkt og dagsetningin í október segir til um. Fjárrekstrar voru því á Mýrdalssandi hægri / vinstri þessi dægrin. Bílaflutningar ekki hafnir og féð því rekið til slátrunar í Vík.

Enn var forsjón guðanna – eða hvers sem réði, með í för. Það varð tunnuskortur í Víkinni gosdaginn mikla. Án þeirra var engin slátrun. Allt saltað í tunnur. Aðrar heimildir segja að saltskortur hafi bjargað mannslífum, trúlega var það skortur á hvort tveggja. Frysting í stórum stíl ekki komin til sögunnar á þessum tíma. Boð voru því látin berast frá sláturhúsinu í Vík að ekkert væri hægt að reka þennan dag fé til slátrunar.

Á meðal haustdegi höfðu margir rekstrar og lestir verið á sandinum vestanverðum. Til viðbótar fóru síðustu til baka austur sandinn til síns heima sólarhring fyrir hamfaradaginn mikla. Þeir sluppu því líka sem var enn eitt happ í þessari sögu.

Skipið Skaftfellingur var reyndar nýkomið með tunnur til Víkur, en fréttin af því hafði ekki borist austur fyrir sand. Sem betur fer má segja. Sjaldan deyja Íslendingar ráðalausir – þegar samgöngur voru strand marga næstu daga á eftir – vegna gossins og hamfaranna var brugðið á það ráð að sleppa í sjóinn tunnum með salti í. Láta síðan brimið bera þær upp í fjöru. Náðist þannig að bjarga kjötframleiðslu margra í austurhluta sýslunnar.

Loks fann konan tunnu í fjörunni sem hentaði. Kom á hana böndum. „Gerir sila og hefur til klakks, en á móti hengir hún viðardrumb“ (til jafnvægis). En hún fór illa á klakk og seinlega gekk ferðalagið heim. Tosaðist samt áfram, en þá tók hún að heyra ógnvænlegan nið úr norðurátt. Fóru þá einnig að sjást mikil ský yfir Mýrdalsjökli austanverðum. Til viðbótar var vatn orðið á vegi hennar þar sem hún átti síst von, og byrjaði að tefja för.

Leiðina til baka um sína heimaslóð leist henni alls ekki á blikuna. Sveitungar hennar í Álftaveri, aðallega konur, yngra fólk, og börn – (aðrir voru við smölun eða að taka á móti safninu) höfðu hópast upp á hæstu hóla og hæðir í túnum. Konan varð satt að segja felmtri slegin og datt fyrrnefndur heimsendir helst í hug. Blessaði sig í bak og fyrir.

Hún heyrir hróp og köll, og fólkið skipaði: „Hentu frá þér bannsettri tunnunni og flýttu þér sem mest!“

Því hlýddi hún hins vegar ekki. Trippið, tunnan og hún sjálf skyldu saman heim á þrjóskunni. Er hún náði loks til fólksins voru henni sögð tíðindin. Katla var farin að gjósa. Hún sýndi lítil svipbrigði. Það var engu líkara en axlir hennar sigju slakar niður. Virtist sem smá feginleiki á ógnartíma. „Nú já, Katla. Ekki annað!“

*Heimildir: Byggt á frásögn Hildar Jónsdóttur, Þórarins Helgasonar, viðtal Stefáns Jónssonar fréttamanns og fleira efni.*





Í ár mun Skagafjörður hýsa Landsmót hestamanna sem fer fram að Hólum í Hjaltadal dagana 5. til 11. júlí.

## Hrossarækt:

# Kynbótasýningar vorsins

**Opnað var fyrir skráningar á kynbótasýningar hrossa þriðjudaginn 5. maí og má með sanni segja að skráningar hafi aldrei farið jafnskart af stað. Eftir klukkutíma frá opnun var þegar búið að skrá um 900 hross.**

Afar mikil eftirspurn var eftir plássum á kynbótasýningar vorsins og var um metskráningu að ræða. Fyrir fram var búist við aukningu þetta vorið og því 300 plássum bætt við miðað við síðasta Landsmótsvor í sýningaráætlun, en þátttakan fór fram úr björtustu vonum. Staðan varð fljótlega sú að ekkert laust pláss var á kynbótasýningar sunnanlands frá 26. maí til 24. júní. Vegna þessa var sýningu bætt við í Víðidalnum dagana 22. til 24. júní og stökum dögum bætt við á aðrar sýningar og samtals því bætt við 150 plássum. Nú er búið að festa pláss fyrir 1.309 hross. Vorið 2024 voru 1.013 dómar felldir í aðdraganda Landsmóts og árið 2022 voru 983 dómar felldir að vorinu þannig að líklegt er að um fjölgun dóma verði í ár miðað við síðustu Landsmótsvor.

Miklar framfarir hafa verið á síðastliðnum árum í íslenskri hrossarækt sem endurspeglar mikinn metnað og áhuga hjá fjölda hrossaræktenda og sem sést nú á þeirri miklu þátttöku sem verður á sýningum vorsins. Staðan er verðmæt og vegurinn bjartur fram undan.

### Listahátíðin Landsmót hestamanna

Líkt og Listahátíð í Reykjavík er Landsmót hestamanna haldið annað hvert ár. Landsmót er magnaður viðburður og verðmæti hans er margslungið. Hvað kynbætur hestsins varðar eru Landsmót mikilvæg mælistika á framfarir í ræktun. Þar gefst fólki tækifæri til að sjá bestu hross hvers tíma í einstaklingssýningum og þau hross sem þarna koma fram eru líklegust til að skapa erfðaframfarir næstu kynslóða. Þá er sýning afkvæmahesta eitt skemmtilegasta og magnaðasta dagskráratriði Landsmóta. Afar verðmætt er fyrir ræktendur að skoða afkvæmahópa þeirra stóðhesta sem hljóta afkvæmaverðlaun á mótinu og fá betri vitneskju um hvernig hestgerðir þeir eru að gefa. Landsmót og það mikla svið sem það er fyrir hrossin skapar líka verðmætan drifkraft inn í ræktunarstarfið sem eykur við metnað ræktenda. Þannig að verðmæti Landsmóta er mikið og ákveðið fjöregg sem við verðum að vernda.



Þorvaldur Kristjánsson.

Í aðdraganda Landsmóts verður mér hugsað til þeirrar keppni sem einkenna mótin og þá er gott að hafa í huga að láta aldrei kappið bera fegurðina ofurliði; gleyma aldrei virðingunni fyrir hestinum. Við verðum ávallt að hafa í huga að sönn fegurð getur ekki skapast nema hestinum líði vel, mýkt og gegnumflæði einkenni framgöngu manns og hests og að allt sem við viljum að hesturinn framkvæmi sé á hans forsendum.

### Vísindaleg þekking grunnurinn

Vísindaleg þekking á öllu sem viðkemur hestinum verður ávallt að vera grunnurinn að öllu okkar starfi, hvort sem um er að ræða atvinnufólk í greininni eða áhugafólk í hestamennsku. Þarfir hestsins verða alltaf að vera í forgrunni. En svo er það auðvitað listin sem er rauði þráðurinn í öllu okkar starfi. Allt sem við erum í raun að gera með hestinn snýr að lífsfyllingu okkar sem mannvera. Ræktun hestsins snýst að miklu leyti um fegurðarsköpun, reiðmennska á háu stigi er list í sjálfu sér og því er talað um reiðlist. Vegna þessa hef ég ávallt litið á Landsmót hestamanna sem listviðburð í raun; listahátíð. Við erum stödd á viðburði þar sem ólíkar hestgerðir af miklum gæðum leika listir sínar; fegurð hestanna, samspil knapa og hests þegar best tekst til er list í sjálfu sér og allt í umbúnaði mótsins ætti að bera því vitni að um sjónarspil fegurðar sé að ræða.

Í ár mun Skagafjörður hýsa þessa hátíð en Landsmót fer fram að Hólum í Hjaltadal dagana 5. til 11. júlí. Sýningar vorsins og Landsmót hestamanna er sannkallað tilhlökkunarefni og við hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hlökkum til samstarfsins við hestamenn í vor og ekki síst á mótinu sjálfu.

---

*Höfundur er ráðunautur í hrossarækt hjá RML*









# Hafa ferðamenn áhuga á sveitinni?



„Það er því ekki spurning hvort ferðamenn hafi áhuga á sveitinni. Þeir hafa hann í miklum mæli og fer vaxandi.“



Gústaf Gústafsson.

Ferðaþjónusta hefur verið mikilvæg stoð í íslensku efnahagslífi um nokkurt skeið, en á sama tíma getur hún haft ólíka merkingu fyrir þá sem búa og starfa í dreifbýli en fyrir þá sem eru í þéttbýli. Fyrir bændur og aðra sem byggja afkomu sína á landinu sjálfu getur ferðaþjónustan verið nauðsynleg björg til að styrkja búreksturinn, dreifa áhættu og skapa nýjar tekjur til viðbótar við hefðbundna framleiðslu. Spurningin snýst ekki um hvort ferðamenn hafi áhuga á sveit, menningu og náttúru. Miklu fremur er spurningin hvernig hægt er að umbreyta þeim áhuga í öruggar, stöðugar, arðbærar og sjálfbærar viðbótartekjur fyrir býlin landið um kring.

Það eru mýmörg dæmi um ferðaþjónustu sem hefur sprottið upp í dreifbýli á Íslandi á undanförnum áratugum sem eiga sannarlega hrós skilið. Víða hafa heimili, býli og smærri fyrirtæki skapað aukin tækifæri sem byggja á því sem staðirnir sjálfir hafa upp á að bjóða. Slík starfsemi sýnir að þegar hugvit, gestrisni og góð undirbúningsvinna fara saman getur ferðaþjónustan verið bæði lifandi menningarframlag og mikilvæg stoð fyrir dreifbýlið. En það er freistandi að hugsa um ferðaþjónustu í einfaldri mynd: gestir mæta, upplifa fallega náttúru, kaupa þjónustu og fara sáttir á braut.




Raunveruleikinn er hins vegar mun flóknari. Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem krefst fagmennsku, skipulags og ábyrgðar, rétt eins og búskapurinn sjálfur.

Fyrsta skrefið er að horfa til þess sem hún hefur að bjóða. Hvað er það sem gerir staðinn sérstakan? Er það landslagið, sagan, dýrin, menningin, matarhefðirnar, kyrrðin eða tengingin við útivist og náttúru? Eða er það fólkið sjálft sem mótast hefur af umhverfinu? Hver bújörð hefur sinn karakter og hver bóndi sína sögu. Þar liggja tækifærin. Ferðamenn sækja ekki bara í þjónustu, þeir sækja í upplifun, samhengi og trúverðugleika. Þeir vilja finna að þeir séu tengdir við raunverulegan stað, með raunverulegu fólki, þar sem sagan er sögð af þeim sem lifa hana.

Fyrstu skrefin í ferðaþjónustu þurfa ekki endilega að vera mikil fjárfesting. Þau geta verið einföld og hnitmiðuð skref: leiðsögn um búið, heimsóknir þar sem gestir kynnast dýrum og daglegu lífi, matarsmakk, fræðslugöngur, einföld gistiaðstaða, afþreying tengd náttúru eða árstíðum, eða jafnvel upplifanir sem byggja á matargerð, handverki eða sögu. Markmiðið er ekki að gera allt, heldur að sérhæfa sig og gera það vel. Oft er betra að bjóða upp á fáar, skýrar og vel útfærðar vörur. Í þessu samhengi fer vel að segja að ef þú reynir að vera allra, ertu einskis.

Hér skiptir fagmennska sköpum. Þegar ferðamenn koma inn í búrekstur er verið að bjóða þeim inn í vinnuumhverfi sem hefur sínar reglur, hættur og takmarkanir. Þar eru börn, vélbúnaður, dýr, hálka, rafmagn, umferð og ólíkar aðstæður sem þarf að stjórna af yfirvegun. Gestgjafinn þarf að geta greint frá hvað má sýna, hvar mörkin liggja og hvernig á að tryggja bæði öryggi gesta og starfsfólks. Þar er ekki nóg að bjóða gesti velkomna af góðum hug, það þarf einnig verklag, merkingar, ábyrgðarskiptingu og skýra viðbragðsáætlun þegar eitthvað fer úrskeiðis.

Þarna komum við inn á raunveruleika sem auðvelt er að vanmeta, ferðaþjónustan tekur tíma. Hún er ekki einfalt aukaverk sem auðveldlega er hægt að bæta ofan á annasaman búskap án þess að aðrir þættir líði fyrir. Hún krefst samskipta við gesti fyrir komu, bókanastjórnunar, undirbúnings, móttöku, eftirlits, þrifa, eftirfylgni og oft markaðssetningar í ofanálag. Hún getur því aukið álag verulega ef hún er ekki hugsuð sem hluti af heildarrekstrinum. Þar liggur ein algengasta hættan, að taka á móti gestum áður en nægileg þekking, verkferlar eða mannafli eru til staðar. Þá getur frábær hugmynd orðið að slítandi verkefni sem skilar hvorki tekjum né ánægju.

Það þarf að spyrja nokkurra hagnýtra spurninga áður en fyrsti gestur kemur í hlað. Hvernig er móttakan skipulögð? Hver tekur á móti fólkinu? Hvað gerist ef veður breytist, gestir mæta of snemma eða seint, dýr eru á röngum stað eða neyðartilvik koma upp? Hvernig er gengið frá bókunum, greiðslum og samskiptum? Hvar er gestum ætlað að ganga, stoppa, aka og dvelja? Hvernig er tryggt að upplifunin sé þægileg, örugg og samfelld? Ef þessar og fleiri spurningar eru ekki skýrðar fyrir fram er hætt við að starfsemin verði ómarkviss og viðkvæm fyrir mistökum.

Þá er líka mikilvægt að horfa á framkvæmdina með opnum augum. Ferðaþjónusta er ekki sjálfkrafa arðbær bara vegna að þess að hún vekur áhuga. Til að hún skili raunverulegum tekjum þarf að reikna kostnað, meta tíma, ákveða verð með skynsömum hætti og skilja hvaða vörur eða þjónusta er líklegust til árangurs. Stundum geta litlar einingar með mjög skýra afmörkun skilað góðri afkomu. Stundum er betra að byggja upp hægt, frekar en að leggja í fjárfrekar framkvæmdir sem ekki er víst að skili sér. Sjálfbærni felst ekki aðeins í umhverfislegum þáttum, heldur líka því að verkefnið standi undir sér til lengri tíma.

Það er einmitt hér sem faglegt nám og undirbúningur skipta sköpum. Háskólinn á Hólum hefur



byggt upp þekkingu og námsframboð sem tengist ferðaþjónustu í dreifbýli og getur verið raunhæfur farvegur fyrir þá sem vilja taka næsta skref með markvissum hætti. Fyrir marga sem þegar gegna bústörfum skiptir miklu að geta nálgast slíkt nám með sveigjanleika í fyrirrúmi, til dæmis með styttri námsleiðum, fjarnámi eða að raða saman námi í áföngum eins og hentar. Það er ekki alltaf raunhæft að stíga út úr búskap til að mennta sig, því skiptir máli að námið henti fólki sem þarf að samræma vinnu, fjölskyldulíf og daglegar skyldur.

Slík þekking er ekki aðeins gagnleg til að taka á móti gestum. Hún hjálpar til við allan rekstur og einnig við að sjá hlutina í stærra samhengi: stjórnun, vöruþróun, samskiptaferli og ýmsa aðra þætti. Hún eykur líkurnar á því að rekstraraðilar taki upplýstar ákvarðanir um hvaða leiðir henta þeirra starfsemi, þeirra fólki og þeirra markaði. Hún getur líka hjálpað til við að forðast algeng mistök, svo sem vanmeta vinnu, ofmeta eftirspurn, vanrækja gæði eða byggja upp starfsemi sem er of háð einstökum einstaklingum.

Í þessu felst líka stærri áskorun sem tengist þróun tekna í landbúnaði almennt. Margir bændur hafa á undanförnum árum og áratugum staðið frammi fyrir þrengri afkomu og sívaxandi kröfum. Þá er mikilvægt að leita leiða til þess að styrkja reksturinn með fleiri stoðum, fremur en að treysta eingöngu á hefðbundinn búrekstur. Ferðaþjónusta getur verið ein slík stoð. Hún hentar ekki öllum í sömu mynd og þarf ekki að verða til þess að rýra kjarnastarfsemi búsins. Hún á að styðja við búreksturinn, en ekki ýta honum til hliðar.

Það er því ekki spurning hvort ferðamenn hafi áhuga á sveitinni. Þeir hafa hann í miklum mæli og fer vaxandi. Spurningin er hvort þeir sem búa þar og vinna séu tilbúnir að mæta þeim áhuga með faglegri nálgun, skýrri og afmarkaðri þjónustu og raunhæfu skipulagi. Fyrir þá sem vilja byggja slíka starfsemi upp með ábyrgum hætti getur Háskólinn á Hólum verið góður valkostur og mikilvægur stuðningur. Þar getur áhugi orðið að þekkingu, þekking að færni og færni að tekjum. Það skiptir sköpum fyrir framtíð margra býla.

*Höfundur er aðjunkt við ferðamáladeild Landbúnaðarháskóla Íslands.*
















Sagnaþáttur:

# Saga af tveimur systrum



„Þegar Jón fór að Grenjaðarstað 1826 með sitt fólk var Sveinn ekki langt undan. Hann vígðist til djákna á því sama brauði og tengdafaðirinn þjónaði. Þau Guðný giftu sig á Grenjaðarstað í ágúst 1827 og settust að hinum megin Laxár, á bænum Klömbrum.“



Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com

Í ár eru 190 ár liðin frá andláti einnar harmsögulegustu persónu íslenskrar menningarsögu, skáldsins Guðnýjar Jónsdóttur, kenndri við bæinn Klömbur í Helgastaðahreppi, sem þá hét. (Venja er að rita Klömbrur í þágufalli en þágufallsmyndin Klömbur er líka til og mun vera upprunalegri.)

Guðný var fyrsta nafngreinda íslenska konan til að yrkja kvæði sem birtust á prenti. Ekki auðnaðist henni þó sjálfri að sjá verk sín koma fyrir almenningssjónir því þegar kvæðið „Endurminningin er svo glögg“ birtist í þriðja árgangi Fjölnis 1837 var hún látin og kvæðið prentað sem niðurlag fréttaannáls dánarárs hennar, 1836. Fjölnir segir hana hafa andast 11. júní 1836 sem raunar er ekki rétt því hún lést 11. janúar 1836 á Raufarhöfn þar sem hún bjó þá hjá Hildi systur sinni og manni hennar, Jakobi Þórarinssyni Johnsen, sem fyrstur manna hóf verslunarrekstur á staðnum 1834, studdur af fyrrum vinnuveitendum sínum, Ørum og Wullf. En hvers vegna dó hún þar af öllum stöðum?

### Skáldsystkini

Guðný fæddist á Saurbæ í Eyjafirði vorið 1804. Fáeinum vikum síðar fluttu foreldrar hennar að Auðbrekku í Hörgárdal, þau Jón Jónsson frá Stærra Árskógi og Sandgerðingurinn Þorgerður Runólfsdóttir, sem var seinni kona Jóns (raunar önnur kona af þremur).

Jón hafði verið vígður sóknarprestur á Möðruvöllum í Hörgárdal en þar var amtmannssetur og þröng á þingi og því bjó hann búi sínu á Auðbrekku. Guðný var hjá foreldrum sínum í Hörgárdal til tólf ára aldurs en þá flutti fjölskyldan út að Stærra Árskógi á Árskógsströnd. Sama ár fór annað skáld burtu þaðan úr dölunum. Jónas Hallgrímsson hafði komið í heiminn á Hrauni í Öxnadal 1807 en sumarið 1816 drukknaði Hallgrímur faðir hans í Hraunsvatni og var Jónas þá sendur í fóstur til móðursystur sinnar á Hvassafelli frammi í Eyjafirði. Sú tilhugsun er lokkandi að fundum þeirra skáldsystkina hafi einhvern tíma borið saman en litlar líkur eru til þess, þau bjuggu hvort í sinni sókninni og þótt feður þeirra hafi þekkst var ekki venjan að þvælast með smákrakka af bæ af tilefnislausu.

### Efnispiltur svíkur lit

Jón Jónsson á Stærra Árskógi var ekki aðeins prestur, heldur líka læknir og hafði fengið lækningaleyfi frá landlækni 1812 sem síðan var staðfest af konungi 1816. Til hans komu ýmsir að leita sér bata við kvillum sínum og síðla árs 1824 bar að Stærra Árskógi Baldvin Einarsson frá Hraunum í Fljótum. Hann var þá 23 ára, hafði verið í Bessastaðaskóla í tvo vetur en hafði ekki farið í skólann þá um haustið sökum heilsuleysis. Jón hressti hann við á nokkrum vikum og á meðan tókst Baldvin að binda trúss sitt við heimasætuna Kristrúnu sem þá var átján ára, ein fjögurra dætra Jóns. Þegar Baldvin kvaddi Stærri Árskóg og hélt aftur til Bessastaða voru þau Kristrún trúlofuð og þar með hófst langt og sársaukafullt samband þar sem lítið var um líkamlega nálægð en þess meira bréflega fjarlægð. Jafnvel þótt Baldvin væri skrifari Gríms Jónssonar, amtmanns á Möðruvöllum, í nærri ár, frá 1825 til 1826, hittust þau Kristrún lítt eða ekki, en bréfin fylltu í tómið og héldu ástarloganum lifandi. Baldvin sigldi síðan til Kaupmannahafnar með Grími 1826 til að hefja nám við Hafnarháskóla og enn beið Kristrún þess að hann sneri aftur í sigurvagni með embættispróf upp á vasann. Þau náðu raunar að hittast sumarið 1828 þegar Baldvin skrapp heim, en tilefni þeirra ferðar var raunar ekki björgulegt. Baldvin var beinlínis á flótta undan danskri kærustu og tilvonandi barnsmóður. Þegar hann kom aftur til Hafnar varð úr að hann giftist þeirri dönsku, Johanne, svo hún ætti ekki barn utan hjónabands, en ekki sleit hann þó trúlofun sinni og Kristrúnar og ekki vissi hún heldur neitt um allt þetta laumuspil.

Það liðu síðan þrjú ár þar til Baldvin loksins játaði hvernig í málum lá í löngu iðrunarbréfi til Kristrúnar. Við getum svo sem getið okkur til um hvernig henni varð innanbrjósts. Ári síðar, 1832, ritaði Baldvin Kristrúnu enn en nú til að segja henni frá almennum tíðindum og frá heimilisaðstæðum sínum og fjölskylduhögum í Höfn. Þá var Kristrún komin að Grenjaðarstað í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem faðir hennar var orðinn prestur og hélt áfram læknisstörfum. Hún sat heima og beið kannski eftir að alheimurinn sendi henni tákn um hvað taka ætti við. Og það kom: Íslands ógæfu varð allt að vopni, eins og Bjarni Thorarensen orti társtokkinn og klökkur, Baldvin Einarsson, hinn efnilegi hugsjónamaður og eldhugi lést af brunasárum í febrúar 1833. Að því kom, sjö árum síðar, að Kristrún giftist og varð prestsfrú í Reyðarfirði. Hún var skáldmælt eins og systir hennar.

### Læknisdóttirin gengur í hjónaband

Hávaxinn, herðabreiður og alvarlegur en líka svo hagur að hann gat smíðað finasta víravirki úr hvaða málmi sem er. Sveinn Níelsson, bóndasonur úr Gilsfirði, var eins og draumaprins úr ástarsögu en þó var hann eitthvað slappur og þurfti lækninga við. Hann kom að Stærra Árskógi til að kippa heilsunni í lag og í leiðinni heillaði hann bæði lækninn og Guðnýju dóttur hans. Kristrún var jú þegar heitbundin. Þegar Jón fór að Grenjaðarstað 1826 með sitt fólk var Sveinn ekki langt undan. Hann vígðist til djákna á því sama brauði og tengdafaðirinn þjónaði. Þau Guðný giftu sig á Grenjaðarstað í ágúst 1827 og settust að hinum megin Laxár, á bænum Klömbrum.

Aðeins tveimur mánuðum síðar fæddist þeirra fyrsta barn, drengurinn Jón Aðalsteinn, og árið eftir fæddist þeim dóttirin Sigríður. Hvernig sem á því stendur þá var drengurinn í fóstri hjá afa sínum og ömmu á Grenjaðarstað og þar veiktist hann um sama leyti og systir hans kom í heiminn. Hann dó svo stuttu síðar og ári síðar dó stúlkan. Þegar þau Guðný og Sveinn eignuðust aftur dreng og stúlku, árin 1830 og 1831, voru þau skírð sömu nöfnum, Jón Aðalsteinn og Sigríður. Það hafði tíðkast um langt skeið og var enn praktíserað um þetta leyti að yfirsetukonur tækju nýfædd börn til sín og hefðu um hríð eftir fæðingu og svo var þegar Sigríður litla fæddist. Hún var því hjá prestsmaddömunni í Reykjahlíð í Mývatnssveit, Þuríði Hallgrímsdóttur yfirsetukonu, um skeið eftir fæðinguna.

En þegar Sveinn skipaði Guðnýju konu sinni að fara með Sigríði tíu mánaða gamla aftur í Reykjahlíð og þetta sinn í fóstur svo Guðný gæti sinnt heyvinnu sást berlega að eitthvað var undarlegt á seyði. Guðný gekk yfir Hvammsheiði með stelpuna, lét hana frá sér og fór aftur heim í Klömbur og orti á leiðinni eitt átakanlegasta kvæði íslenskra bókmennta: „Myrkt er af kvíða / meybarnið fríða.“ Sigríður kom aldrei aftur til móður sinnar. Færri sögum fer af heyskapnum á Klömbrum þetta sumar.

### „Guðný hugsar um óhöpp sín“

Sveinn var því ekki bara hávaxinn, myndarlegur og þéttur í lund. Hann var durtur. Upp úr þurru tilkynnti hann konu sinni árið 1835 að hann hyggðist skilja við hana. Sagan segir að hann hafi aldrei þolað að hún var betra skáld og meiri fjörkálfur en hann, í það minnsta segir Jón prestur að tengdasonurinn hafi ekki liðið dóttur hans að syngja. Presturinn á Skinnastað var fenginn til að tala á milli þeirra en hann kom engu til leiðar, Sveinn var einfaldlega harðákveðinn í að fara burt og láta Guðnýju róa. Hann kom syni þeirra í fóstur hjá fólkinu sem tók við Klömbrum og flutti svo alfarinn vestur í Húnavatnssýslu þar sem hann hóf nýtt líf með nýrri konu og nýjum börnum en Guðný hrökklaðist til systur sinnar á Raufarhöfn þar sem miðnætursólin býr en þar sem landslag og umhverfi er talsvert frábrugðið hinni aðaldælsku sveitasælu á Laxárbökkum, „eyðimörk“, kallaði Guðný þennan stað. Það átti ekki af þessum dætrum Jóns frá Stærri Árskógi að ganga.

Ljóð Guðnýjar sem fjalla um þessa atburði, líkt og kvæðið sem birtist í Fjölni, „Endurminningin er svo glögg“, eru uppfull af harmi og sárum trega. Ljóðmál Guðnýjar er laust við hina vandlega ræktuðu fjarlægð við kenndirnar, rómantísku íróníuna sem átti að bregða kuldalegum blæ yfir það sára og auma og varð eitt helsta skáldasport 19. aldarinnar. Guðný harmar einfaldlega hlutskipti sitt.

Og þarna sat hún norður við ysta haf, eitt af höfuðskáldum 19. aldar, hrakin frá fjölskyldu og börnum, yfirgefin af eiginmanni sem hún elskaði og þráði þrátt fyrir allt. „Kastað úr hjónabandi, saklausri af manni hennar,“ skrifaði faðir hennar í kirkjubókina. Bjarni Thorarensen kallar Svein „fant“ og „þræl“ þegar hann ræðir þessa atburði í bréfum. Nokkrum mánuðum síðar veiktist Guðný og dó svo stuttu eftir nýár 1836. Enginn fór í grafgötur með að hún dó úr harmi. Jón læknir faðir hennar punktaði í kirkjubókina á Grenjaðarstað: „Dó af sjúkdómi, orsökuðum af skilnaðargremjunni.“



# Vísnahornið

Vísnagáta þessi er kennd fleiri en einum og trúlega orðin aldargömul:

*Áðan hitti maður mig.*
*Mátti að nafni leita.*
*Trúfastur við sjálfan sig*
*sagðist karlinn heita.*

Þessa vísu orti **María Bjarnadóttir** sem var dótturdóttir Bólu-Hjálmars:

*Vermir lund sem vordags blær*
*vinafunda gaman.*
*Margra stunda minning fær*
*muna bundið saman.*

**Páll Jónsson** sem kallaður var skáldi mun hafa þótt kærulaus prestur. Gáfumaður talinn, reikull í ráði og nokkuð drykkfelldur, en hagmæltur þó ekki hafi allt þótt prestlegt:

*Andskotans hef ég axlarverk,*
*enginn það læknað getur,*
*utan þín heillahöndin sterk.*
*Heyrðu það! Skrattatetur.*

Eitt sinn mun Páll skáldi hafa verið staddur í Rvk. og kaupmaður neitað honum um tóbak, en guggnaði við þessa vísu Páls og lét í té tóbak:

*Ef mig lætur arka af stað*
*austur tóbakslausan,*
*bið ég sjálfan Satan að*
*sjóða þig í pausann.*

Sagt er að þessa vísu hafi Páll ort á köldu vori þegar allt var heylaust:

*Máttugur er góður Guð að gefa hláku*
*af útsuðri með enga bliku*
*og hana láta standa í viku.*

Þessi vísa mun vera eftir **Jón Einarsson** á Syðri-Rauðamel, Snæfellsnesi:

*Enginn stafur um það sást*
*í öllum boðorðunum,*
*hvort að maður matarást*
*mætti fá á konum.*

Og þessi eftirmæli um gæðing mun Jón á Syðri-Rauðmel hafa ort:

*Hvar sem sást í fákafans*
*fremst af öllum bar hann.*
*Augasteininn eigandans*
*alla daga var hann.*

Ekki veit ég um hvern **Elivoga Sveinn** yrkir svona lofgjörð, eða hvort þetta var á annað borð lof:

*Ættarsvip af Agli ber hann.*
*Orðaleikni Grettis sterka.*
*Spaki Njáll til anda er hann.*
*Ólafur þá til rausnarverka.*

Elivoga Sveinn virðist hér hafa verið nægjusamur varðandi skáldalaun:

*Mér ég teldi mesta hnoss.*
*Mundi draga úr raunum*
*ef ég héldi að hálfan koss*
*hlyti að bragalaunum.*

Ekki var nú kerskni í öllum vísum Sveins eins og þessi staka ber með sér:

*Austri skreytir árdags blik*
*andar heiti blærinn.*
*Allt um sveitir kemst á kvik.*
*Klæðum breytir særinn.*

Menn kunnu hér áður að lýsa mörkum í bundu máli, eins og þessi vísa **Jóns Gottskálkssonar** Skagaskálds ber með sér:

*Aftan sneitt og undir gat er á því hægra.*
*Stýft skal á hinu vinstra vera.*
*Vel munu kindur þetta bera.*

Jón bjó í Ketuseli á Skaga um tíma og orti þessa og lýsti sínum vonum:

*Búið verður býsna vel*
*og borðað spaðið feita,*
*þegar karl í Ketusel*
*kemst til rólegheita.*

Jón orti þegar hann náði sér í kærustu sem ekki tolldi þó lengi í Ketuseli:

*Hunangsart á vörum var*
*veigabjartri línu*
*en eitursvarta orminn bar*
*innst í hjarta sínu.*

*Umsjón: Magnús Halldórsson*
*mhalldorsson0610@gmail.com*



Bjálkahús
á góðu verði
Flytjum inn vönduð bjálkahús frá Eistlandi.
Afhendingartími skv. samkomulagi. Getum gert tilboð í flutning alla leið á byggingarstað. Afhendingarstaður er annars í Þorlákshöfn. Hús af þessari gerð hafa verið reist hér á landi undanfarin 25 ár – góð reynsla.
Stærðir: Allt frá 15m² smáhýsum upp í 140m² sumarhús.
Gerum föst verðtilboð.
O.G. hús • Co/Grétar Jónsson, Móum Hvalfjarðarsveit
Sími 655 0506 • oghus@oghus.is • www.oghus.is
SKESSUHORN 2026



Bílanaust
FYRIR FÓLK Á FERÐINNI
Skoðaðu vöruúrvalið á bilanaust.is
Hafðu samband við söludeildina:
soludeild@bilanaust.is




GLUSSI & MÓTOROLÍUR
FYRIR ÖLL TÆKI OG VÉLAR
Við finnum réttu vöruna fyrir þig og gerum þér gott tilboð!

STÓRVERSLUN ÁLFABAKKA 4 109 Reykjavík S. 535 9000 | Bíldshöfða 12 110 Reykjavík S. 535 9000 | Bæjarhrauni 12 220 Hafnarfirði S. 555 4800 | Hafnargata 52 260 Reykjanesbæ S. 421 7510 | Hrísmýri 7 800 Selfossi S. 482 4200 | Furuvöllum 15 600 Akureyri S. 535 9085 | Miðvangi 2–4 700 Egilsstöðum S. 471 1244

Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi ásamt málþingi

Aðalfundur Landssamtaka landeigenda á Íslandi verður haldinn föstudaginn **5. júní 2026 kl 13:30** í félagsheimilinu Árnesi, Skeið- og Gnúpverjahreppi. Venjuleg aðalfundarstörf skv. samþykktum félagsins og eru félagsmenn hvattir til góðrar mætingar.

**Málþing.**
Eftir aðalfundinn eða kl 14:15 verður síðan haldið málþing undir yfirskriftinni „Hlutur landeigenda þegar kemur að nýtingu orkuauðlinda".
Frummælendur verða Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunnar og Ásgeir Margeirsson ráðgjafi í orkumálum.
Málþingið er öllum opið og verður auk þess ásamt aðalfundinum í beinu streymi á hlekknum promynd.is/adalfundurlli

Stjórn Landssamtaka landeigenda á Íslandi

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús
af öllum stærðum og gerðum.
Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463
VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR



# Rjúfum mynstrið!

## – Engin kona á að standa ein



**Sigrún Pétursdóttir**
sigrunpeturs@bondi.is

**Nú í lok maí kynnir Kvennaathvarfið nýja herferð í samstarfi við hönnuð spánnýrrar prjónauppskriftar sem ber nafnið SKJÓL. Herferðin gegnir þreföldu hlutverki; fjáröflun, fræðslu og samstöðu.**

„Við fengum konu sem heitir Tinna Laufdal, hönnuð, til að hanna fyrir okkur prjónauppskrift,“ segir framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, Linda Dröfn Gunnarsdóttir. Við í athvarfinu höfum alltaf brýnt það fyrir öllum sem heyra að nauðsynlegt sé að þekkja mynstrið. Það hittist nefnilega svo skemmtilega á – ef svo má segja – að í herferðum almennt reynum við að vekja athygli á hvernig ofbeldi í nánum samböndum lýsir sér. Að fólk sé með opin augun fyrir því, bæði varðandi aðstandendur sína og vini en einnig konur sjálfar.

Þannig að fólk þekki munstrið í ofbeldissambandi og geri sér grein fyrir hvenær það er sjálft statt í slíku. Það hefur verið útgangspunkturinn okkar, en á sama tíma að minna á okkur – hér erum við, sjáið okkur og ekki hika við að hafa samband. Það vita það flestir að það er til Kvennaathvarf en ekki allir sem gera sér grein fyrir hversu nauðsynlegt er að leita þangað þegar á reynir. Fyrr en auðvitað að maður lendir í aðstæðunum sjálfur.

En þetta, þó við minnum á að þekkja mynstrið í ofbeldinu, ... auðvitað er þetta orð kannski helst þekkt í sambandi við einhvers konar prjónaskap, þannig við hugsuðum með okkur að auðvitað væri hægt að prjóna peysu sem væri skemmtileg og áberandi og myndi minna á okkur að sama skapi.“

### Saman erum við sterkari

„Fólk spyr svo oft hvernig það geti verið til staðar, hvort það geti eitthvað gert og auðvitað endalaust margir sem prjóna – og enn fleiri sem ganga í peysum,“ segir Linda. „Og jafnvel þeir sem bara ganga í peysum, það er annað og ekki síðra, sem gerir okkur sýnileg. Það er mest um vert, að vera sýnileg og að á okkur sé minnt. Þetta er áminning, ekki einungis sem auglýsing, en til þolenda; „þú ert ekki ein, við erum hérna.“ Sem er eitthvað sem þolendur þurfa svo oft að heyra. Þannig ef við náum að gera þetta þekkt og sýnilegt, prjónamunstrið okkar, þá er þetta rétt eins og regnbogafáninn, við erum til staðar, með þér í liði hvenær sem þú ert tilbúin. Þannig þetta var pælingin,“ segir Linda brosandi.

Hún minnist einnig á samfélagið sem skapast svo oft þegar fólk kemur saman við hannyrðir, algerlega öfugt við það sem ofbeldið er, sem er einangrun.

„Fyrsta skref ofbeldis er oftast það að þolandi er einangraður frá sínu tengslaneti, vinkonum og fjölskyldu. Þannig þessi samfélagshugsun, að standa saman, gera eitthvað saman, er líka það, mótsögnin við einangrunina. Saman erum við sterkari. Þannig það voru svo margar tengingar sem við sáum í munsturspælingunni.

Svo er það alltaf undirliggjandi að við erum alltaf að safna „vinum Kvennaathvarfsins“ en meira en helmingur af okkar rekstrartekjum kemur frá almenningi. Fólk getur alltaf stutt okkur og styrkt og auðveldasta leiðin er að fara á vefsíðuna okkar ef fólk vill gerast vinur. Þar er bæði hægt að styrkja mánaðarlega en einnig bara einu sinni og velja má hvaða upphæð sem er.“





SKJÓL er sérhönnuð íslensk prjónauppskrift sem gegnir þreföldu hlutverki: fjáröflun, fræðslu og samstöðu. Skilaboð herferðarinnar eru: *„Með hverri lykkju styrkir þú starfsemi Kvennaathvarfsins og sendir skilaboð um að engin kona eigi að standa ein. Við sjáum mynstur í ullinni sjálfri; í lykkjum og línum. Í ofbeldissamböndum eru einnig til mynstur sem þó sjást síður. Slík mynstur einkennast af einangrun, stjórnun, ótta og þögn. Ofbeldi í nánum samböndum er sjaldnast einangrað tilvik, heldur endurtekið mynstur sem þróast hægt og verður hluti af hversdeginum.“* Myndir / Aðsendar

### Peysur sem eftir er tekið

Linda segir að kraftur og gleði verði alltaf að vera, fólk megi ekki gleyma því fallega og góða í lífinu þrátt fyrir ýmislegt sem bjáti á. Peysurnar séu einmitt í þeim anda, skærar og glaðlegar og hægt að versla uppskriftina af þeim fyrir að lágmarki 2.500 krónur.

Hún nefnir einnig að yfir tíðina hafi margir haft samband og viljað vera með í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi, hjálpað á einhverja vegu. Með það í huga vatt nytsemi prjónauppskriftarinnar enn frekar upp á sig, því ef fólk vill spreyta sig á prjónunum má selja afurðina.

„Það hafa einmitt komið fyrirspurnir þess efnis hvort megi ef til vill prjóna peysur og selja með það fyrir augum að ágóðinn renni til okkar,“ segir Linda. „Við tökum auðvitað vel í það og höfum verið að benda á Elley, verslun sem rekin er í sjálfboðastarfi, en allur ágóði hennar rennur beint til Kvennaathvarfsins. Þær þar voru búnir að sjá fyrir sér að hafa sérstakan bás bara með peysunum, hvort sem fólk vill prjóna og koma með til styrktar niður í Elley, eða einfaldlega kaupa sér eintak.

Við erum svo þakklátar fyrir þessa verslun og alla sem að henni koma. Ekki síst vegna þess að við höfum sjálf alltaf verið í vandræðum þegar kemur að því að taka á móti fötum, þó við viljum auðvitað hafa eitthvað til reiðu ef konur koma allslausar til okkar. Núna, í stað þess að þurfa að fara í gegnum yfirfulla poka, getum við einfaldlega farið niður í Elley og sótt það sem þarf. Hún er ótrúleg hún Sigríður Marta Harðardóttir, eigandinn, sem er með þetta algerlega á sínum forsendum, og líka allir þeir sjálfboðaliðar sem starfa þarna. Mögnuð hugmynd og þakklátt starf og ég hvet sem flesta til að líta við á Austurströnd 10 á Seltjarnarnesi þar sem Elley er staðsett,“ lýkur Linda máli sínu.

Fyrir þá sem hafa áhuga á að styrkja Kvennaathvarfið er bent á vefsíðuna www.kvennaathvarf.is eða, eins og segir í skilaboðum herferðarinnar, „Með hverri lykkju styrkir þú starfsemi Kvennaathvarfsins og sendir skilaboð um að engin kona eigi að standa ein.“



Lífrænt hreinsivirki!
NÚTÍMA ROTÞRÓ
- Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
- Yfir 90% hreinsun – hreinsigeta PIA vottuð
- 3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
- Engar siturlagnir – fyrirferðarlítil
- 10 ára reynsla á Íslandi
- Þýsk gæði – CE merkt
- Stærðir 2-600 persónueiningar
- Tankar fyrir háa vatnsstöðu

HVAMMSHÓLAR
SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Kvenna athvarf
Opið allan sólarhringinn, sími 561 1205. Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem búa við ofbeldi í nánu sambandi. Einnig er boðið upp á ráðgjafaviðtöl fyrir konur.

# Ást og fordómar

Hrifla | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is






Framtíðin á ferðinni heitir ný skáldsaga eftir Þórhildi Ólafsdóttur. Þetta er fjórða frumsamda bók Þórhildar en hún hefur einnig sinnt þýðingum, nú síðustu ár á franska nóbelshöfundinum Annie Ernaux. Framtíðin sem nefnd er í titlinum er bæði sögupersónanna en líka samtími okkar hér og nú og jafnvel það sem fram undan er. Bókin er ástarsaga en hún er líka öðrum þræði viðbragð við þeirri kynþáttahyggju sem hefur tekið að bera á í auknum mæli í bæði alþjóðlegri og íslenskri pólitík á undanförnum árum.

Sagan gerist í París, Reykjavík og litlu þorpi á Íslandi snemma á áttunda áratugnum. Íslensk stelpa, Lovísa, heldur til stórborgarinnar á sumarnámskeið í frönsku og kynnist þar ungum manni, Hüseyin, af sýrlensku bergi brotinn og þau fella hugi saman. Fljótlega verður þó ljóst að þótt ástin sé heit þá er veruleiki fordóma og landamæra, bæði eiginlegra og óeiginlegra, ískaldur. Unga parið stendur því frammi fyrir ýmsum erfiðum spurningum þegar þau velta fyrir sér áframhaldandi sambandi. Framtíð þeirra saman myndi reyna á þau með ýmsum hætti.

Hüseyin gerir sér grein fyrir þessu strax í upphafi sambandsins og gerir vandann og raunar hætturnar sem þau standa frammi fyrir að umræðuefni. Lovísa á hins vegar erfitt með að skilja hvað hann er að fara. Komandi frá þessari einangruðu eyju úti í Norður-Atlantshafi í byrjun áttunda áratugarins virðist hún ekki hafa komist í tæri við þá fordóma og hatur sem Hüseyin útlistar fyrir henni á ítarlegan og raunar fremur almennan hátt. Sakleysi hennar verður á köflum afhjúpandi fyrir það einsleita og fáfróða samfélag sem hún sprettur úr hér uppi á Íslandi. Andstæðurnar eru að minnsta kosti skýrt dregnar í sögunni, kannski of skýrt. Undiraldan í frásögninni verður fyrir vikið aldrei mikil.

Spennan í frásögninni myndast ekki síst í tíðum skiptum á milli sjónarhorna. Við sjáum hlutina stundum með augum Lovísu, sjaldnar með augum Hüseyins og svo er sagan að hluta til sögð í þriðju persónu. Þessi frásagnarháttur er viðeigandi í sögu um ólík sjónarhorn á heiminn, ólíkar raddir sem kallast á.

Bókin er áhugaverð glíma við stórt og mikið viðfangsefni sem lítt hefur verið fjallað um í íslenskum bókmenntum. Þórhildur fer vel með efnið en nálgast það stundum á fullvarfærnislegan og almennan hátt. Ástarsagan er límið í bókinni og drifkraftur hennar. Aðalpersónurnar tvær eru sömuleiðis sterkar og vel mótaðar. Sögustaðirnir gegna einnig lykilhlutverki í bókinni, einangruð eyjan í úthafinu og svo suðupottur stórborgarinnar í miðri Evrópu. Í henni eiga elskendurnir þó sína litlu eyju, eins konar griðastað ástarinnar sem þau eiga sín á milli.

Það er óhætt að mæla með lestri bókarinnar sem að lokum færir von um að allt muni á endanum fara vel.

ÞAK- OG HÚSAMÁLUN
Allt almennt viðhald fasteigna
Fagleg og vönduð viðbrögð
Málningarvinna
Múrvinna
Smíðavinna
Sími 777-2346
Email info@thakoghusamalun.is
Vefsíða www.thakoghusamalun.is
Hafðu samband fyrir frítt verðtilboð.

Færibanda-reimar

Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla
GÚMMÍSTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.
Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4766 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur









Berðu saman verðin
áður en þú festir kaup annars staðar.
Það á eftir að koma þér skemmtilega á óvart!
Fast Parts ehf.
Sími: 788 8893
Email: pantanir@fastparts.is
www.shop.fastparts.is
FAST PARTS

**Bændablaðið**
**kemur næst út þann 11. júní**

Minjar:

# Leyndardómar í landi Skálholts

Birna Lárusdóttir
birnalar@gmail.com





Rústir á Stekkatúni við Hvítá, Vörðufell í baksýn.

Skálholt er óumdeilanlega einn helsti sögustaður þjóðarinnar. Þar var biskupsstóll frá árinu 1056 og fram til loka 18. aldar þegar hann var fluttur til Reykjavíkur. Þar var sömuleiðis skólahald um aldir og mannfjöldi mikill eins og gríðarlegar mannvistarleifar heima á staðnum vitna um. Umtalsverðar fornleifarannsóknir hafa verið gerðar þar, annars vegar á kirkjustæðinu á vegum Skálholtsfélagsins og Þjóðminjasafns um það leyti sem endurreisn staðarins stóð sem hæst upp úr miðri 20. öld og hins vegar á árunum upp úr 2000 þegar grafnar voru upp leifar biskupshúsa og skóla frá 17.-18. öld sunnan við kirkjuna á vegum Fornleifastofnunar Íslands. Margir þekkja til þessara rannsókna – hafa t.d. heyrt um steinkistu Páls biskups sem var opnuð að viðstöddu fjölmenni í ágúst 1954 eða hafa virt fyrir sér rústir af híbýlum biskupa ásamt skólabyggingum sem eru uppgrafnar og aðgengilegar sunnan við kirkjuna.

En margt liggur ókannað í Skálholti og víðar en bara heima á hlaði. Í landi jarðarinnar eru víða sýnilegar minjar á yfirborði og sumar þeirra allfornar. Nokkurn spöl sunnan við bæjarstæðið eru til að mynda tvö alveg ókönnuð rústasvæði við Hvítá sem fáir hafa heyrt um og tengjast að öllum líkindum rekstri staðarins. Annað þeirra er á grónu klettabelti ofan við straumþungan ál í ánni, nokkrar fornlegar tóftir í þéttum hnapp og mjög sokkið garðlag í sveig umhverfis sem hverfur út í mýrina vestan við og hefur þar verið rist í sundur af framræsluskurðum á 20. öld. Engin örnefni eða sagnir eru til vitnis um þennan stað sem gæti hafa verið veiðistaður.



Kringlótt næla eða kinga frá 10. öld sem fannst í rofi við Hvítá. Kinga, safnnúmer 2015-8. Þjóðminjasafn Íslands. Birt með leyfi.

Hitt svæðið, svokallað Stekkatún, er rúmlega 600 m suðvestar, en það blasir reyndar líka við heiman frá Skálholti ef vel er að gáð, iðagrænt valllendi að sumarlagi. Þar eru margar rústir, sennilega misgamlar og hlaðið garðlag umhverfis. Þrjár þeirra eru á áberandi hólum en áin brýtur af syðsta hluta svæðisins og þar eru tvær rústir til viðbótar horfnar að hluta. Auk þessa er stórt, næstum ferhyrnt gerði vestan við svæðið sem gæti verið vísbending um einhvers konar ræktun. Örnefnið Stekkatún bendir til að stekkur hafi verið á staðnum, þ.e. rétt sem notuð var þegar lömb voru færð frá ám á vorin, en vel má vera að það tengist seinni tíma notkun, jafnvel eftir að biskupssetrið hafði verið aflagt. Þarna gæti fyrrum hafa verið lítið býli eða einhvers konar útstöð frá Skálholti, kannski tengd vetrarhirðingu sauðfjár sem hefur verið haldið til beitar sunnar, í Skálholtstungu.

Milli staðanna tveggja er fornt garðlag sem endar í rofi spottakorn frá ánni. Það hefur verið aldursgreint út frá afstöðu til gjóskulaga og er talið reist um 1200 – rétt um 150 árum eftir stofnun biskupsstólsins. Fyrir margt löngu – ég veit ekki nákvæmlega hvenær – var maður á skemmtigöngu á þessum slóðum og rakst á merkilegan grip úr bronsi í rofi við enda garðs við ána, sennilega á þessum stað. Gripurinn kom til Þjóðminjasafns árið 2015 og reyndist vera kinga eða næla frá 10. öld og er þar með elsti forngripur sem vitað er um úr Skálholti. Hugsanlegt er að nælan sé úr kumli, en það er algengasta fundarsamhengi sambærilegra gripa hér á landi. Þar með hefur mannvist í Skálholti á 10. öld verið staðfest enn frekar, en áður hafa frjókornarannsóknir sýnt fram á ræktun byggs á staðnum frá því um svipað leyti.

Það er vel þess virði að fá sér göngutúr um suðurhluta Skálholtsjarðarinnar, skoða ummerki fortíðar og velta fyrir sér ferðum manna í aldanna rás. Þar má fylgja stikaðri gönguleið – Þorláksleið sem er kennd við Þorlák helga.




## Vísnagáta

Efni gott í skæði og skó
í skolti heldur snúið
syndi út um alla sjó
ekki joði rúið.

Lausnin er eitt nafnorð með fjórar mismunandi merkingar. Lausnin verður birt á vef Bændablaðsins, www.bbl.is, mánudaginn 1. júní. Lausnarorð síðustu gátu var **bolla.**

**Umsjón: Guðbjörn Sigurmundsson
Gudbjorn.Sigurmundsson@mk.is**

Bændablaðið
www.bbl.is



## Af hvaða stað er myndin?

**Í loftmyndagetrauninni að þessu sinni eru lesendur beðnir um að bera kennsl á íslenskt sauðfjárbú sem er fornt höfuðból. Á bænum eru byggingar í vörslu Þjóðminjasafnsins. Sendið svör á netfangið myndagetraun@bondi.is. Dregið verður úr réttum svörum mánudaginn næstkomandi. Vinningshafi hlýtur að launum gjafabréf á veitingastað fyrir tvo í boði Loftmynda ehf. Rétt svar mun birtast á vef Bændablaðsins, bbl.is, mánudaginn 1. júní.**

Mynd / Loftmyndir ehf.

DIAMOND
LÍFRÆN SKÓLPHREINSISTÖÐ
Einföld, áreiðanleg og fyrirferðalítil
IÐNVER
Sími 517 2220 | www.idnver.is



ÁSCO
STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI




RAFGEYMAR OG RAFBÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.
ÁSCO
Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is
BÍLARAFMAGN

Sumarhús Fjölbrautaskóla Suðurnesja til sölu
FSRE



**Fjölbrautaskóli Suðurnesja óskar eftir tilboðum í tvö sumarhús sem byggð voru af nemendum skólans veturinn 2025–2026.**
Húsin eru vel smíðuð, einangruð og tilbúin til flutnings.
**Hús 1 – 56 m² með millilofti**
Rúmgott sumarhús, 56 m² að grunnfleti, auk millilofts sem reiknast um 9 m² en er um 22 m² að gólffleti. Húsið er fullklárað að utan, klætt með 32 mm bjálkaklæðningu og með alusink á þaki.
Að innan eru veggir og hluti lofta klædd með gipsi, en loft yfir stofu og risi eru panelklædd. Rafmagn er fullfrágengið með tilbúinni rafmagnstöflu.
Húsið er vel einangrað og allir gluggar eru með tvöföldu K-gleri.
Húsið selst án endanlegra gólfefna, innréttinga og innihurða.
**Hús 2 – 30 m² gestahús/sumarhús**
Minna sumarhús, 30 m², sem gæti hentað vel sem gestahús.
Það er fullklárað að utan, klætt með 32 mm bjálkaklæðningu og vel einangrað. Gluggar eru með tvöföldu K-gleri.
Að innan hefur verið gengið frá rakavarnalagi og lagnagrind, og raflagnavinna er hafin. Húsið selst í því ástandi sem lýst er.
**Sýning og flutningur**
Húsin eru tilbúin til flutnings. Kaupandi sér um að fjarlægja þau eigi síðar en 1. ágúst, eða samkvæmt samkomulagi við skólann.
Nánari upplýsingar er að finna á opinberum útboðsvef sem er sameiginlegur auglýsingavettvangur opinberra útboða eða utbodsvefur.is.
**Tilboð sendist á eignasala@fsre.is í síðasta lagi kl. 13, 10. júní 2026.**
Áskilinn er réttur til að hafna öllum tilboðum.
**Til sýnis í samráði við Gunnar Valdimarsson í síma 899 5163.**



Matarkrókurinn:

# Pulsupartí!



**Haraldur Jónasson**
haraldur@gmail.com

Ég er alinn upp í Kópavoginum og hef alla tíð sagt pulsa. Hef ekkert þar með ypsilonið viljað hafa. Hvorki í pulsu né partíi. Það er að segja þangað til mér vitrari maður að norðan sagði mér hans skilgreiningu á milli pylsu og pulsu. Sá sagði Pylsu vera pylsuna sjálfa og alls konar pylsur aðrar en pulsan, væri það heillin, þegar pylsan er komin í brauð. Ég kvitta upp á þetta en set enn þá í í partí. Pulsum okkur í gang!

Þegar kemur að grillpulsu er hún bæði ofnotuð og alls ekki látin njóta sannmælis. Tveir þættir, finnst mér, hafa komið óorði á grillpulsuna; barnaafmælispulsur og hvað pylsur eru flestar orðnar mikið drasl. Uppfullar af alls konar jukki og fylliefni. Sterkja, salt og sojabaunajukk eru allt of stór þáttur í framleiðslunni. Kjöt fyllir yfirleitt rétt rúmlega 60 prósent af innihaldinu.

Fyrir síðasta pulsupartí hérna heima voru keyptar tvenns konar pylsur; vínar og bradtwurst. Hvort tveggja innihélt af einhverjum ástæðum þrúgusykur? Sennilega til að jafna út gríðarlegt saltmagnið. Pylsurnar voru 65 og 80 prósent kjöt og miðað við vatnið sem lak úr, sérstaklega öðrum pakkanum, dugði bindiefnið ekki til að halda viðbættu vatninu inni í gervigörninni.

Það getur verið erfitt að brjótast úr vananum að kaupa alltaf sömu sjálfstæðu slöngurnar. En þær eru því miður alls engin gæðavara og því ærin ástæða til að leita uppi betri vöru og minnka innkaupin á uppfyllingarefni. Aðallega út af bragðinu en líka heilsunnar vegna. Pylsur eru sennilega eins unnar kjötvörur og þær verða.

Nóg um leiðindi, þetta á að vera partí!



**Léttsprungin bratwurstpulsa með heimalöguðu gróftsöxuðu remúlaði, borðuð utandyra seint í maí á sunnanverðu Kársnesi.** Mynd / Hari

### Pulsa með öllu nema öllu

Góð sjoppupylsa með öllu klassíska meðlætinu, ekki þið kokteilsósu-Norðlendingar, er frábær leið til að seðja sárasta hungrið en grilluð pylsa/pulsa með fersku léttsýrðu heimalöguðu remúlaði færir partíið upp um deild.

Remúlaði er ættað frá Frakklandi en kemur hingað á frón eins og flest annað frá Danmörku. Við erum því með bragðlaukana stillta inn á danskt remúlaði og það er fínt. En remúlaði er ekki heilög uppskrift. Það er mæjónes-sósa með ferskum og sýrðum jurtum og kryddi. Mitt remúlaði er í rauninni mæjónes-relish með hvítkáli. Svona gerum við það:

Saxa niður nokkur blöð af hvítkáli. Má vera milligróft saxað. Skemmtilegra að borða mat með smá áferð. Næst fer helmingi minna af góðum súrum gúrkum. Svipað stórt saxaðar. Og alveg eins og það eru til margar gerðir af pylsum eru til margar gerðir af sýrðum gúrkum. Veljum vel. Smá sýruvökvi af gúrkunum, matskeið eða tvær, fara út í. Næst eru nokkrar skífur af sýrðum jalapenjó. Smærra saxaðar en hitt. Þær fara í skálina ásamt smá af safanum, teskeið eða tvær. Þá dijon sinnep og tómatsósa. Ég nota ekki venjulega tómatsósu. Valstómatsósa var það, heillin. Eplajukkið er fullkomið hérna. Var þessi sósa annars ekki fundin upp í Kópavoginum? Síðast fer út í þetta smá salt og látið taka sig í minnsta kosti klukkutíma. Mæjónesið fer svo saman við rétt áður en sósan er borin fram. Hafi safnast mikill vökvi í botninum á skálinni er fínt að sigta hann að mestu frá áður en mæjóið fer út í.

Kapers er hið einkennandi bragð af hefðbundnu dönsku remúlaði. Ef draumurinn er að fá smá danskan fíling má saxa smá kapers út í jukkið. Annars má auðvitað leika sér með alls konar kryddjurtir og grænfóður.

### Grillað

Það er ekki sama aðferð notuð við að grilla á gasi eða kolum. Kolagrillgrindur eru þunnar því grillbragðið, reykurinn, kemur frá kolunum og grindurnar eru bara til þess að maturinn detti ekki á þau. Það er hins vegar ekkert bragð af gasi, alla vega ekki ákjósanlegt bragð og gasgrill þess vegna með þykkum grindum til að hálfsteikja hráefnið, þangað til safi eða próteinagnir byrja að leka niður í grillið. Þá myndast reykur sem hjálpar til við að fá grillbragðið.

Að grilla pylsu er bæði einfalt og flókið. Mistökin eru að elda við of háan hita. Á gasgrilli þarf að hita grillið vel og lækka svo hitann þegar pylsurnar fara út á en á kolagrilli þarf að passa að kolin séu ekki alltaf beint undir pylsunum. Hitastjórnun skiptir öllu máli. Muna að pylsurnar eru vonandi fullar af kjöti, fitu og einhvers konar vökva. Fitan þarf að fá tíma til að bráðna áður en vökvinn sprengir pylsuna og allt fer til fjandans. En það er ekki þar með sagt að pylsan eigi ekki að springa. Það er beinlínis ákjósanlegat og í rauninni skylda. Hún má bara ekki springa of snemma.

Stökk léttsprungin pylsugörn, sérstaklega náttúruleg görn, er stórkostleg leið til að fá sumar í sálina.

### Remúlaði-relish á fimm pulsur eða sem meðlæti með þremur pylsum ...

- 2 dl saxað hvítkál
- 1 dl saxaðar súrar gúrkur
- 2 msk. safi af súrum gúrkum
- 2 msk. djon sinnep
- 2 msk. mæjónes
- 1 msk. smátt saxað sýrt jalapenjó
- 1 msk. Vals-tómatsósa
- 2 tsk. safi af sýrðu jalapenjó
- ½ tsk. salt

## KROSSGÁTA




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

# HUGARÍÞRÓTTIR

## Vinningsleið í vondri legu

Þeir voru nokkuð niðurlútir sumir AV-spilararnir sem fóru niður á 6 gröndum í spili 17 í 6. umferð. 33 hápunktar og fimmlitur! Nokkrir þóttust óheppnir og nefndu að laufkóngurinn hefði ekki legið fyrir svíningu, hjartað brotnaði ekki 3-3 og lífliturinn tígull, hefði brotnað 4-1. Allt rétt. En samt var leið.



Björn Þorláksson.

Norður gefur, enginn á hættu.

Sagnir voru stuttar og laggóðar við borð umsjónarmanns. Austur opnaði á 14-16 punkta grandi og vetur meldaði sex grönd.

| | | |
|---|---|---|
| | **Norður**<br>♠ J<br>♥ J753<br>♦ J754<br>♣ J862 | |
| **Vestur**<br>♠ A8<br>♥ K98<br>♦ AKQ82<br>♣ Q94 | | **Austur**<br>♠ KQ54<br>♥ AQ42<br>♦ 1063<br>♣ A7 |
| | **Suður**<br>♠ 1097632<br>♥ 106<br>♦ 9<br>♣ K1053 | |



**Gaman var að sjá að allir landsliðsmenn Íslands í opnum flokki og fjölmargir aðrir ofursterkir spilarar tóku þátt í Kjördæmamótinu á Flúðum á dögunum. Hér eigast þeir Hermann Friðriksson, Magnús E. Magnússon, Rúnar Einarsson og Sigurbjörn Haraldsson við.** Mynd / BÞ

Út kom spaðatía, sem sagnhafi drap á ás í blindum og sá gosann birtast. Sagnhafi tók tvo efstu í tígli, sá leguna, spilaði litlum tígli, norður drap á gosa og skipti yfir í lítið lauf. Sagnhafi drap á ás og suður setti lítið sem gat verið kall. Nú tók sagnhafi alla tíglana, svo spaðana og þegar hjartað lá eins og það lá, fór spilið einn niður.

Í samanburðinum voru spámenn snöggir að benda austri á að ef sagnhafi tímasetur spil sitt með öðrum hætti en hann gerði og tekur hjörtun áður en hann spilar tíglum til enda lendir suður í kastþröng í svörtu litunum.

**Sumarbridds farið af stað**

Spilað verður í Síðumúlanum, höfuðstöðvum Bridgesambands Íslands, alla mánudaga og miðvikudaga í sumar og eru nýir spilarar ekki síst hvattir til að mæta. Vel er tekið á móti nýliðum og spilurum sem ekki búa yfir mikilli þátttöku. Jafnvel er möguleiki á að redda makker ef fólk mætir stakt, gott væri að láta vita af því með fyrirvara, t.d. á Bridgespjallinu.

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*

## Hilmir Íslandsmeistari í skák

Hilmir Freyr Heimisson varð á dögunum Íslandsmeistari í skák í fyrsta sinn. Hilmir er vel að sigrinum kominn. Hann er tveimur árum yngri en greinarhöfundur og það hefur verið gaman, en stundum erfitt, að fylgjast með skákferli hans. Stuttur ferillinn hefur einkennst af miklum sveiflum. En á sama tíma og sveiflurnar geta verið langt niður, þá geta þær líka verið upp í hæstu hæðir. Í landsliðsflokki tefldu tíu skákmenn við hver annan og náði Hilmir heilum átta vinningum úr skákunum níu. Þetta hefði undir venjulegum kringumstæðum dugað fyrir stórmeistaraáfanga, en því miður voru meðalstig andstæðinga of lág. Það dugði ekki fráfarandi Íslandsmeistara, Vigni Vatnari Stefánssyni, að fá 7½ vinning sem undirstrikar hve góður árangur Hilmis var. Vignir var sá eini sem vann Hilmi, en gerði hins vegar þrjú jafntefli. Stórmeistarinn og þrettánfaldi Íslandsmeistarinn Hannes Hlífar Stefánsson fékk 3. sætið með 6½ vinning.



Gauti Páll Jónsson.

Teflt var við frábærar aðstæður í nýjum sal í íþróttahúsinu Miðgarði í Garðabæ. Þar er einnig Taflfélag Garðabæjar til húsa. Salurinn var prufukeyrður í vor þegar Kragamótið í skólaskák var haldið, og þá kom í ljós að hljóðvist var frábær. Í hliðarsal bak við gler hefði verið hægt að öskra, og skákmenn fyndu ekkert fyrir því! Eldhúskrókur, sjónvarp og sófi í horninu þar sem gestir gátu fylgst með skákunum beint, allt til alls.

Greinarhöfundur er ánægður með Skákþing Íslands en sá fyrir sér enn stærri skákhátíð, í sal sem þessum. Áhugasamir geta kynnt sér hugmynd um nýjan meistaraflokk, sem færi fram helst samhliða landsliðsflokki að ári, fái tillagan brautargengi á aðalfundi Skáksambandsins. Það á allt eftir að koma í ljós, og áhugasamir geta kynnt sér málið og aðrar tillögur, á skák.is! Á sunnudaginn hefst áskorendaflokkur Skákþings Íslands, en tvö efstu sætin úr mótinu gefa rétt til þátttöku í landsliðsflokki að ári.



**Hilmir Freyr Heimisson, Íslandsmeistari í skák 2026.** Mynd / Tómas Tandri.

Mótið verður haldið í Taflfélagi Reykjavíkur og teflt verður dag eftir dag í heila viku, og hefjast skákirnar á virkum dögum klukkan 18:30. Búast má við Gevalia kaffi ásamt g-mjólk, og hvítum dúkum á borðum. Það er virðingarvert að komast í sjálfan landsliðsflokk, og ég hvet skákmenn til að láta á það reyna, miði er möguleiki!

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

*Umsjón: Gauti Páll Jónsson*
*gauti.pj@hotmail.com*



Erfinginn:

## Birkir Þór

**Nafn:** Birkir Þór Andrason.

**Aldur:** 7 ára í júní.

**Stjörnumerki:** Tvíburi.

**Búseta:** Við búum í Flögu í Skriðdal.

**Skemmtilegast í skólanum:** Útinám og frjáls leikur.

**Áhugamál:** Ég elska að vera úti að leika mér, og fara í sund.

**Uppáhaldsdýrið:** Kindur.

**Uppáhaldslitur:** Blár.

**Uppáhaldsmatur:** Grjónagrautur með lifrarpylsu.




**Uppáhaldslag:** Allt með Magga Mix.

**Uppáhaldsmynd:** Minecraft.

**Fyrsta minningin:** Þegar við fluttum í Flögu.

**Hvað ertu ánægður með í fari þínu:** Ég er hjálpsamur.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Ferðalagið til Noregs síðasta sumar.

**Hver er fyndnastur sem þú þekkir:** Kalkúnarnir mínir.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Bóndi í Flögu með kindur og naut.

**Áttu þér einhverja fyrirmynd?** Já, Rúnar Örn, bróður minn.

**Viltu taka þátt? Hafðu samband.**
**sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 7 | 5 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 8 | | 4 | | 5 | 2 |
| 6 | 4 | 5 | | | | | 7 | 9 |
| 7 | | | | 4 | 1 | | | 5 |
| 8 | 9 | 1 | | | | | 6 | |
| | | | 2 | | | 3 | | 7 |
| | | | 1 | 2 | | 7 | 4 | |
| 3 | 7 | | | | | 6 | 9 | |
| 1 | 6 | | | 7 | 3 | | | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | | | |
| 1 | | | | | 6 | 5 | | |
| 5 | | | 8 | | 2 | 4 | | 9 |
| | 2 | | 7 | | | 8 | 3 | |
| | | 3 | | 4 | | 2 | | 5 |
| | | 4 | | | | | | 7 |
| | | | | | | | | 2 |
| 6 | | | | | | 7 | | |
| | | 1 | 9 | | | | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | | | 4 | |
| | 9 | 2 | | | | 7 | 5 | |
| 4 | | | | | 9 | 2 | 6 | |
| 8 | 6 | | 3 | | | | 9 | 4 |
| | | | | | | | | |
| | | | | 6 | 4 | | | |
| | 7 | | | 4 | | | | |
| | 2 | 3 | 8 | | | | | 1 |
| | | 8 | | 1 | | | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | | | | | 2 |
| 8 | | | | | | 1 | | |
| | | | | | 3 | | 6 | 9 |
| 3 | | | | 2 | 5 | | 4 | 1 |
| | 8 | | | | 4 | | | |
| | | 5 | | | | | | 8 |
| 1 | 5 | | 7 | | | 4 | | |
| | 6 | | | 8 | | | | |
| | | 7 | | 3 | | | | |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** finnur hvernig skapandi hugmyndir hans fá nú loksins byr undir báða vængi og mun koma fólkinu í kringum sig á óvart með frumlegum lausnum. Frelsi og sjálfstæði eru vatnsberanum mikilvæg núna og hann ætti að taka frá tíma fyrir sjálfan sig til að rannsaka hvers vegna. Happatölur 4, 17, 99.

**Fiskurinn** veit að senn hefst nýtt tímabil þar sem hann mun blómstra bæði listrænt og tilfinningalega. Ef hann leyfir innsæinu að leiða sig í réttar áttir munu óvænt tækifæri til framgangs skjóta upp kollinum sem á að grípa hið snarasta. Á alla vegu ætti fiskurinn að leyfa draumum sínum að rætast og taka fagnandi á móti því sem honum berst. Happatölur 4, 19, 42.

**Hrúturinn** upplifir orku sína sem er í hámarki um þessar mundir og honum að óvörum er hann tilbúinn að takast á við stórar áskoranir. Varkárni þarf þó að sýna í fjármálum og ætti hrúturinn að forðast hvatvísar ákvarðanir. Hrútur - stígðu út fyrir þægindahringinn, sýndu þitt rétta andlit og opnaðu hjarta þitt. Happatölur 7, 23, 55.

**Nautið** mun upplifa mikinn stöðugleika og ró á næstunni. Jafnvel enn meir en áður því grunnurinn sem það hefur byggt upp gefur af sér góða hluti. Það ætti að gefa sér tíma til að sinna áhugamálum og njóta náttúrunnar, bara í öllu falli sjá um að heilsa og vellíðan verði í fyrirrúmi. Happatölur 11, 34, 69.

**Tvíburarnir** finna lífið ólga í sér og verða fjörugt og spennandi gegnum grámóskulega daga maímánaðar, því tvíburarnir eru oft alveg á skjön við alla aðra. Á góðan hátt auðvitað. Einstakir samskiptahæfileikar þeirra opna nýjar dyr, aðallega í vinnunni þar sem þeir eru tilbúnir til að læra eitthvað nýtt og þeim ráðlagt að nýta þessa miklu orku til að skapa sér betri framtíðar. Happatölur 5, 27, 88.

**Krabbinn** leyfir tilfinningum sínum að fá góða útrás og nær með því dýpri tengslum við sína nánustu. Hlutir sem hafa valdið kvíða munu leysast farsællega og ætti krabbinn að leita inn á við og hlusta á innsæi sitt þegar kemur að stórum ákvörðunum í lífinu. Happatölur 2, 14, 50.

**Ljónið** stendur á tímamótum þar sem athyglin mun beinast að því á jákvæðan hátt, þá að andlegri heilsu í stað yfirborðslegrar aðdáunar. Metnaður ljónsins með sjálft sig skilar sér í auknu jafnvægi hið innra, og þó það viti að það sé að standa sig ofsalega vel má það þó passa að gleyma ekki auðmýktinni, einni gylltustu dyggðinni. Happatölur 1, 18, 77.

**Meyjan** finnur hvernig spennandi og dularfullur andi svífur yfir vötnum og hún laðast að nýjum og spennandi hlutum. Þetta er tími persónulegs þroska og innri styrks þar sem nauðsynlegt er að leyfa gömlum vönum að fjara út og faðma að sér nýja sýn á lífið. Happatölur 8, 31, 91.

**Vogin** sér fyrir sér og veit að skipulag og yfirvegun verða lykillinn að velgengni á þessu tímabili. Hún mun finna lausnir á gömlum vandamálum sem hafa plagað hana og ef hún gefur sér nægan tíma til að hvílast og endurhlaða batteríin eru henni allir vegir færir. Góðar fréttir eru í vændum. Happatölur 9, 36, 61.

**Sporðdrekinn** upplifir skyndilegt jafnvægi á því sem hefur verið að plaga hann og mun leysa úr flóknum málum með sanngirni. Félagslíf hans blómstrar í kjölfarið og í kortunum eru fjölmargir nýir félagar. Ekki nóg með það en einnig eru fjármálin á uppleið og ekki úr vegi að leyfa sér smá dekur. Happatölur 6, 22, 45.

**Bogmaðurinn** gæti staðið frammi fyrir spennandi breytingum, ekki síst þegar bjartsýni hans smitar út frá sér og laðar að góða hluti. Hann þarf að gæta þess að fara ekki offari og hafa einhvern hjá sér sem getur togað hann niður á jörðina ef allt ætlar um koll að keyra. Traustur vinur getur gert kraftaverk. Happatölur 3, 29, 64.

**Steingeitin** uppsker laun hins þrautseiga en líkt og þrjóskudýrið sjálft í merkinu, hvikar hún ekki frá upphaflegri áætlun sinni þótt fari yfir stokka og steina til þess. Fjölskyldulíf verður í fyrirrúmi og steingeitin mun skapa hlýlega stemningu í kringum sig. Happatölur 10, 25, 80.


Kögur gerir allt skemmtilegra.


Langar festar og lág mitti ráða hér ríkjum.


Sjálf Coco Chanel, uppstríluð með félaga sínum sem ber afar efnislitlar sundbuxum.


Oxfordbuxurnar í allri sinni dýrð, en þær þóttu ofursmartar á bæði konur og karla.

## Tíska:

# Aldagömul tíska?

**Langar perlufestar, lágt mitti og víðar buxur einkenna nútímasamfélag um þessar mundir en svo skemmtilega vill til að svo var einnig ... árið 1926.**

Þegar litið er til baka, heila öld aftur í tímann, sjáum við heimsmynd í örri umbreytingu þar sem tíska og samfélagið í heild sinni héldust í hendur. Þetta var hápunktur hinna „roaring twenties“ þar sem frelsi, djass og ný tækni mótuðu hvernig fólk klæddi sig og tjáði. Fyrir hundrað árum átti sér nefnilega stað bylting, ekki síst í fatnaði sem hafði ótrúlega mikil áhrif á heimsmynd manneskjunnar sem slíkrar.


Dæmi um lágt mitti sumarkjólanna nú 2026 sem minna óneitanlega á tísku kjólanna hundrað árum áður. Frá vinstri eru kjólar hönnuðanna JW Anderson, Balenciaga og Simone Rocha.

Mesta breytingin á þessum tíma má segja að sneri að fatnaði kvenna en árið nítján hundruð tuttugu og sex náði hinn svokallaði drengjalegi stíll hæstu hæðum. Fyrir utan stutthærðar stúlkur einkenndist stíllinn af beinum og víðum pilsum og kjólum þar sem mittislínan var færð niður á mjaðmir og dró úr náttúrulegum línum kvenlíkamans.



Lága mittið á pilsum breytti þannig öllu sjónrænu jafnvægi kvenfatnaðar, því frá mjöðmunum féll efnið beint niður, og skapaði þennan ókvenlega stíl, ef svo má segja … sem einkenndi tímabilið. Til viðbótar ruku pilsfaldarnir upp að hnjám sem þótti gríðarlega djarft á þeim tíma og undirstrikaði lága mittið og þetta kassalaga form enn frekar. Þessi hönnun snerist þó fyrst og fremst um að gefa konum frelsi til að dansa, stunda íþróttir og taka þátt í lífinu af fullum krafti.

Fylgihlutir spiluðu risastórt hlutverk á þessum tíma og voru notaðir til að gefa einföldum kjólum persónulegan blæ. Þröngir hattar, sem voru á höfði nánast hverrar einustu konu, pössuðu fullkomlega við stutta hárið sem þá var hæstmóðins. Langar perlufestar, fjaðrir og kögur voru áberandi, sérstaklega þegar stefnt var á dansgólfið. Þær sem voru allra mest móðins voru kallaðar flapperstúlkur, þá kögurskreyttar, stutthærðar, prýddar löngum hálsfestum og helst reykjandi Chesterfield-sígarettur í löngum munnstykkjum þó þær allra hörðustu hafi líklega reykt filterslausan Camel.

Þegar kemur að fylgihlutum í dag ber helst á löngum perlufestum, en smörtustu konur bæjarins skarta slíkri fegurð - helst frá Chanel og þó bæði fjaðraskraut og sígarettur séu á undanhaldi laumast margar þær perluskreyttu til að reykja að minnsta kosti eina mentolrettu í laumi.

Kögrið, eins og komið hefur fram í pistlum Bændablaðsins, er einnig á uppleið og ef vel er að gáð er sumartískan í hárgreiðslu þetta árið með stysta móti.


Tíska ungmenna í dag er oft og tíðum svo að segja kynlaus sbr. parið í bakgrunni.

En yfir höfuð, ef skoðuð eru líkindin við nútímann má sjá að margar af þeim hugmyndum sem við teljum nýstárlegar í dag eiga rætur sínar að rekja til þessa tíma. Fyrir utan ofantalið var kynhlutlaus tíska og fatnaður sem fer yfir hefðbundin kynjamörk mjög áberandi, þar sem konur fóru að ganga í buxum – og fötum innblásnum af herrafatnaði. Í dag sjáum við sömu þróun þar sem víð föt og þægindi eru allsráðandi á götum úti og kynjaskipting í tísku fer óðum minnkandi. Einnig má sjá ákveðna hringrás í tískunni því mörg stóru tískuhúsin hafa á undanförnum misserum endurvakið lága mittið á pilsum og kjólum ásamt beinum skurðum sem minna óneitanlega á hönnunina frá 1926.

Að lokum má segja að árið nítján hundruð tuttugu og sex hafi verið tímapunkturinn þar sem nútímatíska varð til. Sú áhersla sem lögð var á sjálfstæði, frelsi einstaklingsins og hagnýtni endurspeglast sterkt í okkar eigin menningu í dag. Við höfum tekið þessi gildi og þróað þau áfram en grunnurinn var lagður af þessari hugrökku kynslóð sem þorði að kasta gömlum gildum á haugana og klæða sig fyrir framtíðina.

Herratískan, þarna fyrir 100 árum, fól nefnilega líka í sér breytingu aukinna þæginda þótt þeir hafi haldið sig meira við hefðbundinn klæðaburð en konurnar. Víðar buxur sem kenndar voru við Oxfordháskóla urðu gífurlega vinsælar, einstaklega víðar að neðan og gáfu viðkomandi afslappað og nær kærulaust útlit ef svo má segja. Þessi þróun í átt að frjálslegri klæðaburði karla lagði grunninn að þeirri götustílstísku sem við þekkjum vel í nútímasamfélagi – og þó sú tíska fari nú fyrir ofan garð og neðan ríkir hún þó. /sp


Annað dæmi um líkindi frá árum áður, en stúlkur voru gjarnan í kjólum með miklu kögri sem sveiflaðist skemmtilega í næturlífinu. Hönnuðir sumarkögurskjólanna eru fv. Christian Siriano, Bottega Veneta og Alexander McQueen.

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 3.200 m/vsk (innan við 140 slög) og kr. 7.500 m/vsk. - texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.


www.velaval.is - Alltaf opið

VÉLAVAL

- Sendum um land allt -




GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.

VÍR OG LYKKJUR EHF

772-3200

**Jesús sagði:**
„Allt sem þér gerðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gert mér."
Matt. 25.40

biblian.is




## Hársnyrtistofan Topphár
**Dverghöfða 27, 110 Reykjavík**

**Bændur og búalið og allir hinir hjartanlega velkomin**

**Opið 8-17 virkar daga og 10-16 á laugardögum**

**Engar tímapantanir bara mæta!**

## Heitir Pottar



**Sex manna heitir pottar með einn legubekk og fimm sætum.**

**Fjöldi vatns- og loft nuddstúta. Ljós inni í pottum og að utan og með wifi tengingu. Lok, trappa og sía fylgir.**

**Verð kr. 850.000**

**GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550**



Sóló eldavél til sölu. Tilboð óskast. Allar nánari upplýsingar í s. 867-1750.




Hagyrðingakvöld í Klúbbi Listahátíðar í Reykjavík 5. júní 20:00! Í Iðnó munu yrkja nokk úrvals hagyrðingar, og tríó Zimsen stíg'á stokk, stemmur flytja slyngar. Stjórnandi er Pétur Blöndal og fram koma Friðrik Steingrímsson, séra Hjálmar Jónsson, Jón Jens Kristjánsson, Sigrún Haraldsdóttir & Þórdís Sigurbjörnsdóttir. Frítt inn!




Steinullarbíllinn. Blásum steinull í loft, hólf og gólf. Blástur þýðir minni kuldabrú. Minnkaðu hitatap, lækkaðu kyndikostnaðinn. Blásum í ný og einnig gömul hús, förum um allt land, erum við í s. 577-4444.



Infrarauður klefi, 150x120x200 sm. (BxDxH)
Er með halogenljósum, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu, m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði.
Viður er þöll (hemlock).
Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu.
Orkunotkun er 2.100w.
**Verð aðeins kr. 260.000**

**GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550**



Ástjörn, sumarbúðir fyrir 6-12 ára og 13-15 ára. Strákar og stelpur í öllum flokkum. Verð rúmlega kr. 11.000 pr. /sólarhring. Systkinaafsláttur. Ástjörn er nálægt Ásbyrgi og Hljóðaklettum á Norðausturlandi. Bátar og leiksvæði. Upplýsingar í s. 462-3980 - astjorn.is - facebook, instagram, youtube.

HÚSKUBBAR
íslenzk hönnun - íslenzk framleiðsla

Sökkulkerfi undir allar tegundir húsa. Stuttur afhendingartími. Íslensk framleiðsla. Einfalt, fljótlegt og ódýrt. Heyrðu í okkur og saman finnum við bestu lausnina fyrir þig. Polynorth@polynorth.is



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 10 x 15. Verð frá kr. 31.900 til 36.300 +vsk. Lamasett kr. 4.400 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.

## Lok á heita potta



**Fjórar stærðir af lokum á lager, m/rúnuðum hornum, 10 cm svuntu, fjórum festingum, og þrem styrktarbitum. Þykkt 12 cm. Verð kr. 85.000 Til í tveim litum.**



**GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550**



Básamottur. Drenmottur. Gúmmíhellur. Plastgirðingarstaurar. Plast prófílar í fjárhús, fjós og hesthús. Jarðvegsgrindur fyrir plön, gerði og garða. Gervigras. Útileiktæki og heildarlausnir. jh@johannhelgi.is S. 565-1048.






Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.

## Bændablaðið kemur næst 11. júní

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

**Nýtt heimilisfang Desjamýri 14**

AL-KO QUALITY FOR LIFE

UNSINN

Schmidt FAHRZEUGBAU



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3, 4 og 5 hesta.

BRIMCO

DESJAMÝRI 14 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



**John Deere 6115M.**
Árgerð 2014. Notkun 5.900 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 7.900.000+vsk.



**Valtra N114 E.**
Árgerð 2022.
Notkun 2410 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 10.500.000 +vsk.



**JCB 145W.**
Árgerð 2016. Notkun 12.900 klst.
1.600mm skófla fylgir.
Verð kr. 7.500.000+vsk.



**Claas Arion 460.**
Árgerð 2015. Notkun 7.500 klst.
Ámoksturstæki og skófla. Nýsmurð.
Verð kr. 7.600.000 +vsk.



**JCB 536-60.**
Árgerð 2018. Notkun 5.800 klst.
Skófla og gafflar fylgja.
Verð kr. 7.200.000+vsk.



**Manitou MLT 625-75H.**
Árgerð 2021. Notkun 5.500 klst.
Snúningsgafflar.
Verð 6.700.000 +vsk



**JCB 538-60AGS.**
Árgerð 2020. Notkun 2.600 vst.
Gafflar og skófla.
Verð kr. 8.900.000- án/vsk.

VÉLFANG

**www.velfang.is**
**velfang@velfang.is**
**Gylfaflöt 32, Reykjavík**
**Óseyri 8, Akureyri**
**Sími: 580-8200**





# VERKVAL EHF.

**Bjóðum upp á eftirtalda þjónustu:**

- Holræsahreinsun/lagnahreinsun
- Rotþróarhreinsun
- Götu- og gangstéttasópun
- Lagnamyndun
- Stíflulosun

**Hægt er að hafa samband við Verkval ehf.**
**í síma: 892-3762**
**eða senda póst á netfangið: verkval@verkval.is**



Solis smágrafa með húsi og bachoe. Tvær skóflur, ekin 18 t. Verð kr. 4.520.000 +vsk. Verð kr. 5.600.000 m/vsk. Upplýsingar í s. 772-7872 eða 892-1524.



8 manna útiborð frá Landstólpa! Borðin eru úr stáli og políhúðuð. Frábært fyrir garðinn, pallinn eða útisvæðið. Hafa samband í s. 480-5600 eða netfangið landstolpi@landstolpi.is




Kubota 2018 26 hestöfl. Vel með farinn. Verð kr. 2.000.000 +vsk. Er líka með nýjar kerrur frá Variant. Upplýsingar í s. 892-9247 eða joneidur@gmail.com



JCB JS145 M.Rótortilt. 15 tonna hjólagrafa, árgerð 2017. Notkun aðeins 5.766 klst. Vélin er með Steelwrist rótortilt með klemmu. Vélinni fylgja þrjár mismunandi stærðir af skóflu. Ásett verð kr. 12.900.000 +vsk. Tilboðsverð kr. 10.000.000 +vsk. Uppl. í s. 698-6926.892-



Vandaðir þurrgallar, björgunarvesti, kajakar, útilegubúnaður, vasaljós o.fl. Viðgerðir á þurrgöllum.Villimadur.com



Til sölu vökvayfirtengi CAT3 minnsta lengd 71 cm boltastærð í traktor 28 eða 25 mm. Verð kr. 110.000 m/vsk. CAT2 minnsta lengd 57 cm boltastærð í traktor 28 eða 25 mm. Verð kr. 74.000 m/vsk. CAT 2 minnsta lengd 71 cm boltastærð í traktor 28 eða 25 mm. Verð kr. 74.000 m/vsk. Upplýsingar hjá Jóni í s. 893-9610.



Rollsinn í hestakerrum. SIRIUS 6 hesta kerra með rúmgóðri hnakkageymslu. Verð kr. 4.800.000 +vsk. Vallarbraut. is. S. 454-0050.



Til sölu Volvo L45G-Árg 2015. Vinnustundir - 15.500. Þyngd - 9.700. Hraðtengi og gafflar. Verð kr. 4.800.000 +vsk. Nánari upplýsingar steypa@mva.is eða í s. 850-9500.



Deutz Fahr mp 135, árgerð 2006, hefur alltaf verið geymd inni og fengið gott viðhald. Óskað eftir tilboði, nánari upplýsingar í s. 856-4820.



Scania R-440 árgerð 2010 (fastanr. PKU-32.) Með letingja. Vélarvana. Verð kr. 750.000 +vsk. Hrafnkell Óðinsson, s. 894-6140.



Til sölu Mercedes Benz C 180 D, dísil, ekinn 140.000 km. Árgerð 2019, sjálfskiptur. Verð kr. 3.990.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.

# Vélaskólinn

**Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu**



www.velaskolinn.is



Gróðurhús fyrir matjurtarækt, liggjandi yfir beði eða standandi. Dúkurinn er úr ljósgrænu pe. plasti með styrkingarþræði og sterkum rennilásum. Eigum einnig mjög falleg fuglahús til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Krone comprima árgerð 2015. Notkun um 13.000 rúllur. Stillanleg rúllustærð, söxun,myndavél á pökkun, flotmikil dekk. vélin alltaf geymd inni. Verð kr. 4.900.000 +vsk. S. 894-0218 Atli.



Eigum galv. ávinnsluherfi á lager. 8 m verð kr. 660.000 +vsk. 6m verð kr. 498.000 +vsk. 4m verð kr. 350 -480.000 +vsk. Vallarbraut.is. S. 454-0050.



Vatnabátur og bátakerra. TERHAI 385, ca 4 m langur, bátakerra, tveir mótorar og árar. S. 868-7820. gabbo@simnet.is



Yfir hundrað sortir af sláttuvélum fyrir dráttarvélar og fjórhjól. Þessi hér er fyrir fjórhjól. Nýtt blað á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager-230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Til sölu pakkningasett í 4 sílendra dísil Ferguson 35 Standard 23c. Upplýsingar hjá Jóni í s. 893-9610.

PUNKTAR
OG
HNIT
RÁÐGJÖF

Hnitset lóðir og jarðir, útbý merkjalýsingu og sé um allt skráningarferlið. Vinnusvæði er Suðurland, Vesturland eða hvert á land sem er. S. 693-7992, punktaroghnit.is, adam@punktaroghnit.com



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is




Óska eftir Jet ski (sæþotum). Gömlum standandi og sitjandi, skoða allt. Endilega heyrið í mér ef þið eruð með eða vitið um einhver sem liggja gleymd í geymslum. Ástand skiptir ekki máli. S. 844-1453, Eysteinn.



Ódýrt 25 fermetra sumarhús til sölu í landi Stóra Áss í Borgarfirði. Hitaveita, pottur, 60 fermetra pallur. Verð kr. 14.900.000. Fyrir frekari upplýsingar, sendið póst á netfangið: lms1567@gmail.com



Kubota G21 high dump sláttutraktor 2008 árgerð. Notaður í 1.800 klst. Einn eigandi frá upphafi og vel við haldið. Alvöru græja sem lyftir safnaranum og losar grasið með einu handtaki. Verð kr. 1.350.000. Upplýsingar í s. 698 9334 og baddijo@simnet.is

Múlaþing

# Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045

**Sveitarstjórn Múlaþings samþykkti 15. apríl 2026 að auglýsa tillögu nýs Aðalskipulags Múlaþings 2025-2045 í samræmi við 31. gr. skipulagslaga.**

Um er að ræða fyrsta heildstæða aðalskipulag Múlaþings þar sem sett er fram stefna um landnotkun og framtíðarsýn sveitarfélagsins sem ætlað er að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar, meðal annars með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

Tillagan er aðgengileg í gegnum vef Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir málsnúmerinu 453/2026.

Óskað er eftir að umsagnir og ábendingar berist fyrir **13. júlí 2026** á rafrænan hátt í gegnum Skipulagsgátt. Hægt er að óska eftir nánari leiðbeiningum á netfanginu skipulagsfulltrui@mulathing.is

*Umsagnir um skipulagsmál teljast til opinberra gagna. Vakin er athygli á því að nöfn og umsagnir koma fram í fundargerðum sveitarfélagsins og eru aðgengileg opinberlega á Skipulagsgáttinni.*

Skipulagsfulltrúi Múlaþings

Sveitarfélagið Múlaþing | Lyngási 12, 700 Egilsstöðum | Sími: 4 700 700 | mulathing@mulathing.is



Óska eftir gröfu frá 1–3 tonnum. Gömul eða biluð vél kemur vel til greina. Helst viðgerðarverkefni fyrir rétt verð. Skoða um allt land. S. 845-6292 Bjarki.



Dísilhitarar til ísetningar með öllum aukahlutum. 5kw 12 0g 24 volt. Öll þjómusta. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Vindrafstöð 600w 12 eða 24v Verð kr.59.900.- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Fisléttu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 11.900 til 13.900 +vsk. S.669-1336 og 899-1776. Aurasel.



Til sölu KGM Torres EVX Ultimate, rafmagn, árgerð 2024, sjálfskiptur, ekinn 9.000 km. Verð kr. 5.990.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Þriggja metra breiður Jykeva H30 veghefill / flaghefill með tveimur vökvatjökkum, stuðningshjólum og endaplötum. Þyngd 1,1 tonn. Verð kr. 1.100.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130



Renault Midlum 2006 dísil með tvöföldu húsi (6 manna). Ekinn aðeins 40.000 km. Beinskiptur 8 gíra (tvöfaldur kassi). Einn eigandi í 20 ár. Eins og nýr að innan og vel með farinn bíll. Lipur, nýskoðaður og til margra hluta nytsamlegur. Verð kr. 2.590.000. Upplýsingar í s. 698-9334 og baddijo@simnet.is



Kane sturtuvagn. Heildarþ. 15,5 t. Burðargeta 12.75 t. Verðtilboð kr. 2.650.000 +vsk. Vallarbraut.is. S. 454-0050.




Stauraborar fyrir borvélar, SDS Max, SDS + og Hexagonal. Stærðir frá 40mm. upp í 300 mm. Massífur öxull. Borarnir passa einnig á margar gerðir af vélknúnum staurabourum. Steinborar: 40 mm x 1000 mm. Brotskóflur í SDS Max og Hexagonal. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is Heimasíða: www.hak.is



Brettagafflar 2,5 tonna burðargeta. Ásoðnar Eurofestingar. Með handfærslu. Kr. 160.000 +vsk. Með glussafærslu Kr. 225.000 +vsk. H.Hauksson ehf. S. 588-1130.



Galvaniseruð innan- og utanhússtálklæðning með 15 mm urathane einangrun. CE vottað. Áratuga ending. 3 litir. Verð kr. 2.990 kr. fm. Upplýsingar í s. 699-3327.



Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjakka. Fyrir lyftara: L 100 cm og 150 cm x B 42 cm par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakka: L 100 cm og 150 cm. x B 70 cm. 1 stk. Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is




Bragðgott og meyrt ungnautakjöt. 1/8 hluti inniheldur hakk, gúllas og steikur. Val um snitsel og hamborgara. Verð kr. 3.990 pr/kg. s. 868-7204 www.myranaut.is



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6 m,-2 m-2,1 m-2,5 m-3 m-3,5 m-4 m-4,5 m-5 m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is












**Notuð atvinnutæki til sölu hjá Velti**

Ný og notuð tæki til sölu í miklu úrvali.

Kynntu þér enn meira úrval á veltir.is

Komdu í Hádegismóa 8 eða heyrðu í okkur í síma 510 9100



**LGMG H625 Skotbómulyftari**
- Árgerð: 2025 tæki í ábyrgð
- Notkun: 22 tímar
- Lyftigeta: 2,5 tonn
- Lyftihæð: 6 metrar
- Gafflar
- Skóflar

**Verð 7.200.000 kr. + vsk**



**Dieci Agri Star 37.7 Skotbómulyftari**
- Árgerð: 2024
- Notkun: 264 tímar
- Lyftigeta: 3,7 tonn
- Lyftihæð: 7 metrar
- ELM gaffal og hliðarfærsla
- Skófla

**Verð 11.850.000 kr. + vsk**



**Dieci Agri Plus 42.7 VS Skotbómulyftari**
- Árgerð: 2025
- Notkun: 0 tímar
- Lyftigeta: 4,2 tonn
- Lyftihæð: 7 metrar
- ELM gaffal og hliðarfærsla
- Skófla

**Verð 17.850.000 kr. + vsk**



**Yanmar 95W hjólagrafa**
- Árgerð: 2018
- Notkun: 2.700 tímar

**Verð 9.400.000 kr. + vsk**

Komdu í Hádegismóa 8 eða heyrðu í okkur í síma 510 9100

Alltaf heitt á könnunni í framúrskarandi aðstöðu fyrir bílstjóra og eigendur atvinnutækja.

VELTIR

Hádegismóum 8
Sími 510 9100

veltir.is

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERÐIR

TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Stífluþjónusta Sævars Selfossi

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.
Yfir 20 ára reynsla



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Til sölu Nissan Leaf 40 kWh, rafmagn, árgerð 2021, sjálfskiptur, ekinn 74.000 km. Verð kr. 2.490.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra frá kr. 4.500 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Taðklær. Ásoðnar Eurofestingar.Slöngur fylgja. Verð - 120 cm kr. 220.000 m/vsk. 140 cm kr. 310.000 m/vsk. 160 cm kr. 335.000 m/vsk. s 180 cm kr. 345.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Sjálfsogandi neyðardælur (Trash) 2", 3", 4". Öflugur búnaður með mikla dælugetu, fyrir mjög óhreint vatn og einnig skolp, soghæð allt að 8 m, dæluhæð allt að 30 m. Þessar dælur henta mjög vel til að eiga sem neyðardælur ef von er á miklum vatnsveðrum með tiheyrandi flóðum í kjallara o.fl. Tilvalinn búnaður fyrir sveitarfélög, slökkvilið, hjálparsveitir, verktaka o.fl. Getum skaffað dælubarka á góðu verði. Vélarnar eru af gerðinni Honda með smurolíuöryggi. Framleiðandi: Koshin í Japan. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Dísilhitari 5kw 12,24 og 220v með 4 l eldsneytisgeymi. Öll þjónusta. Verð kr. 58.900. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Ristahlið 2,4x4 metrar. Verð kr. 440.000 +vsk. Ýmsar útfærslur í boði - sjáum um eða útvegum flutning. Búhagur ehf. S. 892-1391 og 691-7036 skard@vesturland.is



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Traktorsdrifnar rafstöðvar ( Argo-Watt ) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Sólarsella 600w Tvíglerja 23% nýtni Verð kr. 39.900.- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Langir gámarampar, fyrir 10 tonn. Heitgalvaniserað stál. Heildarlengd: 2.400 mm. Lengd á lárétum fleti: 1500 mm. Lengd á hallandi fleti: 900 mm. Breidd: 2.200 mm. Passa fyrir venjulega vörugáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang: jhh@hak.is



Bændur og búalið ath. Plast í fjárhús, hesthús, fjós og girðingar. Dren og básamottur, jarðvegsgrindur. Gúmmíhellur, útileiktæki, járnrimlagirðingar, gervigras. Heildarlausnir á leik- og íþróttasvæðum. Jóhann Helgi & Co. jh@johannhelgi.is S. 565-1048.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.

## Dýrahald

Óska eftir að kaupa kanínur af rex-kyni (feldkanínur) eða blendinga af slíkum kanínum. Uppl: ulfsgrama@gmail.com

## Einkamál

BÆNDER Langar þig að taka þátt í einum skemmtilegasta stefnumótaleik landsins? Hafðu samband f. frekari upplýsingar: sigrunpeturs@bondi.is

Einhleypur iðnaðarmaður óskast. Ert þú á aldrinum 45-50 ára, starfar sem iðnaðarmaður og tekur sjálfan þig ekki of alvarlega? Þá gæti ég verið með verkefni fyrir þig. Hún er lágvaxin, ljóshærð íþróttakona. Hún elskar að vera úti í náttúrunni og gera spontant hluti. Verkefnalýsing: Samvera í hinum ýmsu aðstæðum, kossar, knús og annað sem til fellur. Verkefnið er hugsað til lengri tíma, ekki skemmri. Ef þú sérð fyrir þér að ráða við verkefnið, endilega sendu póst á mennt3@gmail.com. Ef þú ert Miðflokksmaður er fallegt hugskeyti alveg nóg.

Eru eldri sénsar enn á sveimi? Þú hittir þá á Landsmóti UMFÍ 50+ í Eyjafjarðarsveit dagana 26. - 28. júní. Sjáumst í partíinu! Allar upplýsingar á umfi.is.

Hæ, vildi láta alla vita að nokkur laga minna eru komin á Spotify og YouTube. Sigurlaugur Oddur Jónsson.

## Jarðir

Jörð, helst með útihúsum, óskast, 200 fm eða meira - Eyðijarðir koma líka til greina. Ætla að starfa sem leirlistamaður á staðnum. Ekki verra að það sé sæmilegt íbúðarhús, þarf ekki að vera stórt. Verð ekki með hefðbundinn búskap en hef áhuga á skógrækt, veiði og fallegri náttúru. Helst kemur til greina jörð á Suður-, Vestur- eða Norðurlandi. Daði, s. 664-0123 eða netfangið: dadi@nyjarviddir.is

## Óska eftir

Óska eftir linguaphone fyrir sænsku eða þýsku. Vinsamlegast hafið samband: sigrunpeturs@bondi.is

Skoða og kaupi: Vínylplötur, frímerki, gömul póstkort, og alls kyns mynt og seðla. Ef þið eigið eitthvað sem er að rykfalla uppi í skáp þá endilega hafið samband í s. 834-5100 eða sendið tölvupóst á gislith@internet.is

Óska eftir standi undir lítið Weber grill. Verður að vera í góðu standi! Sendið skilaboð á speturs@hotmail.com.

Kaupi vínylplötur, CD diska, frímerki, gömul póstkort, mynt og seðla. Safna alls kyns tónlistarefni. Óli s. 784-2410.

Vantar sturtuvagn, 5 tonna, einnar hásinga við dráttarvél, skjólborð mega vanta. Gott að hann væri á Suðurlandi. Hafið samband í s. 893-0935.

## Til sölu

Heimaræktaðar ódýrar trjáplöntur til sölu. Birki, ilmreynir, skrautreynir, loðvíðir, rifsber, sólber, einnig ýmsir runnar og kvistir. Er í Reykjavík. S. 857-7363.

6 stk. hringlaga borð 110 cm með stálfæti. 24 stk. stólar, vel farið kr. 80.000. 59 st. 33 snúninga grammófónplötur 110 stk. 45 snúning. Tólf kasettur kr. 4.000. Samvinnan og fleiri blöð fást gefins, s. 893-3102.

Góðan dag, Til sölu hurðir og sæti af Hondu CRV, árgerð 2005. Óska einnig eftir gömlum Volvo XC90 árgerð 2007 ef einhver ætlar að henda, með góðum sumar og/eða vetrardekkjum. Finnbogi Gunnarsson - finnbogigunnarsson@gmail.com s. 896-0702.

Til sölu 40 feta gámur fullur af nýjum vatnskössum í bíla. Upplýsingar í s. 699-3737 eða vatnsk@simnet.is

## Tilkynningar

Minnum á að lagið um Bændablaðið með Hrúðurkörlunum er á Spotify. „Fyrstur kemur, fyrstur fær.“

# BYGGÐU HEIMILIÐ ÚR ÍSLENSKRI FRAMLEIÐSLU

limtrevirnet.is

## HEIMALUNDUR

**24.500.000 KR**

**155 $m^2$**



Heimalundur er 155$m^2$ staðlað einbýlishús með 3 svefnherbergjum, stofu, eldhúsi, þvottahúsi, bílskúr og geymslu. Húsið er byggt úr límtré og steinullareiningum og útveggir klæddir með álklæðningu, allt framleitt á Íslandi. Með fylgja festingar, gluggar og hurðir til uppsetningar.

Stærð: **155$m^2$**

Lengd: **16,19m**

Breidd: **9,62m**

Vegghæð: **3,18m**

Mænishæð: **4,92m**

Þakhalli: **20°**

1x Bílskúrshurð 2,7 x 2,47m

3x Gönguhurðir

7x Gluggar

Kynntu þér málið frekar

**Sendu fyrirspurn á byggingar@limtrevirnet.is**

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Netfang: byggingar@limtrevirnet.is

Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

# AFLVÉLAR
















GARÐABÆ | SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0000 | www.aflvelar.is